

Unnur Birna Karlsdóttir

# FÓSTUREYÐINGAR Á ÍSLANDI

Íslensk fóstureyðingalöggjöf og áhrif kvennabaráttu  
hérlandis og erlendis á ákvæði laga um fóstureyðingar

BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 1992  
Leiðbeinandi; Sigríður Th. Erlendsdóttir

# FÓSTUREYÐINGAR Á ÍSLANDI

Íslensk fóstureyðingalöggjöf og áhrif kvennabaráttu  
hérlandis og erlendis á ákvæði laga um  
fóstureyðingar

Rannsókn á viðhorfum til fóstureyðinga og fóstureyðingalöggjafar á Íslandi á  
20. öld og aðkomu kvennahreyfinga að þeirri sögu. Einnig skoðaðir til  
samanburðar kaflar úr erlendri sögu og löggjöf víða um lönd.

© Unnur Birna Karlsdóttir. Öll réttindi áskilin. Stafræn afritun eða útprentun  
óheimil án skriflegs leyfis höfundar.

BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 1992  
Leiðbeinandi; Sigríður Th. Erlendsdóttir

## Efnisyfirlit

I. INNGANGUR	4
II. KVENNABARÁTTA FYRIR TAKMÖRKUN BARNEIGNA	6
2.1. Umræðan um getnaðarvarnir og fóstureyðingar verður hluti af kvennabaráttunni í byrjun 20. aldar	6
2.2. „Frjálsar ástir. Erindi um takmarkanir barneigna“	11
III. ÍSLENSK LÖG UM FÓSTUREYÐINGAR	14
3.1. Lög nr. 38/1935 og 16/1938	14
3.2. Konur í öllum stéttum gera þær kröfur „...að þeir losi þær hispurslaust við óvelkomin fóstur sín“	15
3.3. Óöld í heilbrigðiskerfinu	16
3.4. „Vafalaust verður helzta ráðið það að heimila hæfum læknum að liðsinna konum í þessu efni“	18
3.5. Alþingi samþykkir lög um fóstureyðingar	21
3.6. Löglegar fóstureyðingar á Íslandi	25
3.7. Viðbótarákvæði um fóstureyðingar árið 1938	27
IV. NÝJA KVENNAHREYFINGIN	29
4.1. Baráttan fyrir frjálsum fóstureyðingum	29
4.2. Sigrar og ósigrar kvannahreyfinga í Evrópu	30
4.3. Barátta bandarískra kvannahreyfinga fyrir frjálsum fóstureyðingum	34
4.4. Roe v. Wade úrskurður Hæstaréttar Bandaríkjanna	36
4.5. Frjálsleg fóstureyðingalöggjöf tengist ekki alltaf hugmyndum um kvenfrelsi	37
V. ÍSLENSKA RAUÐSOKKAHREYFINGIN	39
5.1. „Fóstureyðingalöggjöfin og sjálfsvörðunarrétturinn“	39
5.2. Rauðsokkahreyfingin studdi frumvarpið um fóstureyðingar árið 1973	41
5.3. Sögur um ólöglegar fóstureyðingar	43
VI. NÝ LÖGGJÖF UM FÓSTUREYÐINGAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1975	45
6.1. Aðdragandi og setning nýrra laga um fóstureyðingar	45
6.2. Umræður um frumvarp um fóstureyðingar á alþingi 1973	47
6.3. Frumvarp um fóstureyðingar á alþingi árið 1974	49
6.4. Breytingartillaga um að alþingi bæri að viðurkenna sjálfsvörðunarrétt kvenna í nýju fóstureyðingalögunum	50
6.5. Alþingismenn álitu að ef ákvörðun kvenna nægði þá myndu þær nota fóstureyðingar sem getnaðarvörn	51
6.6. „hvatskeytlegar ákvarðandir“ þungaðra kvenna	51
6.7. Sjálfsvörðunarréttur er gegn réttindum kvenna	52
6.9. Þröng löggjöf leiðir til ólöglegra fóstureyðinga	58
6.10. Sjálfsvörðunarréttur er hættulegur þjóðfélagshagsmunum. Fóstur er sameign en ekki séreign konu	59
6.11. Félagslegar aðstæður og réttur til lífs	60
VII. LÖG NR. 25 VORU ÓSIGUR FYRIR RAUÐSOKKAHREYFINGUNA	63
7.1. „einhvern tíma fæst sjálfsvörðunarrétturinn í þessu máli“	63
VIII. BARÁTTAN GEGN LÖGUM NR. 25. UM FÓSTUREYÐINGAR	65
8.1. Stjórnarfrumvörp gegn lögum nr. 25/1975	65
8.2. „Réttur kvenna til fóstureyðingar er ein megin forsenda lýðræðislegra réttinda kvenna“	66
IX. LÍFSVON -- SAMTÖK TIL VERNDAR ÓFÆDDUM BÖRNUM	68
9.1. „Þunguð kona hefur ekkert frelsi til að taka líf“	68
9.2. Lífsvon, „samök gegn frelsi kvenna“	70
9.3. Lífsverndarstefna Lífsvonar árið 1991	71
9.4. Lífsverndarstefna í prófkjöri árið 1987	71
9.5. Lífsverndarstefna Borgaraflokksins	72
9.6. Frumvörp um friðheilagt líf	72
9.7. Þær vilja „seilast inn í helgustu vé mannlegs lífs til að fjarlægja afleiðingar gerða sinna með valdbeitingu lögvalds“	77
9.8. „Fóstur kvikna almennt ekki af sjálfu sér“	78
9.9. Dagdraumar fósturs í stjórnþjóðfélagi	78
9.10. „Fósturverndarmálið á Alþingi: enn einn ósigur lífsverndarsinna“	79
9.11. Hagstjórnarsjónarmið og fóstureyðingar	79
X. ÁRÓÐURSSTRÍÐ Í BANDARÍKJUNUM GEGN FÓSTUREYÐINGUM	82
10.1. Baráttan gegn fóstureyðingum	82
10.2. Hryðjuverk gegn fóstureyðingum	83
10.3. Yrði kvannahreyfingin andspyrnuhreyfing?	84

10.4. Kvinnahreyfingum berst liðsauki frá almenningi í baráttunni gegn áhrifum andstæðinga fóstureyðinga	86
XI. KEMUR BANN VIÐ FÓSTUREYÐINGUM Í VEG FYRIR ÞÆR?	88
11.1. Ólöglegar fóstureyðingar	88
11.2. Hvað felur ólögleg fóstureyðing í sér fyrir konur?	90
XII. NIÐURSTÖÐUR	92
VIÐBÆTIR	98
194. grein hegningarlaganna frá árinu 1869	98
Lög nr. 38/1935	98
Lög nr. 16/1938	98
Lög nr. 25/1975	99
HEIMILDASKRÁ	101

DO NOT COPY

# I. INNGANGUR

Þetta er ekki ritgerð með eða á móti fóstureyðingum heldur um viðhorf til lagaákvæða um fóstureyðingar. Megináhersla verður lögð á skoðanir íslenskra stjórnámálanna annarsvegar og skoðanir kvennahreyfinga hins vegar til fóstureyðingalaga. Ritgerðin miðast fyrst og fremst við aðdraganda og setningu laga um fóstureyðingar á Íslandi en þróun fóstureyðingalöggjafar erlendis verður rakin stuttlega til hliðsjónar við þróun mála hérlendis. Einnig leita ég fanga eftir viðhorfum kvennahreyfinga bæði erlendis og hérlendis til laga um fóstureyðingar.

Uppbygging ritgerðarinnar er í grófum dráttum þessi: Annar kafli fjallar stuttlega um upphaf baráttu breskra og bandarískra kvenréttindakvenna fyrir takmörkun barneigna með almenningsfræðslu um getnaðarvarnir og hvernig hennar gætti hér á landi. Varð krafan um fóstureyðingar hluti af baráttu kvenna fyrir takmörkun barneigna? Breyttust áherslur og viðhorf kvennabaráttu til fóstureyðingalaga er leið á 20 öldina?

Þriðji kafli fjallar um aðdraganda og setningu fyrstu íslensku laganna sem heimiluðu fóstureyðingar. Hver samdi þau lög og hvers vegna? Var Alþingi reiðubúið til að samþykkja þau lög?

Í fjórða kafla er rakin, í stuttu máli, baráttu kvennahreyfinga í Vesturlöndum eftir 1970 fyrir frjálsum fóstureyðingum. Á hvaða grundvallarhugmynd byggðist krafa kvennahreyfinga um frjálsar fóstureyðingar?

Í fimmta kafla eru skoðuð viðhorf rauðsokkahreyfingarinnar hér á landi til gildandi laga á Íslandi um fóstureyðingar og helstu rök rauðsokka fyrir nauðsyn á nýrri fóstureyðingalöggjöf.

Í sjötta kafla rakinn aðdragandi að setningu laga um fóstureyðingar á Íslandi árið 1975. Hver voru helstu viðhorf alþingismanna til fóstureyðinga?

Í framhaldi af umfjöllun sjötta kafla um fóstureyðingalögin árið 1975 fjalla sjöundi og áttundi kafli um viðhorf til þessara laga eftir setningu þeirra. Hvert var viðhorf rauðsokkahreyfingarinnar til laganna? Var sátt um lög um fóstureyðingar hér á landi eftir 1975 eða var reynt að þrengja þessa löggjöf aftur? Árið 1982 hvarf rauðsokkahreyfingin af sjónarhóli og samtök um kvennalista tóku upp merki íslenskrar kvennabaráttu. Hvert var markmið kvennalistans gagnvart fóstureyðingalöggjöfinni?

Í níunda kafla er rætt um stofnun samtakanna Lífsvonar og baráttu þeirra gegn lögum um fóstureyðingar.

Tíundi kafli rekur í meginatriðum þá togstreitu sem hátt hefur sér stað um fóstureyðingalöggjöf í Bandaríkjunum síðustu ár. Tilgangurinn með þessum kafla er að varpa ljósi á eftirfarandi spurningar með hliðsjón af þróun mála í Bandaríkjunum: Lýkur baráttu kvennahreyfinga fyrir rétti kvenna til fóstureyðinga við tilkomu laga sem viðurkenna þann rétt? Eða markar slík lagasetning upphaf nýrrar baráttu kvenna um að standa vörð um fengin

réttindi? Hvernig myndu kvennahreyfingar hugsanlega bregðast við banni við fóstureyðingum?

Ellefti kafli fjallar um þá stóru spurningu hvort að bann við fóstureyðingum komi í veg fyrir þær.

Í tólfta kafla eru síðan dregnar saman helstu niðurstöður svara við framangreindar spurningar. Til glöggvunar á ákvæðum íslenskrar fóstureyðingalaga í gegn um tíðina er samantekt á þessum ákvæðum birt í viðbæti aftast í ritgerðinni!

DO NOT COPY

## II. KVENNABARÁTTA FYRIR TAKMÖRKUN BARNEIGNA

### *2.1. Umræðan um getnaðarvarnir og fóstureyðingar verður hluti af kvennabaráttunni í byrjun 20. aldar*

Á árunum eftir fyrri heimstyrjöldina tók kvennabarátta nýja stefnu frábrugðna þeirri sem hugmyndir kvenréttindakvenna nítjándu aldar höfðu einkennst af. Mikilvægur þáttur þessarar nýju hugmyndaefni var áherslan á takmarkanir barneigna og fóstureyðingar. En hvorugt þessara mála var hluti af hugmyndafræði kvennabarátu á síðustu öld. Þvert á móti þá fordæmdu margar konur getnaðarvarnir og fóstureyðingar.<sup>1</sup> Þó svo að konur á fyrstu árum kvennabaráttunnar á seinni hluta 19. aldar væru þeirrar skoðunar að engin kona ætti að vera neydd til að eiga fleiri börn en hún vildi sjálf, þá áttu konur að stjórna barneignum, ekki með getnaðarvörnum heldur með því að forðast kynlíf, tímabundið eða ævinlega. Að vissu leyti endurspeglar þessi viðhorf hreinlífshugmyndir Viktoríutímans. Margar konur 19. aldar hafa líka verið lítt spenntar fyrir kynlífi. Meðganga, fæðing eða fóstureyðing var áhættusöm og sársaukafull og kynsjúkdómar algengir. Auk þess voru þau viðhorf ríkjandi sem ýttu undir skýrlífshugmyndir á þessum tíma, meðal karla og margra kvenna líka, að konur hefðu ekki kynþörf og kynþörf kvenna væri synd. Kvenréttindakonur vantreystu einnig getnaðarvörnum því þær virtust ekki þjóna hagsmunum kvenna. Margar þeirra voru fullvissar um að óttinn við að verða ófrísk væri það sem héldi öllum konum dyggðugum. Ef getnaðarvarnir myndu eyða þessum ótta, yrðu fleiri konur á boðstólum kynferðislega og eiginmenn myndu freistast til að halda framhjá. Heiðarlegar konur yrðu yfirgefnar og fjölskyldur myndu þjást. Flestar konur voru algerlega upp á eiginmann sinn komnar og áttu enga aðra raunhæfa möguleika til að framfleyta sér og börnum sínum. Auk þess höfðu konur á 19. öld, þar á meðal kvenréttindakonur, enga löngun til að brjóta upp sambandið á milli kynlífs og barneigna því þeim fannst að börnin væru það sem héldi fjölskyldunni saman.<sup>2</sup> Á tuttugustu öld breyttust þessi viðhorf smám saman í kjölfar frjálslyndari hugmynda og aukinnar umræðu um kynlíf og barneignir. Frjáls aðgangur að getnaðarvörnum og frjálsar fóstureyðingar áttu eftir að verða þungamiðjan í réttindabaráttu hinnar nýju kvannahreyfingar eftir 1970 og verður komið að þeim þætti síðar í þessari ritgerð.

En víkjum aftur að fyrstu áratugum tuttugustu aldar. Bæði í Bandaríkjunum og á Bretlandi voru hugmyndir um takmarkanir barneigna með notkun getnaðarvarna að ryðja sér til rúms meðal æ fleiri kvenréttindakvenna, einkum þeirra sem tengdust vinstri væng stjórnmalanna. Sumar þeirra tóku takmörkun barneigna inn í kvenna- og stjórnmalabaráttu

<sup>1</sup> Banks, Olive: *Faces of feminism*, 185-189.

<sup>2</sup> Davis, Flora: *Moving the mountain*, 160-61.

sína. Kvinnasamtök stóðu fyrir ráðgjöf og fræðslu um notkun getnaðarvarna, einkum meðal lágstéttanna.

Marie Stopes, sem var ein þekktasta baráttukonan fyrir takmörkun barneigna, skrifaði bókina *Married Love* árið 1918. Sú bók markaði tímamót í umræðunni um kynlíf kvenna, ekki síst sökum þess þáttar sem hún átti í því að brjóta niður þá trú að kynlífsnautn konu væri synd.<sup>3</sup> Björg Þorláksdóttir Blöndal þýddi þessa bók á íslensku árið 1928 og nefnist hún *Hjónaástir*.<sup>4</sup> Íþýðingu sinni bætti Björg kafla við bókina um getnaðarvarnir. Þar fjallar hún í stuttu máli um þær verjur sem dr. Marie Stopes hafði mælt með, svampa, sæðisdrepanði efni, vefjur, hettur og smokka.<sup>5</sup> Björg varð þar með fyrst til að setja á prent fræðslu um getnaðarvarnir fyrir almenning hér á landi.<sup>6</sup>

Árið 1920 stofnaði Marie Stopes fyrstu stofnun sinnar tegundar sem sá um ráðgjöf um getnaðarvarnir. Fleiri fylgdu í kjölfarið, flestar undir merki nýstofnaðra samtaka kvenna, „Society for the Provision of Birth control Clinics.“ Áróður fyrir notkun getnaðarvarna og starfsemi þeirra fjöldamörgu kvenna sem létu sig þessi mál skipta mætti víða andstöðu framan af hjá stjórnvöldum, kirkju og jafnvel læknum, því þessi umfjöllun þótti bæði ósiðleg og óguðleg.<sup>7</sup> En förum ekki nánar út í þá sálma hér heldur snúum okkur að viðhorfum kvinnahreyfingar þessa tíma til hlutverks kvenna.

Kvinnabarátta fyrstu áratugi þessarar aldar einkenndist af þeirri grundvallarhugmynd að hlutverk konu væri fyrst og fremst hjónaband og móðurhlutverk. Þessi áhersla kvinnahreyfingarinnar á móðurhlutverkið festi því hefðbundna heimsmynd um hlutverk kvenna sem mæðra og eiginkvenna í sessi frekar en að skora hana á hólmi. Marie Stopes hafði til dæmis róttækar skoðanir á því að konur ættu rétt á að menntast og þroska sjálfar sig og lifa góðu og gefandi kynlífi en hún var samt þeirrar skoðunar að aðalmarkmið herrar konu í lífinu væri að verða eiginkona og móðir. Þrátt fyrir það að hún trúði því, eins og kvenréttindakonur gera í dag, að líkami konu væri algerlega hennar eigin eign, þá fór hún ekki út fyrir hugarfarsamma sinnar samtíðar og var því mótfallin að konur lifðu kynlífi fyrir hjónaband. Hún var einnig á móti fóstureyðingum.

Áherslan á að létta byrðar kvenna sem mæðra var þungamiðjan í baráttu breskra kvinnahreyfinga fyrir notkun getnaðarvarna. Þær einbeittu sér að bættri félagslegri þjónustu fyrir konur og börn til að reyna að lækka háa dánartíðni ungbarna og sængurkvenna og draga úr ólöglegum fóstureyðingum sem voru hættulegar og drógu margar konur til dauða. Einkum beindu kvenréttindakonur sjónum sínum að aðstæðum verkakvenna sem bjuggu við hörmuleg kjör og fátækt á þessum tímum.

---

<sup>3</sup> Banks, Olive: *Faces of feminism*, 185-189.

<sup>4</sup> Kristín Ástgeirsdóttir: *Fyrst og fremst einkamál kvenna*, 57.

<sup>5</sup> Stopes, Marie: *Hjónaástir*, 153-159.

<sup>6</sup> Kristín Ástgeirsdóttir: *Fyrst og fremst einkamál kvenna*, 57.

<sup>7</sup> Banks, Olive: *Faces of feminism*, 185-189.



Barátta kvannahreyfingarinnar fyrir takmörkun barneigna snérist því fyrst og fremst um að bæta stöðu konunnar sem eiginkonu og móður með félagslegum umbótum. Þessi „velferðar feminismi“, eins og Olive Banks nefnir þessa stefnu, í bók sinni *Faces of feminism*, var róttækur í fyrstu þegar getnaðarvarnir voru taldar siðlausar og óleyfilegar. En þegar notkun þeirra hætti í sjálfu sér að vera rótæk mótmæli við ríkjandi viðhorf heldur varð almenn og viðurkennd og smám saman hluti af opinberri heilbrigðisþjónustu landsins þá tilheyrðu þessi mál þjónustu velferðarkerfisins en ekki lengur kvennabaráttunni sem slíkri. Aðeins í stuttan tíma á þriðja áratugnum má finna hliðstæðu við baráttuáðferð kvannahreyfingarinnar eftir 1960. Kvannahreyfingin var þá undir stjórn rótækra feminista, eins og Stellu Browne og Doru Russell. Þær reyndu að sveigja stefnu verkamanna- og kommúnistaflokksins til móts við kvennabaráttuna. Þær tengdu baráttuna fyrir notkun getnaðarvarna ekki aðeins rétti kvenna yfir líkama sínum, heldur gerðu tilraun, árangurslausu að mestu, til að skora á hólm yfirgnæfandi stjórn karla á verkamannahreyfingunni. Bæði þessi baráttumál, þ.e. að konur eigi að hafa ákvarðanarétt fyrir líf sitt og krafa kvenna um að karlar kæmu til móts við kröfur þeirra, urðu einkennandi fyrir kvannahreyfingu sjöunda og áttunda áratugarins, en hurfu næstum alveg úr umræðunni á fjórða áratugnum.<sup>8</sup>

Kvannahreyfingar beittu sér fyrir takmörkun barneigna en almennt voru þær andvígur fóstureyðingum. Engin skipulögð kvennasamtök voru til á 19. öld og langt fram á þá tuttugustu, sem beyttu sér fyrir fræðslu um fóstureyðingar eða breytingum á lögum um algert bann við fóstureyðingum:

The leaders of the birth control movement not only made no attempt to argue for easier abortion but were deeply anxious to avoid any charge that they had this in mind. From the beginning, birth control techniques were advocated as the most effective means of reducing artificial abortions and infanticide. The Malthusian League, the main vehicle of birth control propaganda, far from supporting abortion, condemned it as a crime, the murder of the child in the womb.

The open advocacy of abortion was pioneered, therefore, not by the birth control movement as such, but by a few of the sexual radicals.<sup>9</sup>

Róttæk kvenréttindakona, Stella Browne, fór opinberlega fram á lögleiðingu fóstureyðinga árið 1915. hún leit svo á að getnaðarvarnir og fóstureyðingar væru nauðsynlegar til að ná árangri í takmörkun barneigna og myndu um leið færa konum vald yfir eigin líkama. Viðhorf Stellu Browne voru langt á undan hennar samtíð þegar á það er litið hve þau líktust viðhorfum kvannahreyfingar sjöunda og áttunda áratugarins. Hún var til dæmis andvíg því að heimild til fóstureyðingar væri bundin vissum skilyrðum heldur krafðist ótvíræðs réttar allra kvenna til að fá fóstureyðingu óskuðu þær þess. Við sjáum því hve snemma krafan kom fram

<sup>8</sup> Banks, Olive: *Faces of feminism*, 189-191.

<sup>9</sup> Banks, Olive: *Faces of feminism*, 191.

um frjálsar fóstureyðingar háðar engu nema vilja kvenna sjálfra þó svo að hún hafi síðan legið í láginni uns á sjöunda áratugnum!

Eftir fyrri heimstyrjöldina reyndu Stella Browne og fleiri konur að sameina baráttuna fyrir lögleiðingu fóstureyðinga baráttunni fyrir takmörkun barneigna en það mistókst vegna sterkrar andstöðu innan kvannahreyfingarinnar gegn fóstureyðingum. En á fjórða áratugnum fóru vindar að blása úr öðrum áttum og fóstureyðingar mættu ekki sömu andstöðu og áður. Ástæðan var aðallega hve margar konur létust af barnsförum og ólöglegum fóstureyðingum. Árið 1936 voru stofnuð fámenn samtök kvenna sem kölluðu sig „Abortion Law Reform Association“, skammstafað ALRA. Að ALRA stóðu Stella Browne og fleiri konur sem vildu setja baráttuna fyrir löglegum fóstureyðingum á oddinn. Allar höfðu þær róttækar stjórnámálaskoðanir, voru frjálslyndar í trúarskoðunum og eldheitar kvenréttindakonur.

En tímarnir voru að breytast. Umræðan um fóstureyðingar einskorðaðist ekki lengur eingöngu við róttækar kvenréttindakonur. Nýr þankagangur var að ryðja sér til rúms hjá samtökum breskra lækna. Árið 1935 var sett nefnd til að fjalla um fóstureyðingar. Hún lagði til að sett yrðu lög sem heimiluðu fóstureyðingu í nauðgunartilfellum eða ef líkamlegri og andlegri heilsu móður væri hættu búin við meðgöngu og fæðingu. Einnig ef sterkar líkur væru á því að barnið hlyti alvarlegan sjúkdóm í erfðir. Íkjölfarið fylgdi stjórnskipuð nefnd, árið 1939, og fjallaði hún um málið á svipuðum forsendum. Þó hafði hún uppi efasemdir um að leyfa fóstureyðingu vegna nauðgunar því kona gæti borið rangan vitnisburð.

Umræðan um fóstureyðingar stefndi þannig hægt í áttina til setningar laga en enn var langt í land að slík lög yrðu sett á Bretlandi. ALRA kvennasamtökin urðu aldrei nógu öflug til að ná árangri sem þrýstihópur fyrir lögum um fóstureyðingar og tókst ekki að laða til sín nýja meðlimi. Þetta var veikleiki sem einkenndi sjálfa kvennabaráttuna á þessum tíma og því ekki að undra að það var ný og yngri kynslóð kvenna sem átti eftir að yfirtaka kvannahreyfinguna og breyta hugmyndafræði hennar. Sú kynslóð hafði aðrar skoðanir en fyrirrennarar þeirra og aðrar aðferðir. Þær konur sem tóku við kvannahreyfingunni snemma á sjöunda áratugnum lögðu grunninn að kvennabaráttunni um og upp úr 1970 sem gerði fóstureyðingar að grundvallaratriði í baráttu kvenna fyrir þeim rétti að fá að ráða sjálfar yfir líkama sínum.<sup>10</sup>

Olive Banks segir að umræður um fóstureyðingar á fjórða áratugnum voru fyrst og fremst læknisfræðilegar. Rökin með fóstureyðingu byggðust eingöngu á heilsu móður eða barns. Barátta ALRA var einnig á þessum nótum. Kvenréttindakonur lögðu áherslu á það að ef fóstureyðingar yrðu leyfðar með lögum myndu færri konur deyja vegna meðgöngu og fæðingar. Þær beyttu því sömu rökum og lækna voru að taka upp. Kannski var það vegna þess að þær töldu að slík rök yrðu árangursríkust.

Undoubtedly, it was reasons such as this that swayed members of the medical profession in its favour, as well as the desire to bring all abortions under medical control. The knowledge that the well-to-do could already buy illegal abortions so that existing law pressed chiefly

---

<sup>10</sup> Banks, Olive: Faces of feminism, 191-193.

on the poor was another factor in changing opinion in favour of law reform. Moreover, while some were certainly motivated by sympathy for the weak and oppressed, others were moved by the eugenic issues involved and were concerned to make abortion, as they had done birth control, an aspect of eugenic policy. ... therefore, much of the case for the legalizing of abortion had little to do with feminism as such.<sup>11</sup>

Olive Banks segir að þessi síðasta athugasemd sín þýði ekki að umræða þessa tíma um fóstureyðingar hafi verið úr tengslum við þarfir kvenna en hins vegar tengist umhyggja fyrir velferð kvenna í sjálfu sér ekki endilega kvennabaráttu heldur getur þvert á móti jafnvel bundið konur enn fastar við hefðbundið hlutverk sitt. Þetta gerðist með kvennahreyfinguna á fyrstu áratugum aldarinnar, segir Olive Banks. Eftir 1960 voru konur því í þeirri aðstöðu að þurfa að endurskoða umræðuna um getnaðarvarnir og fóstureyðingar til að geta tengt þessi málefni lífi kvenna í víðara samhengi heldur en aðeins heilsufarslegum velfarnaði þeirra sem mæðra. Umræðan um fóstureyðingar tók á sig fullkomlega nýja mynd með tilkomu nýju kvennahreyfingarinnar. Mynd sem var gjörólík öllu öðru sem kvennahreyfingar höfðu fengist við fram að því.<sup>12</sup> Nánar verður komið að því í fjórða kafla ritgerðarinnar.

Hverfum eitt andartak til Bandaríkjanna í upphafi þessarar aldar. Það er ekki hægt að fjalla um umræðuna um takmörkun barneigna þar án þess að geta Emmu Goldman rússnesku konunnar sem var anarkisti og þótti svo róttæk að hún var jafnvel kölluð hættulegasta kona heims.<sup>13</sup> Hún hélt opinberan fyrirlestur um getnaðarvarnir í New York í mars 1915. Konur höfðu haldið almenna fyrirlestra um getnaðarvarnir í mörg ár en almennt tal var eitt en að segja beint hvernig ætti að fara að var annað. Slík kynfræðsla var glæpsamleg. Emma hélt fyrirlestur fyrir um sex hundruð áhorfenda, karla og konur og útskýrði, í fyrsta sinn í sögu gervallra Bandaríkjanna, hvernig ætti að fara að því að nota getnaðarvarnir. Yfirvöld urðu æf og handtóku hana og settu í fangelsi í 15 daga. Blaðakona lét þessa athugasemd falla vegna þessa atburðar; "Emma Goldman was send to prison for advocating that women need not always keep their mouths shut and their wombs open."

Strax og Emma losnaði úr þrúndinni ferðaðist hún víðsvegar um Bandaríkin og flutti fyrirlestra um notkun getnaðarvarna. Hún var margsinnis handtekin og við yfirheyrslur snéri hún réttarsöluum upp í kappræður um rétt kvenna yfir líkama sínum, þangað til að jafnvel dómarmar fóru að líta málefnið um takmarkanir barneigna öðrum augum.<sup>14</sup>

Í Bandaríkjunum fylgdi baráttan fyrir löglegum fóstureyðingum svipaðri braut og á Bretlandi. Þær konur sem beittu sér fyrir notkun getnaðarvarna létu umræður um fóstureyðingar eiga sig að mestu. Árið 1913 varði kvenréttindakonun Margaret Sanger rétt konu til fóstureyðingar en hún hvarf síðan algerlega frá þeirri hugmynd og nefndi hana ekki framar. Andstætt því sem gerðist á Bretlandi þegar kvenréttindakonur stofnuðu ALRA árið

<sup>11</sup> Banks, Olive: Faces of feminism, 193.

<sup>12</sup> Banks, Olive: Faces of feminism, 193-194.

<sup>13</sup> Goldman, Emma: The traffic in Women, 5-6.

<sup>14</sup> Goldman, Emma: The traffic in Women, 13.

1936 þá kom engin krafa frá bandarískum kvenréttindakonum um breytingu á lögum um fóstureyðingar fyrr en með nýju kvennahreyfingunni á sjöunda áratugnum. Fyrsta skrefið í þá átt að rýmka lög um fóstureyðingar í Bandaríkjunum var ekki stigið fyrr en árið 1959. Það var ekki kvennahreyfing sem steig það skref heldur "the American Law Institute", sem lagði til að fóstureyðing væri heimil ef heilsa móður væri í hættu, fósturið alvarlega veikt líkamlega eða andlega eða ef um nauðgun eða sífjaspell væri að ræða.<sup>15</sup> Frá því í byrjun 20. aldar voru fóstureyðingar yfirlýstur glæpur í öllum fylkjum Bandaríkjanna nema þegar hún var gerð til að bjarga lífi konu.<sup>16</sup>

## 2.2. „Frjálsar ástir. Erindi um takmarkanir barneigna“

Umræðunnar um kynlíf og getnaðarvarnir erlendis gætti hér á landi þegar leið á öldina. Árið 1931 var tímamótaár hvað snertir fræðslu hér á landi um takmarkanir barneigna.<sup>17</sup> Þá flutti Katrín Thoroddsen læknir opinberan fyrirlestur um takmarkanir barneigna. Það var fyrir beiðni Jafnaðarmannafélags Íslands að hún tók saman þetta erindi og flutti á fundi félagsins. Hún endurtók svo fyrirlesturinn í Guðspekifélaginu í Reykjavík. Í bæði skiptin var húsfullir. Fyrirlesturinn vakti slíka athygli að hún flutti hann í útvarp og gaf hann síðan út á prenti undir titlinum „Frjálsar ástir. Erindi um takmarkanir barneigna.“

Katrín segir í fyrirlestri sínum að umræðunni um kynlíf, getnaðarvarnir og barneignir verði ekki aftur snúið né hún þöggud niður þrátt fyrir viðleitni ýmissa til þess, t.d. valdhafa og kirkju í nokkrum löndum.<sup>18</sup> „Þá hafa margir,“ segir hún, „einkum karlmenn, mjög á móti því að konan geti ráðið því, hvort hún verði barnshafandi eða ekki, af þeirri ástæðu að slíkt mundi leiða til jafnréttis karla og kvenna í kynferðismálum.“ Katrín segir það vera sína skoðun að slíkt væri kostur en ekki löstur því hún sjái enga ástæðu til þess að sitthvort siðferðislögmálið gildi fyrir karla og konur. „Þessi mótbára“, segir hún, „mun aðallega sprottin af ótta karlmanna við það, að missa sín hefðbundnu sérréttindi sem herra sköpunarsögunnar, sem undiroka eigi konuna“. Hún segir þessa mótbáru mundu hverfa „... með vaxandi menntun og þroska og kannski hvað helst með auknu fjárhagslegu sjálfstæði kvenna.“<sup>19</sup>

Katrín leggur áherslu á að fræða fólk um kynfærin, bæði í máli og myndum, hvernig getnaður á sér stað og hvernig koma má í veg fyrir hann með notkun getnaðarvarna. Hún fjallar hispurslaust um þær getnaðarvarnir sem fólk hafði úr að moða á þessum tímum, rofnar samfarir, smokk og hettu. Einkum beinir hún máli sínu til kvenna. Hún ítrekar að það sé mikilvægt að þær stjórni því sjálfar hvort þær verði þungaðar eða ekki því að eins og

<sup>15</sup> Banks, Olive: Faces of feminism, 202

<sup>16</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 157.

<sup>17</sup> Kristín Ástgeirsdóttir: Fyrst og fremst einkamál kvenna, 57.

<sup>18</sup> Katrín Thoroddsen: Frjálsar ástir, 5-14.

<sup>19</sup> Katrín Thoroddsen: Frjálsar ástir, 15-16.

veruleikinn sýndi þá væri umönnun barna mest á ábyrgð kvenna, fyrir utan þá hættu sem þær settu sig í á sjálfri meðgöngunni og í fæðingu. Í framhaldi af því fjallar hún ítarlega um notkun hettunnar og hvernig konur geti orðið sér úti um hana hjá lækni. Til að efnalitlar konur gætu nýtt sér slíka lækniþjónustu yrði, að mati Katrínar, að koma á fót stofnun sem veitt gæti fátækum konum slíka þjónustu endurgjaldslaust, líkt og tíðkaðist víða erlendis.<sup>20</sup>

En athyglisverðust fyrir efni þessarar ritgerðar eru eftirfarandi orð hennar úr formála erindisins:

Þá voru þeir ekki allfáir, sem á einhvern óskiljanlegan hátt höfðu komið að þeirri niðurstöðu, að fyrirlesturinn hafi aðallega fjallað um leiðbeiningar til fósturmorða og báðu vinsamlegast ... um lyfjasendingu til að eyða allt frá fárra daga til upp undir 7 mánaða gömlu fósturi.

Katrín segir að svo virtist sem allur almenningur gerði lítinn greinarmun á því hvernig koma ætti í veg fyrir með getnaðarvörnum að fóstur myndast og því að drepa fóstur sem þegar væri orðið til. Henni sýndist samkvæmt þeim bréfum sem hún fékk að fólk væri algerlega fáfrótt um fósturlát. Hún kemur þess vegna inn á þau mál í erindi sínu og segir:

Til dæmis barst mér nýlega bréf frá konu, er biður um sterk meðul til fóstureyðingar; hún kveðst vera búin að reyna, árangurslaust vitanlega: Chinín, Kamfóru, Kreósót, brennsluspritt og sóða í sterku kaffi. Ekki getur hún þess, hvort hún hafi tekið ólyfjan þessa sitt í hverju lagi eða búið til mixtúru úr öllu saman. Þegar þess er gætt, að hér er ekki um neitt einsdæmi að ræða, að það er svo að segja daglegur viðburður, að konur byrli þannig sjálfum sér eitur til að losna við fóstur, -- eitur, sem getur stórskadað þær sjálfar eða jafnvel riðið þeim að fullu, en getur *aldrei* komið að tilætluðum notum, þá er sannarlega ekki vanþörf á að láta prenta með gleiðu lettri: **lyf, sem framkalla fósturlát, þekkjast ekki enn.** Þetta veit fólk ekki og þessu trúir það ekki; það heldur, að læknar lumi á einhverjum undralyfjum, sem ekki þurfi nema 1-2 inntökur af, þá spýtist fósturið út og allt sé í lagi. En að læknar ekki vilji láta það af hendi, sé af einskærri meinsemi; að um lagabrot sé að ræða, virðist enginn taka mark á lengur.<sup>21</sup>

Katrín vill að mönnum sé ljóst að erindi hennar fjallar fyrst og fremst um hvernig hindra megi getnað með getnaðarvörnum. Hún segir marga vera andvíga þeim vegna þess misskilnings að þeir haldi að um fósturmorð sé að ræða. Hún ítrekar hve röng þessi bábilja sé því að getnaðarvarnir komi í veg fyrir getnað svo að ekki þurfi að koma til slíkra „óyndisúrræða ... sem framköllun fósturláta eru.“ Sjálf segist Katrín persónulega hafa óbeit á fóstureyðingum en sér finnst þó að móðir ætti að vera réttþærri „... en það samsafn af frumum, sem um síðir verður kannski lifandi vera.“ Katrínu finnst viðurlög hegningarlaganna frá 1869 við fóstureyðingum vera orðin æði úrelt og mál til komið að fara að ryðja þeim úr

<sup>20</sup> Katrín Thoroddsen: Frjálsar ástir, 16-32.

<sup>21</sup> Katrín Thoroddsen: Frjálsar ástir, 3-4.

sessi fyrir nýrri lögum.<sup>22</sup> Samkvæmt hegningarlögunum er fóstureyðing glæpur og refsing undantekningarlaust fangelsisvist. Ákvæði laganna um fóstureyðingar er á þessa leið:

Óléttur kvennaður, sem af ásettu ráði eyðir burði sínum, eða deyðir hann í móðurkviði, skal sæta hegningarvinnu allt að 8 árum.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem í sama tilgangi brúkar meðöl við móðurina að vilja hennar, og það hefir sömu afleiðingar.

Sé það gjört án vitorðs hennar eða vilja, þá varðar það hegningarvinnu í 4 ár og allt að 16 árum, eða æfilangt, ef mjög miklar sakir eru.<sup>23</sup>

Engu skipti hvort konunni hefði verið nauðgað eða heilsa hennar eða líf væri fyrirsjáanlega í hættu vegna meðgöngu eða barnsburðar, fóstureyðing var bönnuð og saknæm samt sem áður.<sup>24</sup>

En lögin segja oft aðeins hálfu sögu um veruleikann eins og kemur fram í eftirfarandi orðum Katrínar Thoroddsen læknis:

Þó er það orðin hefð, bæði hér og annars staðar, að dómstólarnir láta afskiptalaust, þó að læknar taki fóstur frá konu, ef þeir álíta, að hún heilsu sinnar vegna þoli ekki þá erfiðleika, sem af fæðingunni stafa, en enn sem komið er, er það þó bannað að lögum. Sennilega verður þess ekki langt að bíða, að lög þessi verði numin úr gildi eða lagfærð, því allur almenningur lítur á það sem sjálfsagðan hlut, að móðirin eigi að ráða, að minnsta kosti meðan ekki er myndað líf með fóstrinu, sem kallað er. Og lög sem réttarmeðvitund fólksins ekki viðurkennir, verða sjaldan langgæð eða ættu ekki að vera það.<sup>25</sup>

Það fór eins og Katrín Thoroddsen læknir spáði fyrir í erindi sínu um takmarkanir barneigna, að fóstureyðingarlögin voru tekin til endurskoðunar og þeim breytt. Sá sem það gerði var Vilmundur Jónsson þáverandi landlæknir.

---

<sup>22</sup> Katrín Thoroddsen: Frjálsar ástir, 20-21.

<sup>23</sup> Alþingistíðindi 1869 II, 53.

<sup>24</sup> Alþingistíðindi 1934 A, 123.

<sup>25</sup> Katrín Thoroddsen: Frjálsar ástir, 20-21.

## III. ÍSLENSK LÖG UM FÓSTUREYÐINGAR

### 3.1. Lög nr. 38/1935 og 16/1938

Árið 1934 samdi Vilmundur Jónsson frumvarp til laga um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar.<sup>26</sup> Alþingi samþykkti frumvarpið óbreytt og það gekk í gildi sem lög nr. 38 árið 1935.

Efni frumvarpsins er á þess leið: Í fyrsta lagi ef meðganga og fæðing eru konu hættuleg vegna sjúkdóms er lækni skylt að láta henni í té leiðbeiningar til að koma í veg fyrir að hún verði þunguð. Þrúrum en læknum er bannað að hafa slíkar leiðbeiningar með höndum. Í öðru lagi þá er lækni heimilt, vegna heilsufarsástæðna konu að gera hana ófrjóa með aðgerð æski hún þess. Við mat á heilsufari konu í slíkum tilvikum má taka tillit til félagslegra aðstæðna.

Um fóstureyðingar segja þessi nýju lög þetta:

Fóstureyðing er heimil, ef augljóst þykir, að konu er mikil hættu búin ef hún á að ganga svo lengi með, að barn geti fæðst og haldið lífi. Ef kona hefur gengið lengur með en 8 vikur, skal lækni þó ekki eyða fóstri, nema um því meiri hættu sé að ræða. Við mat á því, hvert tjón er búið heilsu þungaðrar konu má meðal annars taka tillit til þess, ef konan hefur þegar alið mörg börn með stuttu millibili, og ef skammt er liðið frá síðasta barnsburði, svo og til þess, ef, konan á við að búa mjög bágur heimilisástæður vegna ómeðgar, fátæktar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu. Félagslegar ástæður einar út af fyrir sig heimila aldrei fóstureyðingu samkvæmt þessum lögum. Heilbrigðisástæður verða æfinlega að vera fyrir hendi. En ófullnægjandi heilbrigðisástæður geta orðið fullnægjandi til að heimila aðgerðina að viðbættum félagslegum ástæðum.<sup>27</sup>

Þess má geta í framhaldi af þessu að Ísland var fyrsta landið, að Rússlandi undanskildu, sem tók þau ákvæði inn í löggjöf um fóstureyðingar að til viðbótar læknisfræðilegum ástæðum ef þær væru ekki nægilegar einar út af fyrir sig, mætti taka tillit til félagslegra ástæðna við ákvörðun um fóstureyðingu.<sup>28</sup> Í Rússlandi höfðu verið sett ný lög um fóstureyðingar árið 1920.<sup>29</sup> Þau heimiluðu fóstureyðingu vegna félagslegra ástæðna, t.d. ef konur væru orðnar útkeyrðar af barneignum, foreldrar sæu sér ekki fært að sjá stærri fjölskyldu farborða eða ef meðgöngutími, fæðing og ungbarn myndi hindra konuna í að gegna störfum sem ríkið áliti mikilvægari en það að ala barn í heiminn. Til að fá fóstureyðingu þurftu rússneskar konur að fá leyfi sérstakrar nefndar til þess. Fengist þetta leyfi var fóstureyðing framkvæmd endurgjaldslaust á sjúkrahúsum ríkisins.<sup>30</sup>

<sup>26</sup> Vilmundur Jónsson: Með hug og orði, 174.

<sup>27</sup> Alþingistíðindi 1974-75 A.2., 882-883.

<sup>28</sup> Alþingistíðindi 1973-74 B.1., 712.

<sup>29</sup> Coole, Diana H.: Women in political theory, 230.

<sup>30</sup> Lúknablaðið 17. árg. 3. tlb. 1931, 38.

En snúum okkur aftur að íslensku lögunum. Reglur um framkvæmd fóstureyðinga samkvæmt lögum Vilmundar voru þær að slíkar aðgerðir mætti ekki framkvæma nema á viðurkenndum sjúkrahúsum. Skrifleg greinargerð tveggja lækna um nauðsyn fóstureyðingar skyldi liggja fyrir við aðgerð. Skyldi annar viðkomandi lækna vera yfirlæknir sjúkrahússins þar sem fóstureyðingin yrði framkvæmd og hinn læknirinn að jafnaði sá er hafði ráðlagt konunni að fara í fóstureyðingu.<sup>31</sup>

En hvers vegna sá landlæknir þörf á samningu slíkra laga sem ekki aðeins voru nýmæli heldur snertu jafn viðkvæmt og vandasamt mál og fóstureyðingar? Sjáum nánar um það hér á eftir.

### ***3.2. Konur í öllum stéttum gera þær kröfur „...að þeir losi þær hispurslaust við óvelkomin fóstur sín“***

Ástæðurnar fyrir því að landlæknir samdi frumvarp um fóstureyðingar voru í stuttu máli þessar. Hann var á sömu skoðun og Katrín Thoroddsen um að lögin frá 1869 væru orðin úrelt þar sem engin lagaákvæði voru til sem heimiluðu fóstureyðingar, jafnvel þótt lífi og heilsu konu væri hætta búin af barnsburði. Samt sem áður hafði þróunin verið sú að það var almennt viðurkennt að læknum væri heimilt að framkvæma fóstureyðingu ef um líf konu væri að tefla. Þó voru slíkar fóstureyðingar mjög sjaldan framkvæmdar. En á þriðja og fjórða áratug aldarinnar höfðu orðið breytingar þar á, segir Vilmundur, og fóstureyðingum fjölgaði í kjölfar frjálslýndari hugmynda meðal yngri lækna og almennings, einkum í þéttbýli.<sup>32</sup>

Um þetta síbreikkandi bil milli gildandi laga og viðhorfa fólks til fóstureyðinga segir Vilmundur:

Hin óljósu lagaákvæði um þetta hafa þó til skamms tíma ekki verið tilfinnanlega hættuleg, eins og á hefir staðið hér á landi. Þangað til fyrir fáum árum fengu lækna óáreittir að fylgja aldagömlum venjum um þessar aðgerðir, sem engum tvímælum gátu orkað, og gerðu það. Fóstureyðingar lækna eftir vafasömum heimildum máttu heita hér óþekktar fram á síðustu ár, ef ekki bókstaflega óþekktar. Þessi gullöld er nú hjáliðin. Yfir landið er skollin sú alda, sem lengi hefir flætt um önnur menningarlönd, að fleiri og fleiri konur í öllum stéttum, giftar og ógiftar, ríkar og fátækar, siðlátar og léttúðugar, trúaðar og vantrúaðar, og að því er virðist án tillits til pólitískra skoðana, gera þær kröfur til lækna, að þeir losi þær hispurslaust við óvelkomin fóstur sín -- og þau eru ákaflega oft óvelkomin. Læknar, að minnsta kosti kaupstaðalæknar og þó einkum Reykjavíkurlæknar, eiga hér erfiða aðstöðu og í vök að verjast vegna þessara ásókna, og það svo, að fáir munu geta því nærri, nema þeir, sem reynt hafa að því slepptu, að það er svo um lækna sem aðra menn, að þeir eru mismunandi grandvarir og ærukærir.

<sup>31</sup> Alþingistíðindi 1974-75 A.2., 882-883.

<sup>32</sup> Vilmundur Jónsson: Með hug og orði, 176-177.



Vilmundur bætir því við í framhaldi af þessu að tilgangur frumvarps hans, um fóstureyðingar og leiðbeiningar um takmarkanir barneigna, sé að koma lögum og reglu á framkvæmd fóstureyðinga til að taka af allan vafa um það hvað læknum væri heimilt og skylt í þeim efnum og hvað óheimilt.<sup>33</sup>

En var ástandið eins slæmt og landlæknir lýsti því? Lítum nánar á umfjöllun hans um fóstureyðingar á Íslandi fyrir árið 1935.

### **3.3. Óöld í heilbrigðiskerfinu**

Í heilbrigðisskýrslum landlæknis árið 1929 segir að sú læknishjálpi að eyða burði vanfærra kvenna með meira hispursleysi en áður tíðkaðist hafi færst í vöxt í Reykjavík og nágrenni hennar. En þetta sé að mestu óþekkt úti á landi. Landlæknir segir að skýrslur lækna um fæðingarhjálp þegi algerlega um þessi mál en sjúkraskrá St. Josephs spítala í Hafnarfirði gefi hins vegar nokkrar upplýsingar. Þar voru á árinu 1929 til meðferðar 17 fósturlát þar af voru 11 fóstureyðingar.

Í heilbrigðisskýrslum frá öllum sjúkrahúsum á landinu fyrir árið 1930 segir að lækna hafi skafið leg alls 225 kvenna; 84 sinnum vegna fósturláts, 52 sinnum vegna fóstureyðingar og 89 sinnum af öðrum tilgreindum ástæðum. Hins vegar þekkjast naumast dæmi um fóstureyðingar utan Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Akureyrar.

Í heilbrigðisskýrslum ársins 1931 segir að lækna hafi skafið leg 349 kvenna, 97 sinnum vegna fósturláta, 92 sinnum vegna fóstureyðingar og 160 sinnum af öðrum tilgreindum ástæðum. Um þetta segir landlæknir:

Abortus provocatus fleygir mjög fram með hverju ári, og er vel að verið, þegar fóstureyðingarnar verða meira en helmingi fleiri en fósturlátin, eins og á einu sjúkrahúsinu, en á öllum sjúkrahúsunum samanlagt má heita jafnt af hvorutveggja (92 fóstureyðingar, 97 fósturlát). Mun slíkt hlutfall óvíða þekkjast utan Rússlands. Þó er grunsamlegt, að í öðrum liðum töflunnar dyljist enn meira af fóstureyðingum, og jafnvel svo verulegu nemi. Nálgast sum sjúkrahúsin það, að mega heita curettage-kliníkur, ef ekki hreinar abort-kliníkur. [curettage þýðir lækniáðgerð sem felst í því að skafa leg kvenna.] Standa lækna hér á hálu svelli með lögum yfir höfðinu eins og þau eru. Tílefni fóstureyðinga eru greind samkvæmt skýrslum sjúkrahúsanna, og skortir ekki á, að frjállega sé á haldið.<sup>34</sup>

Í bréfi frá landlækni til Læknafélags Íslands árið 1933 lýsir hann áhyggjum sínum vegna þessarar miklu aukningar á fjölda fóstureyðinga ár frá ári á sjúkrahúsunum sjálfum. Ástandið væri auk þess mun alvarlega en tölurnar bentu til:

Nú eru engar skýrslur til um það, hvað gerist í þessum efnum utan sjúkrahúsanna, en um það ganga ófagarar sögur, og á þá leið, að lækna hér í Reykjavík geri talsvert af þessum

<sup>33</sup> Alþingistíðindi 1934 A, 124.

<sup>34</sup> Alþingistíðindi 1934 A, 126-128.

aðgerðum á hlaupum á lækningarstofum sínum, og láti konurnar ganga heim þegar á eftir -- sem verður að teljast til glæfraverka -- enda fylgir sögunum, að dæmi séu til, að slyss og jafnvel mannslát hafi hlotizt af.<sup>35</sup>

Landlæknir segir það vera greinilegt að fjöldi fóstureyðinga ykist með geysihraða hér á landi. Árið 1930 hafði verið eytt 52 fósturum en árið eftir alls 92 fósturum og væri það ca. 77% aukning á einu einasta ári. Á fimm ára tímabilinu 1926-1930 var á St. Josephsspítala í Landakoti eytt 95 fósturum öll árin eða að meðaltali um 19 fósturum á ári. En á árinu 1931 hafði verið eytt 50 fósturum þar sem svaraði til 163% aukningar. Árið 1930 voru fóstureyðingar á öllum sjúkrahúsum landsins í hlutfalli við fósturlát 62% en árið 1931 95%.

Landlæknir ítrekar áhyggjur sínar af þessum málum með því að benda á að skýrslur segi ekki alla söguna því að líklegt sé að undir öðrum sjúkdómsgreiningum dyljist fjöldi fóstureyðinga. „Má benda á“, segir landlæknir, „að á Landsspítalanum eru á árinu 1931 aðeins 31 sinni skafin leg af ýmsum ástæðum, en á Landakoti 103svar sinnum, í smáholum eins og í Sólheimum í Reykjavík 72svar sinnum og á Hafnarfjarðarspítala 77 sinnum. Gefur urmull þessara aðgerða óneitanlega tilefni til nokkurrar tortryggni“, bætir hann við.<sup>36</sup>

Í heilbrigðisskýrslu ársins 1932 eru birtar tölur um 133 fósturlát, 91 fóstureyðingu og 131 legaðgerðir af öðrum tilgreindum ástæðum. Landlæknir segir að þó að fóstureyðingum hafi ekki fjölgað frá árinu áður þá vekji skýrslurnar nokkurn grun um að dylja raunverulegan fjölda fóstureyðinga.<sup>37</sup>

Viðbrögð kaþólsku nunnanna við upplýsingum landlæknis um fjölda fóstureyðinga á sjúkrahúsum þeirra urðu til þess að þær lokuðu fyrir slíkar aðgerðir, eins og segir hér í bréfi landlæknis til Læknafélags Reykjavíkur árið 1933:

Mér er tjáð, að forráðamenn tveggja sjúkrahúsa, þ.e. sjúkrahúsa St. Josephs systra í Hafnarfirði og í Reykjavík, hafi nú lagt bann við því, að á þeim sjúkrahúsum megi fara fram fóstureyðingar (abortus provocatus). Þetta eru þau tvö sjúkrahús, þar sem mest hefir verið gert af þessum aðgerðum á undanförunum árum, og hefi ég áður vakið athygli yðar á því ... hversu völtum fæti læknastéttin, einkum hér í Reykjavík, stendur í fóstureyðingarmálunum, bæði með tilliti til gildandi löggjafar og þess, sem almennt eru taldir góðir siðir með læknum.<sup>38</sup>

Samkvæmt heilbrigðisskýrslum fjölgaði fóstureyðingum á árunum kringum 1930. Gamli lagabókstafurinn var talinn ófullnægjandi eins og áður hefur komið fram og margir læknar ákváðu sjálfir hvað þeir töldu vera rétt í þessum málum burtséð frá lögum.<sup>39</sup> En olli lögbann við fóstureyðingum því að konur fóru aðrar leiðir en til lækna til að láta eyða fósttri? Þekktust skottulæknar? Þessu svarar Vilmundur Jónsson landlæknir neitandi:

<sup>35</sup> Alþingistíðindi 1934 A, 129.

<sup>36</sup> Alþingistíðindi 1934 A, 128.

<sup>37</sup> Alþingistíðindi 1934 A, 131.

<sup>38</sup> Alþingistíðindi 1934 A, 131.

<sup>39</sup> Alþingistíðindi 1974-75 A.2., 883.

In spite of this state of affairs, it is almost unknown for women in Iceland to attempt to produce abortion themselves and unqualified abortionists are also non-existent, all kinds of quackery being strictly prohibited by law.<sup>40</sup>

Það er þó ljóst af orðum Katrínar Thoroddsen hér að framan að konur reyndu ýmis örþrifarad til að reyna að losa sig við óvelkomin föstur þó svo þær tilraunir hafi einkennst af þjóðsagnakenndum húsráðum en ekki föstureyðingum framkvæmdum af fúskurum.

### **3.4. „Vafalaust verður helzta ráðið það að heimila hæfum læknum að liðsinna konum í þessu efni“**

Íslenskir lækna framkvæmdu föstureyðingar fyrir árið 1935 þó þær væru bannaðar með lögum og ströng refsíákvæði giltu þar um. Það hlýtur þó að hafa verið komið á óskráð samkomulag milli lækna og dómskerfis um þessi mál því að lækna fjalla um þær opinberlega í ræðu og riti. En hver voru viðhorf íslenskra lækna á fjórða áratugnum til föstureyðinga? Föstureyðing var lögbrot en samt framkvæmd, hvers vegna? Voru uppi spurningar eins og um rétt fösturs og rétt konunnar? Í hvaða tilvikum fannst læknum föstureyðing réttmæt og hvenær ekki?

Í þriðja tölublaði læknaþláðsins 1931 er birt orðrétt erindi prófessors Guðmundar Thoroddsens um föstureyðingar sem hann hafði flutt í Læknafélagi Reykjavíkur. Í greininni, sem ber titilinn „Abortus provocatus“, segir Guðmundur m.a. að hann sé hlynntur því að kona fái föstureyðingu ógni meðganga heilsu hennar vegna einhvers sjúkdóms, t.d. berkla. En hann ítrekar að rétt væri, vegna strangra lagaákvæða gegn föstureyðingum (hegningarlög frá 1869), að vera mjög varfærin við þess háttar aðgerðir og gera þær helst ekki nema í samráði við annan lækni. Og þá helst lækni sem væri sérfræðingur varðandi þann sjúkdóm sem kona hefði. Væri þessi varúð höfð, „þá mun læknum óhætt og þá þarf ekkert pukur við það að hafa.“<sup>41</sup>

Hann segir einnig að á seinustu árum hafi krafa fólks um að stjórna barneignum sínum orðið æ háværi. Fólki þætti meira að segja ekki nóg að nota verjur heldur vildi líka hafa rétt á að framkalla fösturlát þó svo að ekkert gengi að konunni líkamlega. Guðmundi þykir þetta greinilega of langt gengið og segir:

Þetta eru kölluð mannréttindi, konan á að ráða yfir líkama sínum að öllu leyti og vera sjálfráð um það, hvort hún vill fæða af sér barn eða ekki, og það jafnvel þó að föstur sé lifnað með henni.

<sup>40</sup> Vilmundur Jónsson: Með hug og orði, 177.

<sup>41</sup> Læknaþláðið 17. árg. 3. tlb. 1931, 35-38.

Hann samsinnir því að þetta væru aukin réttindi fyrir konuna en um leið missti fóstrið öll mannréttindi sem það hefði haft frá ómunatíð. Hann bætir því við eins og um gálgafrest væri að ræða, að hvergi væri þó svo langt komið „að þessi réttindi konunnar séu viðurkend með lögum.“ Næst því að viðurkenna þennan rétt konunnar kæmist Rússland, segir Guðmundur.<sup>42</sup>

Guðmundur er þeirrar skoðunar að spurningin um rétt konu til fóstureyðingar sé miklu fremur þjóðfélagslegs eðlis en læknisfræðilegs þegar staðið væri frammi fyrir þeirri spurningu „... hvort leyfa skuli konum að losa sig við fóstur, þótt þeim stafi ekki bein líkamleg hætt af því að ganga með barn eða ala það.“ Hann telur hætt við því að íslenskar konur, líkt og væri að gerast í öðrum löndum, færu að krefjast fóstureyðinga án þess að heilsubrestur kæmi til. Að minnsta kosti léki enginn vafi á því að á seinustu árum væri þeim konum alltaf að fjölga sem vildu „losa sig við fóstur, og ganga sumar hverjar frá einum lækni til annars, og þræbiðja þá um að vera sér hjálplega til þess.“ Enn væri ekki farið að tala opinberlega um fóstureyðingar á Íslandi en sennilega væri þess ekki langt að bíða. „Við fylgjumst með tíðarandanum í því eins og öðru,“ segir Guðmundur, „og auðvitað verða lækna þá að láta það mál til sín taka, eins og aðrir borgarar þjóðfélagsins.“ Honum finnst þó að krafan um fóstureyðingar ætti síst af öllu að koma frá læknum því þeir yrðu þeir einu sem hefðu af því atvinnu og tekjur.

Fóstureyðingar vegna félagslegra ástæðna eru greinilega til umfjöllunar innan læknastéttarinnar á þessum árum því að Guðmundur fjallar ítarlega um álit sitt á því. Hann segir sína skoðun vera þá að þjóðfélagið ætti í lengstu lög að reyna að koma í veg fyrir „abortus provocatus, vegna social-indikationa, en stefna fremur að því, að reyna að fækka social-indikationunum.“ Margar stúlkur reyndu allt sem þær gætu til að losa sig við fóstur vegna þeirrar vansæmdar sem það þætti að eiga barn í lausaleik og örðugleika þeirra við að sjá fyrir barni sínu. „Þarna liggur nær að reyna að breyta hugsunarhætti þjóðarinnar og reyna að hjálpa betur ógiftum mæðrum, sem eiga fyrir barni að sjá.“ Guðmundi finnst að þeim giftu konum sem reyndu að „... losna við fóstur, vegna örðugleikanna, sem því eru samfara að ganga með barn, og vegna yfirvofandi fátæktar, sem mikil ómegð veldur“, ætti þjóðfélagið að hjálpa með öðru móti en því að drepa fósturin. Hann er reyndar alfarið á móti fóstureyðingum af félagslegum ástæðum og telur þær ótímabærar eins og fram kemur í eftirfarandi orðum hans:

Hér á Íslandi er ennþá nóg landrými fyrir miklu fleira fólk en hér er, en hætt er við, að fólksfjölgunin yrði ekki mjög mikil, ef leyft væri að eyða fósturum að ósekju. Fyrst og fremst færu þar forgörðum öll þau fóstur, sem leyft væri að farga, en þar að auki milu fleiri, sem ekki fengist leyfi fyrir, því að aðferðirnar myndu fljótt lærast og nógir fengjust til þess að vinna sér inn peninga með því móti, þegar það væri jafnvel ekki lengur talin synd að farga fósturi, og margar konur myndu þá eins vel fara til þeirra, sem gerðu þetta í laumi, annaðhvort af því, að þær kærðu sig ekki um það, að bera málið undir „nefndina“, eða óttuðust að nefndin myndi ekki leyfa sér það af eintómri meinsemi við sig.

<sup>42</sup> Lúknablaðið 17. árg. 3. tlb. 1931, 38.

Meðan ekki er búið að löghelga abortus provocatus af social-ástæðum, er það mjög einfalt mál, hvernig læknum ber að haga sér. Þeir mega alls ekki framkvæma fósturlát, nema samkvæmt ströngum læknisfræðilegum ástæðum.<sup>43</sup>

Í erindi fluttu á aðalfundi Læknafélags Íslands árið 1932 sem birt var í Læknablaði sama árs ítrekar Guðmundur Thoroddsen orð sín frá því árinu áður um að grundvallarmunur sé á læknisfræðis- og félagslegum ástæðum fyrir fóstureyðingu. Þeir væru nú fáir sem neituðu réttmæti fóstureyðingar ef heilsu konu væri hætta búin af meðgöngu og barnsburði, segir hann, enda hætt við að fósturinu væri, í slíkum tilvikum, hætta búin vegna þess sjúkdóms sem móðirin gengi með. Því væri það oft undir hælinn lagt hvort fósturið lifði þó að reynt væri að halda í það. Þó virtist, heldur Guðmundur áfram, að læknisfræðilegar forsendur fyrir fóstureyðingu væru alltaf að þrengjast í mati lækna eftir því sem læknisfræði fleygði fram. „... og því verður sjaldnar og sjaldnar ástæða til þess að framkalla abort af heilsufarslegum ástæðum, þar sem fleiri og fleiri kvilla er hægt að lækna, án þess að grípa til þess óyndisúrræðis sem abortus provocatus er.“

Guðmundur Thoroddsen segist ekki vilja dæma um það sjálfur hvort fóstureyðing sé rétt eða röng, en gerir hann það ekki samt sem áður í eftirfarandi orðum:

Ég ætla ekki að ræða um það eða dæma um, hvað er siðferðislega rétt eða rangt í þessu máli, og hvað er synd eða ekki synd, en vil aðeins benda á það, að frá því augnabliki, að egg og sæði hafa sameinast, er nýr einstaklingur til orðinn, og það hefir alltaf þótt helsta hlutverk læknisins að reyna að varðveita líf þeirra einstaklinga, sem hann er til kallaður.<sup>44</sup>

Vilmundur Jónsson landlæknir segir, árið 1934 í greinargerð með frumvarpi sínu um fóstureyðingar, að ástandið á framkvæmd þeirra væri í ólestri og þörf skipulagningar og eftirlits þar á að mati margra lækna. Krefjast yrði endurskoðunar á ákvæðunum um fóstureyðingar frá árinu 1869 og samræma þau hugsunarhætti og þekkingu samtímans. Það væri áriðandi að lækna kæmu sér saman um höfuðreglur í þessum málum á meðan lög í samræmi við tíðarandann skorti því að ábyrgðin af framkvæmd fóstureyðinga í trássi við lög hvíldi á þeim. Ríkjandi ástand væri einnig orðið óviðunandi því að samræmdar reglur milli lækna skorti algerlega:

Það er óverjandi ástand, að annað eins skuli geta átt sér stað og það, að kona kemur til vel metins lækis, ber upp fyrir honum kveinstafi sína og kröfur, og fær það svar, að hún sé að biðja um það, sem jafngildir manndrápi, er við liggja margra ára fangelsi (sem raunar engin kona skilur), en næsti læknir, sem hún hittir, og er ekki síður vel metinn, sinnir aftur á móti kröfu hennar jafngreiðlega og beðið sé um að draga út skemmda tönn. En annað eins og þetta er engan veginn dæmalaust. Og eru lækna úti á landi farnir að fá þau svör, er þeir láta konur synjandi frá sér fara, að þetta sé gert í Reykjavík. Þangað fara þær svo stundum, sem á því hafa ráð, og koma aftur eftir full erindislok.

<sup>43</sup> Læknablaðið 17. árg. 3. tlb. 1931, 38-39.

<sup>44</sup> Læknablaðið 18. árg. 8. tlb. 1935, 100-102.

Ennfremur segir í greinargerð landlæknis að konurnar í landinu ættu heimtingu á að fá að vita hvað í þessum málum væri rétt eða rangt og hvað óleyfilegt eða leyfilegt. Eins og málum væri háttað gætu þær ekki gert sér grein fyrir því enda ekki von þegar störf lækna væru svona ósamræmd. Fóstureyðingamálin væru þó ekki komin í slík óefni hér á landi eins og víða erlendis en til þess myndi þó koma ef ekki kæmu fljótlega reglur um fóstureyðingar:

Vafalaust verður helzta ráðið það, að heimila hæfum læknum að liðsinna konum í þessu efni,... Að öðrum kosti hlýtur að fara svo, hér sem annarsstaðar, að konur falli unnvörpum í hendur ræningja, óvandaðra lækna, sem gera sér neyð þeirra að féþúfu, eða skottulækna, sem skaða þær í tilbót.

Sennilega hafa ýmsir læknar hér í Reykjavík séð þessa nauðsyn og fyrir hana talið sér skylt að fara ekki jafneinstrengingslega eftir bókstaf laganna og þeir mundu annars hafa gert. En óneitanlega væri betur sæmandi fyrir læknastréttina að leggja kapp á að fá lagabókstafnum breytt en að vinna þessi verk alltaf í trássi við landslög og rétt, oft undir ýmsu málamyndayfirskini og stundum jafnvel í ógeðslegu pukri eins og hver önnur óbótaverk.<sup>45</sup>

### ***3.5. Alþingi samþykkir lög um fóstureyðingar***

Áður nefnt frumvarp landlæknis mætti lítilli andstöðu á alþingi. Þingmenn voru í meginatriðum fylgjandi frumvarpinu. Þeir studdu þá skoðun landlæknis að setning slíkra laga væri nauðsynleg til að koma lögum yfir þær ólöglegu fóstureyðingar sem stundaðar væru í landinu. Mestan andbyr hlaut frumvarpið hjá Guðrúnu Lárusdóttur í Sjálfstæðisflokknum, einu konunni á þingi. Hún var eindregið þeirrar skoðunar að engin önnur ástæða en sjúkdómur viðkomandi konu mætti heimila fóstureyðingu. „Ekkert annað á að réttlæta þessar aðgerðir“, segir hún, „Hér er um mannlíf að ræða, þótt ófullkomið sé, en sé því fyrirfarið, lifir ekki viðkomandi maður.“ Hún vill því láta fella niður ákvæði 9. greinar frumvarpsins um að taka megi tillit til félagslegra aðstæðna konu þegar heilsufar hennar til að ganga með og eiga barn er metið.<sup>46</sup> Guðrún telur að með þessu ákvæði væri verið að ganga inn á braut fóstureyðinga og gæti hún ekki leitt til annars en illis eins. „Afleiðingin verður aukin lausung og misþyrming á þeim helgustu tilfinningum, sem móðirin á yfir að ráða.“ Máli sínu til stuðnings vitnar hún í umsögn Ljósmeðrafélags Íslands um 9. grein frumvarpsins. Þar segir:

Hér er smeygt inn í frumvarpið mjög varhugaverðum ákvæðum, þar sem gengið er inn á þá braut, að leyfa fóstureyðingar af félagslegum ástæðum. Teljum vér það mjög hættulegt bæði frá siðferðislegu og -- eftir því sem til hagar hér á voru landi -- þjóðfélagslegu sjónarmiði. Það er að vísu látið svo heita, og er kannske svo hugsað af höfundu fr., að félagslegar ástæður eigi því aðeins að koma til greina, að heilsu konunnar sé að einhverju

<sup>45</sup> Alþingistiðindi 1934 A, 126-127.

<sup>46</sup> Alþingistiðindi 1934 B, 1142.

leyti ábótavant, svo að henni geti stafað einhver hætta, fram yfir það, sem annars væri, af því að ganga með og ala sitt barn. Það getur þó engum dulizt, að þessi ákvæði greinarkaflans eru svo óljós og loðin, að þau má teygja og laga til eins og hverjum og einum þóknast. Teljum vér slík lagafyrirmæli alveg óviðunandi, og það því fremur sem, þau taka til þeirra atriða, sem einmitt er mest um deilt.

Guðrún rekur einnig hvað fundur Bandalags kvenna hafi sagt um fyrirnefnda málsgrein 9. greinar frumvarpsins:

Með þessari málsgr. er farið inn á félagslegar ástæður, sem Bandalag kvenna getur ekki fellt sig við, að komi til greina í þessu sambandi, heldur eigi matið á fóstureyðingum eingöngu að byggjast á sjúkdómi og hættu konunnar sjálf frá burðinum.<sup>47</sup>

Guðrún segist vilja minna alþingi á það að fyrir nokkru hafi verið sett ágæt barnaverndarlög og stofnaðar barnaverndarnefndir og segir að sér þyki mikið ósamræmi í því að svo séu sett lög sem heimili að ráðast megi á óborin börn í móðurkviði og þau deydd af félagslegum ástæðum eins og 9. grein leyfi. „Nei, ég vil,“ segir Guðrún, „að þjóðfélagið tryggi öllum mæðrum heimili og aðra þá aðstöðu, að þær þurfi aldrei að kvíða fyrir að fæða því afkvæmi. Og umfram allt,“ bætir hún við, „að þær þurfi aldrei að grípa til þeirra örþrifaráða, sem fóstureyðing er, vegna erfiðra ástæðna.“<sup>48</sup> Guðrún segist vissulega gera sér grein fyrir að frumvarpið kveði skýrt á um að félagslegar ástæður einar sér komi ekki til greina sem aðalástæður fyrir fóstureyðingu. „En ég vil ekki einu sinni, að þær séu hafðar sem aukaástæður. Ég tel, að með því sé læknum lögð of mikil ábyrgð á herðar, leiddir í of mikinn vanda.“<sup>49</sup>

Haraldur Guðmundsson atvinnumálaráðherra gagnrýnir rök Guðrúnar móti frumvarpinu m.a. með því að tilgangur frumvarpsins væri enginn annar en sá að koma lögum yfir fóstureyðingar í landinu sem skýrslur landlæknis bentu til að væru stundaðar í stórum stíl og ólöglega með öllu:

ég verð því að halda, að það sé fullkominn misskilningur, að frv. sé að ganga inn á fóstureyðingabraut og drepa óborin börn, heldur eigi það að vera þeim til varnar og koma í veg fyrir, að fóstureyðingar verði jafnóskaplega misnotaðar og víða viðgengst. Það er ekkert leyndarmál, að til eru menn, sem í tekjuöflunarskyni gera sér að atvinnu að hjálpa konum til að eyða fóstri, og má segja, að þeir geri það í skjóli svo heimskulegra laga, að þeim sé ekki hægt að beita.

Hann beinir því til Guðrúnar hvort hún viti ekki um eða vilji bara loka augunum fyrir því að miklu meiri hætta væri í aðsigi heldur en komin væri í ljós varðandi fóstureyðingar. Hann segir um þessa yfirvofandi hættu:

<sup>47</sup> Alþingistíðindi 1934 B, 1142-1143.

<sup>48</sup> Alþingistíðindi 1934 B, 1143.

<sup>49</sup> Alþingistíðindi 1934 B, 1152.

Hér hafa ekki aðrir en lækna fengizt við fóstureyðingar, menn, sem fulla þekkingu hafa í þeim efnum. En erlendis er fjöldi þekkingarlausra fúskara, sem við þetta fæst, og stofna því í hættu lífi ógætinna og ófróðra kvenna, sem gefa sig þeim á vald. Veit enginn, hvenær þessi ófögnuður skýtur hér upp kollinum, ef ekki eru í tíma reistar við því rammar skorður.<sup>50</sup>

Um gagnrýni Guðrúnar á ákvæði 9. greinar um félagslegar ástæður segir Guðmundur Halldórsson þetta:

Ég er frúnni sammála, um að þjóðfélagið eigi að bæta úr fátækt fólksins, eftir því sem auðið er, en það má hún vita, ekki sízt vegna starfs síns hjá bænnum, að fátækt og ill aðbúð veldur heilsuleysi margra kvenna, ekki sízt ef þar við bætast örar barnsfæðingar. Það er því ekki nóg þegar meta á aðstöðu konunnar til að ala barn, þó hún sé ekki haldin neinum ákveðnum sjúkdómi, heldur verður að taka tillit til, hvert tjón heilsu konunnar muni vera af því búíð. Þegar um fóstureyðingu er að ræða, verður því að meta allar þær ástæður, sem geta svipt konuna heilsu eða lífi, þurfi hún að bera fóstur og ala barn. Ég verð því að halda, að engin ástæða sé að fella þessa málsgr. úr frv., því það mundi aðeins rýra gildi þess.<sup>51</sup>

Guðrún svarar þessum rökum Guðmundar Halldórssonar með því að þetta ákvæði væri einungis flutt undir því yfirskini að veita þreyttum mæðrum heilsuvernd. En skýrslur sem hún hefði kynnt sér m.a. frá Noregi, sýndu að það væru ekki fátækar barnakonur sem færu í fóstureyðingu heldur efnaðar konur á besta aldri, enda yrðu það ekki fátæku konurnar sem hefðu efni á að fara í fóstureyðingu.<sup>52</sup>

Guðrúnu telur einnig að frumvarpið hefði ekki verið nægilega undirbúið, t.d. hefði ekki verið hugsað út í hvaða sálrænar afleiðingar fóstureyðing hefði fyrir konur. Hún segist hafa lesið rit, að vísu ekki nýtt, eftir bandaríska konu sem væri sérfróð um þessi mál. Þar segði að fóstureyðing hefði mjög alvarleg áhrif á sálarlíf konu. Einnig vitnar Guðrún í reynslu konu sem hún vissi um sem hefði ung látið eyða fóstri að undirlagi barnsföðursins og ætíð harmað það. Síðan hefði hún verið full sektarkenndar og litið á sig sem morðingja.<sup>53</sup>

Þingmaðurinn Ingvar Pálsson beinir því til Guðrúnar Lárusdóttur að hann telji hana ekki koma fram sem fulltrúa íslenskra kvenna í þessu máli því að ekki væru allar konur á móti þessu frumvarpi. Fyrir allsherjarnefnd sem fjallað hafi um frumvarpið hafi komið umsagnir kvenfélaga um málið og hann yrði að telja að þær væru engu að síður fulltrúar kvenna í landinu. Hann les upp úr bréfi frá Kvenréttindafélagi Íslands til landlæknis til að styðja mál sitt:

Í tilefni af frv. yðar, hr. landlæknir, um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar, viljum vér taka þetta fram: Á 4. landsfundi íslenskra kvenna, sem haldinn var hér í Rvík og boðað var til af K.R.F.Í., var mál þetta til umræðu. ... Umræður urðu miklar um málið, en engin tillaga kom fram, enda þóttust

<sup>50</sup> Alþingistíðindi 1934 B, 1144-1145.

<sup>51</sup> Alþingistíðindi 1934 B, 1147.

<sup>52</sup> Alþingistíðindi 1934 B, 1155.

<sup>53</sup> Alþingistíðindi 1934 B, 1170.



margar af konunum þurfa að hugsa málið betur áður en þær gerðu tillögur um það. Kom það þó skýrt fram, að konunum var ljóst, að hér er hið mesta alvörumál á ferðinni, sem aðkallandi þörf er á, að löggjafarvaldið taki til meðferðar hið allra bráðasta. Enginn efi er á því, að ýmsir fulltrúar landsfundarins mundu vilja ganga lengra en frv. yðar gerir, og leggja það meira á vald konunnar en þar er gert, hvort hún á að ala barn eða ekki, en munu þó naumast telja málið svo undirbúið, að vert sé að hrapa að því.

K.R.F.Í. hefir nú haft frv. yðar til umræðu. Telur það mikla bót að því, að það yrði að lögum frá því, sem nú er, sérstaklega felst í því meiri trygging en áður hefir fengizt fyrir því, að aðgerðir þær, sem hér um ræðir, séu gerðar undir sem tryggustum og beztum skilyrðum. ... K.R.F.Í. telur að vísu vel geta komið til mála, að löggjöf þess eðlis, sem hér um ræðir, gangi lengra en frv. yðar gerir, en telur hinsvegar rétt að fara varlega af stað, ekki sízt á meðan öll þessi mál eru svo ókunnug almenningi, sem þau eru.<sup>54</sup>

Guðrún lætur þennan bréfstur starfsbróðurs síns ekki kveða sig í kútinn og segir að innan kvenfélaganna væru mjög skiptar skoðanir um þessi mál og henni þyki trúlegt að ef til athugunar kæmi þá væru fleiri konur sammála henni en ósammála. „Viðvíkjandi því,“ segir hún, „að ég skoði mig sem fulltrúa kvenna í þessu máli, þá geri ég það í þessu máli sem öðrum, því að ég lít á mig fyrst og fremst sem fulltrúa kvenna hér í þinginu í öllum málum, sem varða á sérstakan hátt málefni kvenna.“<sup>55</sup>

Guðrún styður þó að öðru leyti frumvarpið en telur alla þá umræðu og skrif um kynlíf og getnaðarvarnir sem viðgengist hafi undanfarin ár hafa verið til ills eins og leitt af sér, siðspillingu, lauslæti, kynsjúkdóma og fóstureyðingar.<sup>56</sup> Þessi skoðun hennar er ekki ósvipuð viðhorfum kvenna á 19. öld sem getið var í kafla 2.1. hér að framan.

Guðrún Lárusdóttir er uggandi um að karlmenn myndu misnota fóstureyðingalögin með því að neyða konur í aðgerð til að losna við óvelkomin getnað. Fóstureyðingar myndu því verða vopn í hendi karlmannna til að frýja sig ábyrgð á gerðum sínum.

Guðrún efast einnig um að fóstureyðingar leyfðar innan vissra marka þýði frelsi fyrir konur. Hún vitnar þar í grein norsks kvenlæknis, Elsu Randulf, sem segir að með hinu svokallaða frelsi kvenna til að velja og hafna fóstureyðingu væri verið að leggja á margar konur „... þá verstu fjöttra, sem nokkru sinni hafi verið lagðir á kvenþjóðina.“ Guðrún bendir á að hér gæti því verið hætt á ferðum fyrir konur.<sup>57</sup>

Jónas Jónsson styður frumvarpið og leggur m.a. þetta til málanna:

Það var venja fyrir svo sem 20 árum árum, að feður, sem voru hátt á strái og áttu börn utan hjónabands, sendu ungar varnarlausar stúlkur til útlanda, til þess að láta þær fæða börn á fæðingarheimili, þannig, að þeim var óákveðin framtíð búin, eða þá að þær voru sendar á fóstureyðingastöð. Þetta var ekkert skemmtileg venja. En þegar sjálfstæðistilfinning vor jókst, fór læknastéttin hér að leyfa sér að reka þess iðn, sem er orðin miklu stórfelldari en gr. landlæknis sýnir. Héraðslæknir hér skammt frá Rvík sagði mér, að til hans kæmi árlega fjöldi kvenna, giftra og ógiftra, sem óskuðu, að hann eyddi fyrir þeim fósturi. Hann kvaðst

<sup>54</sup> Alþingistíðindi 1934 B, 1150-1151.

<sup>55</sup> Alþingistíðindi 1934 B, 1153.

<sup>56</sup> Alþingistíðindi 1934 B, 1153.

<sup>57</sup> Alþingistíðindi 1934 B, 1137-38.

þá segja þeim, að til þess hefði hann ekkert leyfi, og færu þær síðan til Rvíkur og kæmu aftur, eins og ekkert hefði að orðið, og ályktaði hann, að fóstunum hefði verið eytt þar.

Rökin fyrir breytingum í þessu efni eru þau, að fyrst þessi venja [fóstureyðingar] er orðin svona útbreidd og fyrst lögin geta engu þar um breytt, þá sé ekkert annað ráð en að breyta l. [lögnum]. Vegna þessarar röksemdar sé ég mér ekki fært að rísa á móti frv.<sup>58</sup>

Jónas Jónsson er sammála Guðrúnu Lárusdóttur um að fella ætti niður málsgreinina um félagslegar ástæður. Honum finnst fóstureyðing vera eðlileg og sjálfsögð ef víst er talið að fóstrið eða móðirin séu veik. En hinar ástæðurnar eru lítils virði segir hann, „... sem oft eru í því fólgnar, að faðirinn er of vel settur til að vilja kannast við barn sitt, og einstöku sinnum líka fátækt. Það voru aðallega þessar mannfélagslegu ástæður, sem ollu því, að konur voru sendar til annara landa, í því skyni að fæða þar börn til að deyja.“ Við fátæktinni væri hægt að gera því það væri fjárhagslegt mál og þjóðfélagið ætti að hjálpa fátækum foreldrum við að koma upp börnum heldur en að bjóðast til að deyða þau í móðurkviði. Jónas Jónsson vísar einnig að þeim viðhorfum sem konur þyrftu ómaklega að þola:

Þá er annað atriði, sem við kemur hinu íslenska mannfélagi, en það er að breyta almenningsálitinu þannig, að konur bíði ekki meira álitstjón en karlmenn við að eiga börn utan hjónabands. ... Þetta og þvílíkt hefir hér á landi verið ein aðalástæðan fyrir þeim fóstureyðingum, sem leikmenn hafa framkvæmt.

Ef hið íslenska mannfélag vildi vera réttlátt og hætta að grýta konuna, en láta hana sæta sama dómi og föðurinn, væri stærsta steininum velt úr götu læknanna. Það er þessi óskaplegi dómur, sem konan á yfir höfði sér, sem veldur miklu af fóstureyðingunum. En það er ekki hægt að breyta þessum dómi með lagaboði, heldur er margt annað, sem hægt væri að gera og mundi breyta afstöðu konunnar, svo sem meira atvinnufrelsi og auknið sjálfstæði.

Í framhaldi af þessu talar þingmaðurinn um þá sálarlegu hættu sem konu stafi af því að láta eyða fóstri, oft einungis til þess að flýja undan hinum þungu dómum samfélagsins. Hann vitnar í efnaða konu sem hann þekki og hafi látið eyða fóstri. Þessi kona hafði sagt honum að hún þjádíst stöðugt af blygðunartilfinningu yfir að hafa morð á samviskunni, auk þess að fá ekki að njóta þeirrar hamingju að ala upp barn.<sup>59</sup>

### **3.6. Löglegar fóstureyðingar á Íslandi**

Lög nr. 38/1935 um fóstureyðingar vöktu mikla athygli erlendis. Þetta kemur fram í upphafsorðum Vilmundar Jónssonar landlæknis í yfirlitsgrein sem hann skrifaði um lögin í breska læknatímaritið *The Lancet* 27. nóvember 1937 þar sem hann segir: „Recent birth-

<sup>58</sup> Alþingistíðindi 1934 B, 1166.

<sup>59</sup> Alþingistíðindi 1934 B, 1167-1168.

control legislation in Iceland, which as far as I know is the first of its kind, appears to have aroused considerable interest in medical circles abroad".<sup>60</sup>

Um áhrif laganna segir Vilmundur í fyrrnefndri grein að svo virtist sem þau hefðu haft þau áhrif sem þeim var ætlað, lækningar og almenningur hefðu nú settar reglur til að fara eftir sem tækju af allan vafa um hvað væri löglegt og hvað ólöglegt í þessum efnum.

Fóstureyðingar færu nú fram á sjúkrahúsum innan ramma laganna. Nýju löggin sköpuðu einnig meira jafnræði meðal kvenna en áður hafði verið því hvaða kona sem væri gæti nú burtséð frá efnahag hennar eða þjóðfélagsstöðu fengið aðstæður sínar metnar hlutlaust.

Vilmundur bendir á að athyglisvert væri að fóstureyðingum hafi fækkað eftir að nýju fóstureyðingarlöggin voru sett. Samkvæmt skýrslum frá öllum sjúkrahúsum voru framkvæmd 91 fóstureyðingar árið 1932, 80 árið 1933 og 54 árið 1934. Landlæknir telur fóstureyðingar á þessu tímabili þó hafa verið fleiri en skýrslur segðu til um, eins og kom fram hér að framan. Því að bæði hefðu lækningar framkvæmt slíkar aðgerðir utan spítalanna og einnig leyndu spítalarnir einhverjum fjölda fóstureyðinga undir annarskonar sjúkdómsgreiningum.

Á tímabilinu frá maí til desember árið 1935 eftir setningu nýju laganna um fóstureyðingar voru framkvæmdar 26 fóstureyðingar. Árið 1936 voru framkvæmdar 33 fóstureyðingar og 26 fyrstu sjö mánuði ársins 1937. Af þeim 59 konum sem gengust undir fóstureyðingu árin 1935-36 voru 50 giftar og 46 þeirra tilheyrðu hinum vinnandi stéttum, eins og landlæknir kallar það, giftar sjómönnum, kaupmönnum og bændum. Algengasta ástæðan fyrir heimild til fóstureyðinga voru berklar (20 tilfelli) sem voru mikil plága á Íslandi á þessum tíma, og fóstureitranir (10 tilfelli). Ástæðan fyrir fóstureyðingu var eingöngu læknisfræðileg í öllum tilfellum, nema í 15 tilvikum var líka tekið tillit til félagslegra aðstæðna, einkum mikillar fátæktar, atvinnuleysis og ómegðar sökum stórrar fjölskyldu.

Samkvæmt eftirfarandi orðum Vilmundar Jónssonar virðast lög nr. 38/1935 ekki hafa valdið neinum úlfabýt:

In our country, I am glad to say, there are no differences of opinion as to legitimacy of birth control, tolerance in religion and other matters being a national characteristic. The same applies to the general attitude towards abortion, though some wish it to be limited to the strict medical indications and others claim that social circumstances should sometimes justify the operation.

Sjálfur segist landlæknir vera þeirrar skoðunar, að vandlega athuguðu máli, að svo erfitt væri að meta félagslegar aðstæður, að minnsta kosti á landi eins og Íslandi, að valið yrði að standa á milli fóstureyðinga af læknisfræðilegum ástæðum eða þá að þær væru algerlega frjálssar. Vilmundur segist ekki álíta að nokkur ábyrgðarfullur einstaklingur myndi líta á frjálssar fóstureyðingar sem æskilegan kost eða jafnvel framkvæmanlegan. Af þessum sökum hafi hann samið reglugerð um heimild til fóstureyðinga af læknisfræðilegum ástæðum en sem

---

<sup>60</sup> Vilmundur Jónsson: Með hug og orði, 174.

málamiðlun þá væri leyfilegt að taka tillit til félagslegra aðstæðna í vissum tilvikum.<sup>61</sup> Eða eins og hann orðaði það í skrifum um málið á ensku:

In other words, social conditions alone never justify abortion under this Act, [lög nr. 38/1935] there must be health indications; but insufficient health indications can justify the measure if there are social reasons as well.<sup>62</sup>

### **3.7. Viðbótarákvæði um fóstureyðingar árið 1938**

Vilmundur Jónsson landlæknir lagði fram lagafrumvarp um afkynjanir, vananir og viðbótarákvæði um fóstureyðingar árið 1937. Þessi nýju ákvæði um fóstureyðingar fela í sér að heimilt er að eyða fóstri ef hætta er á erfðasjúkdómi, andlegum eða líkamlegum. Einnig má eyða fóstri hafi konan orðið barnshafandi vegna nauðgunar.<sup>63</sup> Með því skilyrði þó að konan hafi kært „... fyrir réttvísinni þegar í stað, enda hafi sökunautur verið fundinn sekur um brotið fyrir dómi, og er dómur undirréttar fullnægjandi í því efni.“<sup>64</sup> Þetta atriði felur greinilega í sér að það var dómstólanna að vinna að því að kona fengji fóstureyðingu eftir nauðgun. Þetta ákvæði hefur tvímælalaust verið hugsað sem réttarbót fyrir konur en gallinn er bara sá að það var ekki hugsað nógu langt. Það er líklegt að það hafi oft reynst konum haldlítið og ótraust vegna skilyrðanna um kæru konu og játningu viðkomandi karlmanns.

Landlæknir var bjartsýnn á að þetta frumvarp yrði mótstöðulítið að lögum árið 1938 því að alger eining ríkti um það meðal lækna og allra stjórnmalaflokkanna.<sup>65</sup> Sú varð líka raunin og frumvarpið var samþykkt samhljóða og andmælalaust árið 1937.<sup>66</sup> Og gekk í gildi sem lög nr. 16 árið 1938.<sup>67</sup>

Þetta viðbótarákvæði um fóstureyðingar tekur til heilbrigðisástands fóstursins en lögin frá árinu 1935 miðuðust eingöngu við heilsufar konunnar. Með ákvæðinu um fóstureyðingu vegna nauðgunar var einnig komið í fyrsta skipti inn í íslensk lög um fóstureyðingar, þó í takmörkuðu formi væri, það viðhorf að taka bæri tillit til sálrænnar afstöðu konu til þungunar sinnar.

Tilgangur landlæknis með samningu nýrra fóstureyðingalaga var fyrst og fremst sá að sporna við ólöglegum fóstureyðingum og þá um leið að hafa yfirstjórn á framkvæmd fóstureyðinga í landinu. Lögin fólu í sér læknisfræðilegar umbætur og voru spor í þá átt að að bæta aðstöðu kvenna sem gátu ekki gengið í gegn um meðgöngu vegna heilsufarslegra vandkvæða eða hætta var á að barn þeirra yrði vanheilt. En sá tími átti eftir að renna upp að

<sup>61</sup> Vilmundur Jónsson: Með hug og orði, 177-178.

<sup>62</sup> Vilmundur Jónsson: Með hug og orði, 180.

<sup>63</sup> Vilmundur Jónsson: Með hug og orði, 181.

<sup>64</sup> Alþingistíðindi 1937 A, 181.

<sup>65</sup> Vilmundur Jónsson: Með hug og orði, 181.

<sup>66</sup> Alþingistíðindi 1937 B, 303-307.

<sup>67</sup> Alþingistíðindi 1974-75 A.2., 884.

Íslenskar konur gagnrýndu þessi lög og töldu þau ófullnægjandi og í engum tengslum við þann raunveruleika sem konur byggju við í lífi sínu. Á Íslandi átti eftir að koma fram kvannahreyfing sem krafðist víðtækari heimilda til fóstureyðinga. Förun yfir í næsta kafla og um leið fram um fjörutíu ár. Þetta voru nýir tímar með nýjum hugmyndum, nýjum kröfum og nýrri kvannahreyfingu.

DO NOT COPY

## IV. NÝJA KVENNAHREYFINGIN

### 4.1. Baráttan fyrir frjálsum fóstureyðingum

Kvennahreyfingin eftir 1960 er kölluð nýja kvennahreyfingin vegna þeirrar nýju hugmyndafræði sem henni fylgdi. Hún háði sína kvennabaráttu á öðrum forsendum heldur en kvennahreyfingar fyrir þann tíma. Róttæk kvenfrelsisstefna (radical feminism) átti þar stóran hlut að máli. Einn þáttur þessarar nýju hugmyndafræði var ný skilgreining á stöðu kvenna í þjóðfélaginu. Róttækar kvenréttindakonur voru þeirrar skoðunar að sá líffræðilegi eiginleiki kvenna að geta af sér börn og sú umönnun sem því fylgdi héldi konum í fjötrum og ánauð. Ánauðin stafaði þó ekki af líffræðilegum eiginleikum kvenlíkamans sem slíkum heldur af því að karlmenn hafa notað þessa eiginleika til að stjórna konum vegna þess að þær ganga með börn og annast þau. Það væri þess vegna grundvallarskilyrði ef frelsa ætti konur úr þessari ánauð að hver kona hefði rétt til þess að ákveða það sjálf hvort og hvenær hún beitti aðferðum til að takmarka barneignir sínar, hvort sem það væri í formi getnaðarvarna, ófrjósemisaðgerðar eða fóstureyðingar.<sup>68</sup> Aðeins með því að brjóta upp tengslin á milli kvenna og barnsfæðinga gætu konur öðlast efnahagslegt sjálfstæði og frelsi sem kynverur.<sup>69</sup> Grundvallarskilyrði fyrir réttindabaráttu kvenna væri því að þær réðu sjálfar barneignum sínum, að öðrum kosti væri líf þeirra endalaus röð af meðgöngum, fæðingum, fósturlátum og ungbörnum.<sup>70</sup>

Hjá hinni nýju kvennahreyfingu áttunda áratugarins varð baráttan fyrir sjálfsákvörðunarrétti kvenna til fóstureyðingar jafn þung á vogarskálunum fyrir réttindabaráttu kvenna eins og baráttan fyrir kosningarétti hafði verið hjá kvennahreyfingum kringum síðustu aldamót. Krafa nýju kvennahreyfingarinnar um frjálssar fóstureyðingar varð ein af aðalkröfum hennar ef ekki þungamiðja þeirra allra. Þessi krafa varð hvatning fyrir konur að fylkja liði, hreyfiafl fyrir kvennahreyfingu áttunda áratugarins. Baráttan fyrir frjálsum fóstureyðingum varð táknræn fyrir baráttu kvenna gegn karlaveldi þjóðfélagsins og stjórnkerfisins. Það sem meira var, frjálssar fóstureyðingar voru málefni sem pólitíska kerfið gat brugðist skýrt við með lausn; lögum sem veittu konum fullan ákvörðunarrétt um fóstureyðingar og þá um leið umráðarétt yfir eigin líkama.<sup>71</sup>

<sup>68</sup> Tong, Rosemarie: *Feminist thought*, 3.

<sup>69</sup> Banks, Olive: *Faces of feminism*, 229.

<sup>70</sup> *Women and the state*, 97.

<sup>71</sup> *The new women's movement*, 10-13.

## 4.2. Sigrar og ósigrar kvannahreyfinga í Evrópu

Í apríl 1971 birtu franskar konur „Manifesto of the 343“ í vikublaðinu *Le nouvel observateur* og seinna um sumarið gengu konur fylktu liði um götur Parísar og kröfðust þess að stjórnvöld leyfðu sölu á getnaðarvörnum og frjálssar fóstureyðingar. Kvinnasamtökin „Choisir“ voru stofnuð sama ár.<sup>72</sup> Konan sem stofnaði þau hét Geséle Halimi og var lögfræðingur. Hún hafði m.a. varið mál kvenna sem voru dæmdar sekar fyrir ólöglegar fóstureyðingar eftir frönskum lögum (frá 1920) sem bönnuðu fóstureyðingar. Hún stofnaði „Choisir“ til að vernda þær 343 konur, þ.á.m. sjálfa sig, sem skrifað höfðu undir „Manifesto 343“ þar sem þær lýstu opinberlega yfir að þær hefðu gengist undir ólöglega fóstureyðingu. Það þýddi að þær höfðu framið lögbrot. Heimspekingurinn Simone de Beauvoir var ein þessara kvenna og hún sat við stjórnvöl samtakanna um tíma ásamt Geséle Halimi.<sup>73</sup>

Yfirlýsing þessara þrjúhundruð fjörutíu og þriggja kvenna er á þessa leið; Milljón konur gangast undir fóstureyðingu í Frakklandi á hverju ári. Sökum þess að þær eru neyddar til að gera slíkt ólöglega, er fóstrum þeirra eytt við hættuleg skilyrði. Ef fóstureyðingar færu fram undir eftirliti lækna væri um hættulitla og einfalda aðgerð að ræða. Þessum milljónum kvenna hefur ekki verið veitt athygli. Ég lýsi því yfir að ég er ein af þeim, ég hef farið í fóstureyðingu. Eins og við krefjumst frjáls aðgangs að getnaðarvörnum, krefjumst við frelsi til að fara í fóstureyðingu.

Undir þessa yfirlýsingu skrifuðu Simone de Beauvoir og þrjúhundruð fjörutíu og tvær aðrar franskar konur, þ.á.m. rithöfundurinn Francoise Sagan og leikkonurnar Romy Schneider og Catherine Deneuve.<sup>74</sup>

Alice Schwarzer, þýsk kvenréttindakona sem dvaldi í Frakklandi um þessar mundir og var sjálf í kvenfrelshreyfingu franskra kvenna (MLF), hraðaði sér til Þýskalands með hugmyndina. Þýskar kvannahreyfingar gripu hugmyndina á lofti og atburðarásin hlóð utan á sig eins og snjóbolti. Samtök kvenna vítt og breitt um Þýskaland tóku sig saman og 6. júní 1971 rufu 374 þýskar konur þögnina um ólöglegar fóstureyðingar í landinu með yfirlýsingu í tímaritinu *Stern* um að þær hefðu látið eyða fóstri.<sup>75</sup> Yfirlýsing þeirra er eitthvað á þessa leið: Árlega fer um ein milljón kvenna í fóstureyðingu. Hundruðir deyja, tugir þúsunda veikjast eða verða ófrjóar á meðan fóstureyðingar eru stundaðar ólöglega. Fóstureyðing framkvæmd af fagmönnum er einföld aðgerð. Konur sem eiga peninga geta áhættulaust látið eyða fóstri bæði innan og utanlands. Grein nr. 218 um bann við fóstureyðingum neyðir fátækar konur upp á eldhúsbord fúskara. Stimplar þær sem glæpamenn og hótar þeim allt að fimm ára fangelsi. Þrátt fyrir þetta fara milljónir kvenna í fóstureyðingu við niðurlægjandi og lífshættulegar aðstæður. Ég tilheyr þeim hópi. -- Ég hef látið eyða fóstri. Ég er andvíg gr. nr. 218 og fyrir

<sup>72</sup> New french feminism, 24-26.

<sup>73</sup> New french feminism, 29.

<sup>74</sup> New french feminism, 190.

<sup>75</sup> Schwarzer, Alice: So fing es an, 21-23.

óskabörn. Við konur viljum engar ölmusur frá löggjafanum eða umbætur frá ráðum og nefndum. Við krefjumst skilyrðislausrar niðurfellingar laga um bann við fóstureyðingar. Við krefjumst kynfræðslu fyrir alla og frjáls aðgangs að getnaðarvörnum.<sup>76</sup>

Þessi yfirlýsing virkaði eins og olía á eld fyrir þýska kvennabaráttu. Þúsundir kvenna um allt Vestur-Þýskaland tóku sig saman í baráttunni gegn fóstureyðingabanninu með undirskriftasöfnunum, mótmælafundum, og áróðri gegn læknum, kirkju og stjórnámálamönnum, þ.e. þeim sem vildu banna fóstureyðingar. Þýska kvennahreyfingin háði þessa baráttu fyrir löglegum fóstureyðingum undir yfirskriftinni „Aktion 218“ eftir lögum nr. 218 um algert bann við fóstureyðingum.<sup>77</sup> Ákvæði þessara laga má rekja til prússneskra laga frá 1794 og 1851 og þau kveða á um að refsing fyrir fóstureyðingu skuli vera fimm ára tugthúsþrældómur. Á 20. öld var þó farið að milda þessi ákvæði en lög in ekki felld úr gildi samt sem áður.<sup>78</sup>

Barátta kvennahreyfinga fyrir fóstureyðingalöggjöf sem byggði á sjálfsákvörðunarrétti kvenna til fóstureyðinga var háð í öllum ríkjum Vestur Evrópu og Bandaríkjunum á áttunda áratugnum. Þann tuttugasta nóvember 1971 fóru fram kröfugöngur í nær öllum löndum vesturálfunnar þar sem konur streymdu út á strætun og kröfðust sjálfsákvörðunarréttar til fóstureyðinga. Í París einni mótmæltu um 4000 konur.<sup>79</sup>

Breskar konur urðu fyrir áhrifum frá róttækri kvennabaráttu í Bandaríkjunum bæði frá amerískum konum í London og fjöldaútgáfu af róttækum tímaritum. Árið 1970 er talið upphafsár nýju kvennahreyfingarinnar í Bretlandi. Eitt af baráttumálum hennar var eins og í hinum löndunum, frjálsar fóstureyðingar.<sup>80</sup>

Á Bretlandi voru sett lög árið 1968 sem rýmkuðu fyrri lög um fóstureyðingar til muna en voru þó langan veg frá því að heimila frjálsar fóstureyðingar.<sup>81</sup> (Bresk lög heimila fóstureyðingu vegna læknis- og félagsfræðilegra ástæðna).<sup>82</sup> Kraftar bresku kvennahreyfingarinnar hafa allar götur síðan fremur farið í að standa vörð um þessi lög en krefjast rýmri laga vegna viðleitni ýmissa aðila til að þrengja fóstureyðingalögin frá 1968.<sup>83</sup> Þó að breskri kvennahreyfingu tækist ekki að ná fram kröfu sinni um sjálfsákvörðunarrétt konu til fóstureyðingar þá hefur þeim að minnsta kosti tekist að koma í veg fyrir allar tilraunir til að lög yrðu sett sem gerðu aðgang að fóstureyðingu enn erfiðari.<sup>84</sup>

Það var krafan um frjálsar fóstureyðingar sem efldi og sameinaði ítölsku kvennahreyfinguna í fjöldahreyfingu á árunum 1970-75. Og endalok hennar sem

<sup>76</sup> Schwarzer, Alice: *So fing es an*, 124.

<sup>77</sup> Schwarzer, Alice: *So fing es an*, 20-30.

<sup>78</sup> *Women in the world*, 30.

<sup>79</sup> Schwarzer, Alice: *So fing es an*, 20-30.

<sup>80</sup> Banks, Olive: *Faces of feminism*, 238.

<sup>81</sup> Banks, Olive: *Faces of feminism*, 240.

<sup>82</sup> *Fóstureyðingar 1976-1983*, 113.

<sup>83</sup> Banks, Olive: *Faces of feminism*, 240.

<sup>84</sup> Banks, Olive: *Faces of feminism*, 258.



fjöldahreyfingar fylgdu í kjölfar ósigurs hennar í baráttunni fyrir frjálsum fóstureyðingum. Ítalska kvannahreyfingin átti við ramman reip að draga, einkum ef tekið er tillit til þess að hún barðist gegn sterkasta vígi kaþólsku kirkjunnar í bandalagi við ríkisstjórn kristilegs demokrataflokks.

Þegar ítalska þingið samþykkti ný lög um fóstureyðingar árið 1978, sem gaf konum réttinn til ákvörðunar en læknum og hjúkrunarkonum um leið rétt til að neita ef slík aðgerð stríddi á móti samvisku þeirra, fann kvannahreyfingin sig sigraða. Margar kvenréttindakonur drógu sig þá út úr kvannahreyfingunni eða snéru sér að öðrum málefnum.

Á Írlandi þar sem áhrif kaþólsku kirkjunnar eru einnig mjög sterk varð árangur kvannahreyfingarinnar enn minni en á Ítalíu. Í reynd varð niðurstaðan hörmuleg fyrir írsku kvennabaráttu því að fóstureyðingalögin voru ekki rýmkuð heldur var sett ákvæði í stjórnarskrána, árið 1983, sem bannar fóstureyðingar. Þannig var réttur fósturs til lífs skráður í stjórnarskrána sem gerir það enn erfiðara en nokkru sinni fyrr að rýmka þessi lög og heimila fóstureyðingar. Andstaðan við kröfuna um fóstureyðingar og flestar aðrar kröfur írskra kvenréttindakvenna var svo yfirgnæfandi að sterk kvannahreyfing náði aldrei að myndast. Endalok baráttunnar um fóstureyðingalögin varð ósigur fyrir nýju kvannahreyfinguna á Írlandi.<sup>85</sup> Á Írlandi er þess vegna algert bann við fóstureyðingum og írskar konur fara til Bretlands til að láta eyða fóstri.<sup>86</sup>

En hvers vegna urðu frjálsar fóstureyðingar slíkt baráttumál fyrir nýju kvannahreyfinguna? Stjórn málafræðingurinn Anne Batiot segir það sprottið af eðli málsins. Fóstureyðing er ákvörðun sem allar konur gætu þurft að taka. Fóstureyðing er óafturkallanleg. Og þetta er reynsla sem eingöngu tengist konum. Batiot fullyrðir að með því að setja málið upp sem spurninguna um sjálfsákvörðunarrétt og ábyrgð konu hafi kvenréttindakonur neytt valdhafa og almenningsálitið til að viðurkenna í fyrsta sinn í sögunni ekki aðeins sérstöðu reynsluheims kvenna sem hingað til hafði verið innlimaður inn í fjölskylduhugtakið heldur líka þá staðreynd að konur eru ekki hlutir.

Í öllum hinum vestræna heimi varð umræðan um fóstureyðingar hluti af pólitískri umræðu allan áttunda áratuginn og upphafs þess níunda. Á árunum milli 1975 og 1985 voru ný lög um fóstureyðingar samþykkt í mörgum löndum eftir langar og tilfinningaríkar deilur. Réttur konu til að fá fóstureyðingu án tiltekinna ástæðna annara en ósk hennar sjálfrar varð niðurstaðna deilnanna í löndum eins og Bandaríkjunum með úrskurði hæstaréttar árið 1973, Danmörku árið 1973, Noregi 1978, Svíþjóð 1975, Frakklandi 1978 og Finnlandi 1974.

Í öðrum löndum voru sett lög sem heimila konum fóstureyðingu með vissum skilyrðum. Í Hollandi síðan árið 1984 verða konur að ganga í gegn um svokallaðan fimm daga umhugsunartíma og samþykki læknis er krafist. Á Íslandi samkvæmt lögum frá árinu 1975 er samþykki tveggja lækna eða læknis og félagsráðgjafa krafist. En í báðum þessum löndum er

<sup>85</sup> The new women's movement, 10-13.

<sup>86</sup> Women in the world, 96.

framkvæmd laganna mjög frjálsgleg. Á Ítalíu gerir ákvæðið um að lækni geti neitað að framkvæma fóstureyðingu samvisku sinnar vegna konum í suðurhluta landsins mjög erfitt fyrir að fá fóstureyðingu. Í Vestur Þýskalandi leyfa fóstureyðingarlög sem sett voru árið 1976 aðeins fóstureyðingu með vissum skilyrðum; ef líf móður er í hættu, ef um naugðun var að ræða, ef hætta er á að fóstrið sé ekki heilbrigt og af vissum félagslegum ástæðum. Samþykki lækni er alltaf krafist. Í dag er framkvæmd þessara laga nokkuð frjálsgleg í borgum en ekki í dreifbýli.<sup>87</sup> Eftir sameiningu Austur- og Vestur-Þýskalands hófust miklar deilur um hvernig samræma ætti fóstureyðingalög landanna. Vandinn var sá að í Austur-Þýskalandi var fóstureyðingalöggjöfin mun rýmri en í Vestur Þýskalandi. Deilan stóð um hvort þrengja ætti austurþýsku lögina eða rýmka þau vesturþýsku. Niðurstaðan varð sú að þýska þingið samþykkti eftir langar og heitar umræður, í júní 1992, að lögunum skyldi breytt þannig að þau byggðust á austurþýsku fóstureyðingalögunum sem heimila konu að fá fóstureyðingu á fyrstu 12 vikum meðgöngunnar eftir að hún hefur fengið félagslega ráðgjöf. Sú ákvörðun þingsins að fella fyrri og mun þrengri lög Vestur-Þýskalands úr gildi mætti harðri gagnrýni kaþólsku kirkjunnar í landinu og kanslara landsins Helmut Kohl. Andstæðingar fóstureyðinga inn á þingi segjast munu láta reyna á þessa nýju lagasetningu fyrir dómstólum.<sup>88</sup> Þessi nýju lög eru þó ekki orðin að veruleika því þau strönduðu á stjórnarskrárákvæðinu um réttinn til lífsins. Hver afdrif þessa máls verða í Þýskalandi mun koma í ljós á næstu misserum. (Þetta ákvæði um réttinn til lífsins var á sínum tíma sett í þýsku stjórnarskrána til að hindra að fjöldamorð að hætta nasista gætu átt sér stað aftur en var ekki hugsað sem vörður um rétt ófædds lífs. Það er hins vegar seinni tíma túlkun andstæðinga fóstureyðinga á þessu ákvæði að það kveði á um rétt fósturs til lífs og því ættu fóstureyðingar að vera bannaðar með öllu í Þýskalandi.)<sup>89</sup>

Spænsku fóstureyðingalögin frá 1984 leyfa fóstureyðingu aðeins með vissum skilyrðum. Árið 1983 voru sett ný fóstureyðingalög í Tyrklandi sem leyfa fóstureyðingu á fyrstu 12 vikum en aðeins með samþykki eiginmanns.

Einkenni á baráttu nýju kvannahreyfingarinnar fyrir breyttum fóstureyðingalögum og það sem bar árangur var að þær fjölluðu um fóstureyðingar frá öðrum sjónarhóli en áður hafði verið gert. Konur færðu umræðuna frá trúar- og læknisfræðilega sjónarmiðinu að spurningunni um rétt kvenna yfir líkama sínum og lífi. Styrkur nýju kvannahreyfingarinnar var að hún stefndi að því að breyta grundvallarhugmyndum um hlutverk kvenna og hvað fælist í því að vera kona. Í Frakklandi beittu konur mjög róttækri hugmyndafræði. Franskar kvenréttindakonur höfnuðu hugmyndinni um „náttúrulegt hlutverk“ kvenna og gerðu kröfuna um frelsi og skilyrðislausan rétt kvenna til að ráða lífi sínu að grundvallaratriði í allri umfjöllun um fóstureyðingar. Með öðrum orðum, franskar konur fengu því framgengt að fóstureyðingar voru taldar kvenréttindamál. Írska kvannahreyfingin var á hinn bóginn of veik

<sup>87</sup> The new women's movement, 10-13.

<sup>88</sup> Newsweek July 6 1992, 27.

<sup>89</sup> Women in the world, 30.

til að hafa áhrif á umræðuna um fóstureyðingar. Það í landi var fóstureyðing skilgreind aðallega sem trúarlegt eða læknisfræðilegt atriði. Konan sem persóna stóð algerlega utan við umræðuna líkt og meðganga eða fóstureyðing væru henni óviðkomandi.

Í öllum þeim löndum sem nefnd voru hér að framan, að Tyrklandi undanskildu, gegndu kvennahreyfingarnar aðalhlutverki í baráttunni fyrir sjálfsákvörðunarrétti kvenna sem grundvallaratriði varðandi lög um fóstureyðingar. Í baráttunni fyrir fóstureyðingum var styrkur kvenréttindahreyfingarinnar í fyrsta lagi sá að draga ólöglegar fóstureyðingar út úr skúmasketunum og fram í dagsljósið og koma af stað almennri umræðu um þær. Í öðru lagi að skilgreina fóstureyðingar upp á nýtt með því að leggja áherslu á sjálfsákvörðunarrétt kvenna. Og í þriðja lagi með þrotlausri baráttu við að þrýsta á pólitíska flokka og ríkisstjórnir um að taka afstöðu og ákvarða í málinu.<sup>90</sup> Þessi þrýstingur kvennabaráttunnar á stjórnvöld skilaði sýnilegum árangri á vesturlöndum á áttunda áratugnum í formi nýrri og rýmri laga um fóstureyðingar. Flestar kvenréttindakonur túlka þetta sem augljósan sigur sem sýni styrk kvenna ef þær standi sameini krafta sína. Hins vegar hafa aðrar túlkað þennan árangur í baráttunni fyrir frjálsum fóstureyðingum á neikvæðari hátt. Þær fullyrða að aðalástæðan fyrir að frjálslægri lög um fóstureyðingar voru samþykkt víða um lönd á áttunda áratugnum var sú að vinnuveitendur þurftu á vinnuafli kvenna að halda.<sup>91</sup> Þetta kann að vera satt að einhverju leyti. Breytt þjóðfélagsgerð og aukin þátttaka kvenna í atvinnulífi landanna og það að þær voru orðnar fyrirvinnur heimilanna ásamt körlum hafði tvímælalaust sitt að segja í stuðningi stjórnmalamanna við fóstureyðingar. Þau rök eru t.d. áberandi í umræðum á þingi á Íslandi árið 1974 að þingmenn telja að heimila skuli fóstureyðingar af félagslegum ástæðum vegna þess að konur séu fyrirvinnur heimilanna sem gerði stöðu þeirra sem mæðra erfiðari og flóknari.

Nýja kvennahreyfingin spratt upp á miklum umbrotatímum í vestrænum samfélögum. Múrinn milli kynhlutverkanna var að riða til falls og konur voru að hasla sér völl á sviðum þjóðfélagsins sem hingað til höfðu verið skipuð af körlum einum. Konur voru að skynja sig á nýjan hátt. Afleiðingin var sú að nýja kvennahreyfingin snérist gegn hefðbundnum viðhorfum þjóðfélagsins til kvenna og barneigna. Hún fjallaði um fóstureyðingar frá nýjum sjónarhóli sem skilgreindi konur upp á nýtt. Ekki fyrst og fremst sem mæður og eiginkonur eins og kvennahreyfingar á fyrstu fjórum áratugum aldarinnar gerðu heldur sem sjálfstæða einstaklinga sem vildu ákveða sjálfar hvert hlutverk þær veldu sér í lífinu.

### ***4.3. Barátta bandarískra kvennahreyfinga fyrir frjálsum fóstureyðingum***

Eins og kom fram í kafla 2.1. hafði orðið lítils háttar rýmkun á lögum um fóstureyðingar í ýmsum fylkjum Bandaríkjanna á sjötta áratugnum, einkum vegna mislingafaraldurs og þeirrar

<sup>90</sup> The new women's movement, 10-13.

<sup>91</sup> Women and the state, 117.

uppgötvunar að svefnlyf, thalidomide, gat valdið fösturskaða.<sup>92</sup> Það var aðallega fyrir atbeina lækna að sett voru ný lög árið 1959 sem heimiluðu föstureyðingu af læknisfræðilegum ástæðum eða vegna nauðgunar.<sup>93</sup>

En það kom alfarið í hlut kvannahreyfinga að krefjast þess að sjálfsákvörðunarréttur kvenna til föstureyðingar yrði viðurkenndur með lögum. Sjálfsákvörðunarrétturinn var að mati kvenréttindakvenna grundvallarréttlætismál fyrir konur, hluti af rétti þeirra til að stjórna eigin barneignum.<sup>94</sup> Kvannahreyfingin hóf baráttu fyrir frjálsum föstureyðingum í lok sjöunda áratugsins og um leið breytast aðferðir og áherslur í baráttunni fyrir löglegum föstureyðingum. Konur settu á fót neðanjarðarstarfsemi sem fólst í ráðgjöf um föstureyðingar og aðstoð við konur við að komast í aðgerð. Kvannahreyfingar héldu opinbera kröfufundi, mótmælasetur og stóðu fyrir stöðugum opinberum áróðri fyrir rétti kvenna til föstureyðinga. Þær gerðu kröfuna um föstureyðingar sýnilega. Með því að leggja áherslu á að föstureyðing ætti að vera óskoraður réttur konu gerði kvannahreyfingin mönnum erfiðara fyrir að haga umræðum um þessi mál þannig að föstureyðingar væru bara þrætuepli fyrir atvinnustéttir karla, aðallega lækna, dómara, og löggjafavalds sem vildu afgreiða þessi mál með lagaákvæðum sem enn skildu faglærða karla eftir með algera stjórn yfir örlögum kvenna, líkama þeirra og tilfinningum. Kvenréttindakonur kröfðust þess að föstureyðingar yrðu skilyrðislaust framkvæmdar að ósk konu. Með öðrum orðum þá ættu konur sjálfar að hafa úrslitavaldið um barneignir sínar í stað þess að það væri í höndum annara.

Kvenréttindakonur litu einnig á frjálsar föstureyðingar sem lykilatriði fyrir jafnrétti kvenna á við karla í atvinnulífinu. Ef konur vildu hafa jafna möguleika og karlar á að sjá sér farborða á vinnumarkaðnum þá yrðu þær að stjórna barneignum sínum sjálfar. Fyrir flestar kvenréttindakonur tengdist kjarni málsins þó rétti konu yfir líkama sínum. Eða eins og kona í Kaliforníu orðaði það:

we can get all the rights in the world ... and none of them means a doggone thing if we don't own the flesh we stand in ... if the whole course of our lives can be changed by somebody else that can get us pregnant by accident, or by deceit, or by force.

Rithöfundurinn Ellen Willis gengur enn lengra og segir:

There is no way a pregnant woman can passively let the fetus live; she must create and nurture it with her own body ... However gratifying pregnancy may be to a woman who desires it, for the unwilling it is literally an invasion -- the closest analogy is to the difference between lovemaking and rape.<sup>95</sup>

---

<sup>92</sup> Banks, Olive: Faces of feminism, 236.

<sup>93</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 163-65.

<sup>94</sup> Banks, Olive: Faces of feminism, 236.

<sup>95</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 165-66.

Kvenréttindakonur beittu ýmsum ráðum í baráttunni gegn banni á fóstureyðingum. Til dæmis stofnaði hópur kvenna í Chicago árið 1969 neðanjarðarhreyfingu undir dulnefninu Jane. Í fyrstu aðstoðuðu þær eingöngu konur til að komast í fóstureyðingu en hófu svo að framkvæma fóstureyðingar sjálfar árið 1971. Þær voru mjög nákvæmar og skipulagðar og það var ekki hægt að komast í samband við þær nema eftir krókaleiðum og leynilegu merkjakerfi líkt og við andspyrnuhreyfingu í seinni heimstyrjöldinni. Í gegn um ákveðið kerfi komust konur sem vildu láta eyða fósturi í samband við þær. Allt ólöglegt vitanlega.<sup>96</sup>

#### **4.4. Roe v. Wade úrskurður Hæstaréttar Bandaríkjanna**

Það var ekki bandaríska þingið sem setti lög sem heimiluðu rétt kvenna til fóstureyðinga heldur fékkst sá réttur viðurkenndur með dómsúrskurði Hæstaréttar Bandaríkjanna. Ástæðan fyrir því að Hæstiréttur tók afstöðu til kröfu kvannahreyfinga um frjálsar fóstureyðingar var í stuttu máli sú að lögfræðimenntaðar kvenréttindakonur létu reyna á það fyrir dómstólum hvort það stæðist að konu væri synjað um fóstureyðingu. Þær fluttu mál kvenna sem neitað hafði verið um fóstureyðingu í undirrétti. Þegar undirréttur dæmdi að þær hefðu ekki rétt á fóstureyðingu áfrýjuðu lögfræðingarnir máli þeirra til Hæstaréttar. Í sögunni er oftast vitnað í þetta mál sem Roe v. Wade eftir eftirnöfnum þeirra kvenna sem í hlut áttu.<sup>97</sup>

Í úrskurði Hæstiréttar um Roe v. Wade er röksemd kvannahreyfinga um skilyrðislausan rétt konu til fóstureyðingar hafnað. Rök Hæstaréttar fyrir því voru þau að ríkistjórn gæti lagt hömlur á rétt einstaklingsins þegar hagsmunir ríkisins væru í veði og í tilviki eins og fóstureyðingu þá væri það hagur ríkisins að gæta heilsu kvenna og að vernda væntanlegt líf. Roe v. Wade var málamiðlun á andstæðum viðhorfum kvannahreyfinga og ríkisstjórnarinnar. Fyrstu 3 mánuði meðgöngu skyldi ákvörðun um fóstureyðingu vera í höndum læknis og ekki fara fram eftir þann tíma nema í læknisfræðilegu neyðartilfalli. Skilgreining Hæstiréttar fól í sér að fóstureyðing væri fyrst og fremst læknisfræðileg ákvörðun.<sup>98</sup> Úrskurður Hæstaréttar þýddi þó að ekkert ríki gæti neitað konu um fóstureyðingu færi hún fram á hana á innan fyrstu þriggja mánaða meðgöngu. Sá möguleiki er þó alltaf fyrir hendi að réttur konu til fóstureyðingar verði tekinn aftur því að hann hefur aldrei verið skráður í lög, heldur komið í stað laga með úrskurði Hæstaréttar.<sup>99</sup> Með nýjum úrskurði gæti Hæstiréttur þrengt heimild til fóstureyðinga aftur en slíkt gæti hæglega átt sér stað ef meirihluti dómara væri andvígur fóstureyðingum.

Hæstiréttur Bandaríkjanna hafði forðast að verða við kröfum kvannahreyfinga um sjálfsákvörðunarrétt kvenna til fóstureyðinga en það kom ekki að sök um tíma. Allar

<sup>96</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 167-68.

<sup>97</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 172-175.

<sup>98</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 179.

<sup>99</sup> Women in the world, 319.

bandarískar konur gátu nú fengið fóstureyðingu í upphafi meðgöngutímans. Það átti einnig við um fátækar konur því að hið opinbera borgaði fóstureyðingar fyrir efnalítla. Það breyttist þó nokkrum árum síðar þegar ameríska þingið samþykkti lög sem felldu slíka opinbera fjárhagsaðstoð niður.<sup>100</sup> Nánar verður komið að því í ellefta kafla ritgerðarinnar.

#### ***4.5. Frjálsleg fóstureyðingalöggjöf tengist ekki alltaf hugmyndum um kvenfrelsi***

Hér á undan hefur verið stiklað á stóru um baráttu kvennahreyfinga fyrir frjálsum fóstureyðingum og hvern árangur sú barátta bar í mörgum löndum. Krafan um frjálsar fóstureyðingar kom frá konum og þrýstingur kvennahreyfinga á stjórnvöld um að koma til móts við þá kröfu með lögum bar árangur. En það er önnur hlið á þessu máli sem rétt er að láta koma hér fram. Frjálsleg fóstureyðingalöggjöf tákna ekki endilega að sterk kvennahreyfing sé í landinu. Þvert á móti þá er jafnvel engin virk kvennabarátta, byggð á femínískri hugmyndafræði, í viðkomandi landi heldur þjóna lög um fóstureyðingar eingöngu hagsmunum stjórnvalda og er beitt með hagstjórnarsjónarmið þeirra að leiðarljósi en ekki kvenfrelsi.

Marx og Engels boðuðu að í hverju þjóðfélagi væri frelsun kvenna undan ánaud eðlilegur hluti af frelsun þegnanna undan ánaud. Sovétríkin voru fyrsta landið til að framkvæma þessa hugmynd. Ein af fyrstu tilskipunum eftir byltingu kommúnista árið 1917 var að breyta lögum sem snertu konur þannig að þær hefðu jafnrétti á við karla á vinnumarkaðnum og gætu fengið fóstureyðingu ef þær óskuðu þess.<sup>101</sup> Þegar fóstureyðingar voru gerðar löglegar í Rússlandi árið 1920 túlkaði sovésk kvenréttindakonan Alexandra Kollontai þau þannig að tilgangur yfirvalda væri ekki sá að frelsa konur. Alexandra sagði að raunveruleg ástæða fyrir rýmri lögum um fóstureyðingar væri sú að yfirvöld hefðu áhyggjur af þeirri byrði sem konur yrðu á verkamönnum ef ólöglegar fóstureyðingar sköðuðu heilsu þeirra og að Sovétríkin væru ófær um að brauðfæða fleiri munaðarleysingja.<sup>102</sup> Það sem á eftir fór í Sovétríkjunum gefur líka tilefni til að efast um að ráðamenn þar hafi haft aukið frelsi kvenna í huga. Að minnsta kosti gleypu aðstæður í landinu fljótlega þetta frelsi úr höndum kvenna. Árið 1936 þegar sovésk stjórnvöld merktu það að fæðingartala lækkaði þá breyttu þau fóstureyðingarlögunum á þann veg að fóstureyðingar voru aðeins leyfðar af læknisfræðilegum ástæðum.<sup>103</sup> Fóstureyðingalögin voru síðan rýmkuð nokkuð árið 1955 í stjórnartíð

---

<sup>100</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 180.

<sup>101</sup> Travis, Carol og Wade, Carole: The longest war, 339.

<sup>102</sup> Coole, Diana H.: Women in political theory, 230.

<sup>103</sup> Travis, Carol og Wade, Carole: The longest war, 341.

Khrushchevs.<sup>104</sup> Í dag er staðan þannig fyrir margar rússneskar konur að þær neyðast til að nota fóstureyðingu sem getnaðarvörn sökum þess að getnaðarvarnir eru ófánlegar.<sup>105</sup>

Í Kína í dag eru fóstureyðingar frjálssar og getnaðarvarnir aðgengilegar öllum konum. Tilgangurinn tengist þó ekki hugmyndum um frelsi kvenna til að stjórna sjálfar lífi sínu og líkama heldur hagsmunum stjórnvalda við að halda fæðingartölu niðri og konum að vinnu.<sup>106</sup> Það er víðar sem tilgangurinn með lögum um frjálssar fóstureyðingar stafar af viðleitni yfirvalda til að draga úr fólksfjölgun. Það á t.d. við um löndin Singapore og Túnis.<sup>107</sup>

---

<sup>104</sup> Becoming visible, 466.

<sup>105</sup> Travis, Carol og Wade, Carole: The longest war, 341.

<sup>106</sup> Travis, Carol og Wade, Carole: The longest war, 344.

<sup>107</sup> Fóstureyðingar 1976-1983, 112.

## V. ÍSLENSKA RAUÐSOKKAHREYFINGIN

### 5.1. „Fóstureyðingalöggjöfin og sjálfsákvörðunarrétturinn“

Víkjum nú frá baráttu kvenréttindahreyfinga erlendis fyrir breyttum fóstureyðingalögum til íslenskrar kvennahreyfingar þessa tíma, Rauðsokkahreyfingarinnar. Hver var afstaða þeirra til fóstureyðinga og gildandi löggjafar þar um?

Árið 1974 fjallar Hjördís Hákonardóttir ítarlega um fóstureyðingalögin á Íslandi í grein í *Forvitin rauð* sem hún nefnir „Fóstureyðingalöggjöfin og sjálfsákvörðunarrétturinn.“ Þar gagnrýnir hún gildandi lög nr. 38/1935 og 16/1938 á þeim forsendum að þau séu andsnúin hagsmunum kvenna og í engu samræmi við ríkjandi skoðanir þeirra á því hvernig þessum málum þurfi að vera háttað. Hjördís segist ganga út frá því í grein sinni að fóstur sé ekki réttaraðili í sama skilningi og manneskja sem fæðst hefur í þennan heim. Hún tekur það fram að hennar skoðun sé ekki sú að fóstur í móðurkviði, að minnsta kosti ekki á frumstigi meðgöngu, sé manneskja með sömu réttindi og skyldur og aðrir menn. Hún segir að sú áhersla sem lögð sé á rétt fóstursins verði oft til að þyrlla upp slíku moldviðri að „það láist að hugleiða rétt konunnar ítarlega og af alvöru. Slík rannsókn á stöðu og rétti konunnar er þó forsenda þess að hægt sé að gera raunhæfan samanburð.“

Gagnrýni Hjördísar á lögin felst einkum í því að í þau vanti öll ákvæði um sjálfsákvörðunarrétt konunnar sjálfrar. Það er alfarið á valdi lækna (skv 38/1935), og það ekki eins heldur tveggja, að ákveða hvort beiðni konu um fóstureyðingu verði hafnað eður ei. Hjördís deilir hart á þetta einhliða vald lækna yfir örlögum kvenna.

Hún segir ákvæði laga nr 16/1938 einnig vera fjandsamlegt konum. Þar sé það skilyrði sett fyrir heimild til fóstureyðingar að kona hafi kært nauðgunina þegar í stað og einnig að maðurinn hafi verið sekur fundinn fyrir dómi. „Þótt fyrra atriðið sé ekki fráleitt vegna sönnunarerfiðleika,“ segir Hjördís, „þá er seinna skilyrðið vissulega fráleitt af sömu ástæðu, sem og vegna þess að líkur eru á að of langt verði liðið á meðgöngutímamann þegar málið er útkljáð.“ Hún segir það einnig vera vafasamt að fyrra skilyrðið fái staðist, þ.e. að kona sé þannig þvinguð til að opinbera auðmýkingu sem hún helst kysi að gleyma og strika yfir.<sup>108</sup> Þannig yki þetta lagaákvæði sársauka og niðurlægingu kvenna sem yrðu fyrir þeirri illu reynslu að þurfa að sækja um fóstureyðingu vegna nauðgunar. Þær þyrftu samþykki lækna og dómstóla og síðast en ekki síst játningu karlmannsins sem nauðgaði þeim til að fá veitta heimild til að eyða fósturinu. Þetta er að mati Hjördísar algert brot á sjálfsákvörðunarrétti manneskju og í tilvikum sem varða hana svo miklu þá væri ekki aðeins eðlilegt heldur „beinlínis rétt að kona í slíkri aðstöðu (sem hefur verið nauðgað) ákveði sjálf hvort hún

<sup>108</sup> Forvitin rauð 3. tlb. jan. 1974, 7-8.



gengur með eða elur þetta barn.“ Hjördís segir að hlutverk lækna gagnvart þeim konum sem óski fóstureyðingar eigi að vera að veita þeim upplýsingar varðandi aðgerðina en ekki ráða því fyrir þær hvort þær fari í fóstureyðingu eða ekki. En samkvæmt gildandi lögum væri aldeilis annað upp á teningnum.

Hjördís segir enn fremur að hið takmarkaða ákvæði 9. greinar laga nr 38/1935 um félagslegar ástæður væri fyrir löngu orðið ófullnægjandi og í engum tengslum við veruleika kvenna áttunda áratugarins. Þess vegna þyrfti að breyta fóstureyðingarlögunum því að ástæðurnar fyrir að konur sæktu um fóstureyðingu væru fjölmargar og ólíkar í svo margbreytilegu þjóðfélagi sem þær lifðu í:

ástæður konunnar til að æskja um fóstureyðingar eru margvíslegar og persónulegar og konur halda því fram, að sem frjálsar og fullvita manneskjur beri þeim réttur til að taka slíka ákvörðun án tilhlutunar annarra, einstaklinga eða ríkisvalds, og séu þar með almennt virtar sem sjálfráða manneskjur og ekki sviptar þeim sjálfsögðu mannréttindum að vera ábyrgar gerða sinna og taka í samræmi við það sjálfar þýðingarmiklar ákvarðanir, sem fyrst og fremst varða þær sjálfar. Að vísu kann vilji konunnar að stangast á við vilja einhvers annars hagsmunaaðila, td. eiginmanns, en slík tilvik eru sérstakt vandamál, áháð rétti konunnar til sjálfsákvörðunar ... Sú krafa að kona fái fóstureyðingu ef hún óskar þess er grundvölluð á ... frum-mannréttindum. Rétturinn til að ráða viðkomu sinni er einn þáttur frelsis, en séu fóstureyðingar bannaðar er sá réttur ekki við lýði í raun.<sup>109</sup>

Baráttan fyrir frjálsum fóstureyðingum var grundvallaratriði í jafnréttisbaráttu áttunda áratugarins, eins og kemur fram í orðum Hjördísar Hákonardóttur um fóstureyðingalögin:

Því réttur jöfnuður milli kynjanna næst ekki í þjóðfélagi sem leggur með lögum sérstaka kvöð á annað kynið, og skiptir í því sambandi ekki máli þótt samskonar kvöð verði ekki lögð á hitt kynið. Konan getur því ekki orðið manningu jafnrétt há fyrir en hún býr við jafnmikið kynferðislegt frjálsræði og er laus undan fjölgunar skyldunni og móðurkvöðinni - - hversu gott, göfugt og skemmtilegt, sem það hlutskipti annars kann að vera. Og svo er hitt að í ljósi þeirra kenninga sem telja að til séu viss frumréttindi sem öllum mönnum amk. beri að jöfnu og að ríkislög sem stangist á við slík frumlög séu ólög og að athafnir og venjur sem brjóti í bága við þau séu lögbrot, þá eru beinlínis brotin lög á konum á meðan frelsi þeirra, einkalíf og sjálfsákvörðunarréttur er ekki fyllilega virtur, td. með fóstureyðingarlöggjöf eins og þeirri sem gildir á Íslandi í dag.<sup>110</sup>

Rauðsokkahreyfingin beitti einnig þeim rökum fyrir sjálfsákvörðunarrétti kvenna til fóstureyðingar að á meðan þjóðfélagið byggir eins illa að konum, og þá einkum einstæðum mæðrum, og raun væri þá væri því ekki stætt á löggjöf sem heimilaði öðrum en konunni sjálfri ákvarðanavald um fóstureyðingu.<sup>111</sup>

<sup>109</sup> Forvitin rauð 3. tlb. jan. 1974, 10-11.

<sup>110</sup> Forvitin rauð 3. tlb. jan. 1974, 12.

<sup>111</sup> Forvitin rauð 3. tlb. jan. 1974, 12.

## 5.2. Rauðsokkahreyfingin studdi frumvarpið um fóstureyðingar árið 1973

Rauðsokkahreyfingin fylgdi sömu stefnu og erlendar kvannahreyfingar þessa tíma í baráttunni fyrir frjálsum fóstureyðingum. Þær kröfðust sjálfsákvörðunarréttar kvenna til fóstureyðinga, þ.e. að það hvort kona fengi fóstureyðingu væri eingöngu háð vilja hennar einnar en ekki ákvörðun lækna, presta, félagsráðgjafa, eða nokkurs annars.

Rauðsokkahreyfingin sendi öllum alþingismönnum bréf vegna frumvarpsins um ný fóstureyðingalög sem lagt var fyrir alþingi í nóvember 1973. Þetta bréf er áskorun til þingmanna um að íhuga áður en þeir greiði atkvæði um frumvarpið „... hve sjálfsögð mannréttindi það eru, að konan ráði sjálf yfir líkama sínum og lífi og ákveði sjálf hvort hún vill eignast börn, hvenær hún vill eignast börn og hve mörg“. Rauðsokkahreyfingin beinir því til þingmanna að verði frumvarp þetta ekki samþykkt muni afleiðingin verða sú að fjöldi íslenskra kvenna færi til nágrannalandanna þar sem löggjöfin heimilaði frjálssar fóstureyðingar, t.d. eins og í Danmörku, Svíþjóð og Englandi. Slík ferðalög væru þegar orðin algeng. Þær konur sem þannig myndu leysa vanda sinn yrðu aðeins þær sem hefðu efni á kostnaðarsamri utanlandsferð en ekki þær sem lifðu við bágust kjör fjárhagslega.

Íslenskar kvenréttindakonur töldu einnig að samþykkt þessa frumvarps myndi verða til þess að ólöglegar fóstureyðingar leggjðust af og þar með lyki þeirri auðmýkingu sem fjöldi kvenna hefði þurft að þola í því sambandi. „... en af eðlilegum ástæðum hafa lífsreynslusögur þessara kvenna er látið hafa eyða fóstri á ólöglegan hátt ekki verið dregnar mjög fram í dagsljósið“.

Í fyrrnefndu bréfi svarar Rauðsokkahreyfingin þeim margvíslegu skoðunum sem komið höfðu fram á opinberum vettvangi á móti frumvarpinu, einkum á móti ákvæðinu um sjálfsákvörðunarrétt konu. Rauðsokkur spyrja þá sem halda því fram að fóstureyðing sé morð hvort ekki væri hæpið að tala um að mannlífi væri eytt þegar „... fárra vikna hnúður er fjarlægður úr móðurkviði?“ Það sem hér skipti meginmáli væri að komið væri í veg fyrir að fóstur yrði að manneskju.

Gegn þeim rökum um að banna ætti fóstureyðingar sökum þess hve þær væru hættulegar heilsu kvenna benda Rauðsokkur að fóstureyðing væri konu ekki hættulegri en fæðing nema síður væri að mati sumra lækna þrátt fyrir rök margra um hve hættuleg fóstureyðing væri. Í því sambandi bæri einnig að taka tillit til „... félagslegrar heilsu konunnar, sem getur verið stofnað í hættu með því að hún er látin ala barn gegn vilja sínum, og andleg vanheilsa getur haft í för með sér líkamlegt heilsuleysi.“

Gegn skoðunum margra um að konur eigi að bera ábyrgð á kynlífi sínu og taka afleiðingunum verði þær ófrískar segja Rauðsokkur að konur séu mannlegar tilfinningaverur og skynsemi og tilfinningar fari ekki alltaf saman. Getnaðarvarnir væru alltaf að verða fullkomnari en þó bæri að minnast þess að stór hópur kvenna gæti af ýmsum ástæðum ekki notfært sér þær auk þess sem getnaðarvarnir gætu brugðist. „Aukin leiðbeining í notkun

getnaðarvarna ásamt aukinni mæðrahjálpi minnkar að sjálfsögðu þörfina fyrir fóstureyðingar, en getur aldrei gert þær að engu.“

Rauðsokkahreyfingin var alfarið á móti því að þjóðfélagið geri konur ómyndugar í svo afdrifaríku máli sem þungun er fyrir líf hveðrar konu:

Sumir vilja telja að sjálfsákvörðunarréttur konunnar til fóstureyðingar hafi í för með sér of mikla ábyrgð að leggja á herðar henni einni. En hún á að geta tekið ábyrgðina á nýju lífi sem hún færir af sér við vonlausar aðstæður. Einnig hefur verið talað um að konan geti oft ekki séð hvað sé henni fyrir bestu vegna hræðslu og þunglyndis á fyrstu vikum meðgöngutímans. En hver getur það þá? Getur læknirinn séð betur hvað ókunnugri manneskju er fyrir bestu? Enginn utanaðkomandi maður, kunnugur eða ókunnugur getur sett sig inn í allar hliðar vandamáls einstaklings. Því er konan sjálf best til þess fallin að taka þessa ákvörðun, enda verður hún sjálf að bera ábyrgð á henni. Hins vegar ber að sjálfsögðu, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, að fræða hana, áður en hún tekur ákvörðun sína, um þá hjálpi sem þjóðfélagið býður, kjósi hún að eignast barnið.

Um þau rök að fóstureyðingar séu gegn frelsi kvenna segir í bréfi Rauðsokkahreyfingarinnar til alþingismanna:

Heyrst hafa raddir um það, að með frjálsum fóstureyðingum sé í raun og veru verið að svipta konuna frelsi, því að þá geti aðrir þröngvað henni til að láta eyða fóstri sínu. En hvað með hið gagnstæða? Það hlýtur að vera jafn alvarlegt fyrir hana að láta þröngva sér til að eignast barn sem hún óskar ekki eftir að eignast. Það er þröngvun sem svo lengi hefur við gengist að margir taka ekki eftir henni. Það er ekki siðmenntuðu þjóðfélagi samboðið að ráðskast á svo örlogaríkan hátt með lífi þegna sinna.<sup>112</sup>

Eins og áður hefur komið fram þá skar nýja kvannahreyfingin erlendis upp herör gegn hefðbundinni túlkun á hlutverki konu sem móður. Íslenskar kvenréttindakonur gerðu slíkt hið sama. Í *Forvitin rauð*, málgagni Rauðsokkahreyfingarinnar, segir að sá eiginleiki konunnar að bera og ala börn hafi til þessa verið notaður til að réttlæta þá mismunun sem hún þyrfti að þola í þjóðfélaginu. „Þetta mikilvæga og bráðnauðsynlega hlutverk hennar hefur í raun snúist gegn henni. Í stað þess að á þetta hlutverk væri litið sem það þýðingarmesta í lífinu, hefur það orðið til þess, að litið hefur verið á konur sem óæðri verur.“

Rök Rauðsokkahreyfingarinnar fyrir sjálfsákvörðunarrétti kvenna til fóstureyðingar voru fyrst og fremst þau að þessi réttur fæli í sér grundvallarmannréttindi fyrir konur. En einnig gæti ótímabær þungun haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar á andlega heilsu og allt líf konunnar auk þess sem engin börn ættu að fæðast óvelkomin í heiminn:

Frjálssar fóstureyðingar eru fyrirbyggjandi starf. Þær koma í veg fyrir að óvelkomnir einstaklingar fæðist í heiminn og þær koma í veg fyrir að líf og framtíð fjölda kvenna sé mótað af mistökum. Því eru frjálssar fóstureyðingar mikið réttlætismál og eitt mikilvægasta skrefið í átt til jafnréttis kvenna á við karla. Konur eiga að hafa jafna möguleika og karlar

<sup>112</sup> Forvitin rauð 3. tlb. jan. 1974, 3-4.

til að móta líf sitt og framtíðaráform. Þær eiga að ráða yfir sínum líkama að svo miklu leyti sem það er unnt. Sú skoðun, að læknir eigi að segja síðasta orðið, þegar kona hefur sótt um fóstureyðingu, er örvæntingarfull tilraun karla til að halda við karlmannahjóðfélaginu.

Um frumvarpið um fóstureyðingar árið 1973 segir Rauðsokkahreyfingin í fyrrnefndu bréfi; „Hér er á ferðinni eitt af stærstu málum jafnréttisbaráttunnar, því styðjum við ... af alhug það frumvarp um fóstureyðingar, sem lagt hefur verið fram á alþingi og treystum þjóðkjörnum fulltrúum okkar til að koma því í örugga höfn.“<sup>113</sup> Það er augljóst af framangreindum skoðunum Rauðsokkahreyfingarinnar að hér á Íslandi eins og erlendis voru frjálsar fóstureyðingar lykilatriði í kvennabaráttunni.

### **5.3. Sögur um ólöglegar fóstureyðingar**

Þegar lög nr 38/1935 voru sett voru rökin fyrir nauðsyn slíkra laga m.a. sá fjöldi ólöglegra fóstureyðinga sem viðgekkst. Í umræðunni á áttunda áratugnum um þörfina á nýjum lögum um fóstureyðingar voru ólöglegar fóstureyðingar aftur dregnar upp á yfirborðið.

Rauðsokkahreyfingin lagði áherslu á nauðsyn þess að sett yrðu lög sem heimiluðu konum frjálsar fóstureyðingar til að koma í veg fyrir að þær þyrftu að láta eyða fóstri ólöglega. Bæði væri það andstætt lögum og því unnið að tjaldabaki og auk þess rándýrt og áhættusamt fyrir heilsu kvenna.

Á þriðja og fjórða áratugnum höfðu læknar framkvæmt ólöglegar fóstureyðingar með skröpun legsins eða álíka aðgerðum, eins og fram kom í máli Vilmundar Jónssonar landlæknis hér að framan. En á sjöunda og áttunda áratugnum, komu þeir af stað fósturláti. „Sem betur fer fyrir konurnar hafa það verið læknar, sem hjálpað hafa á Íslandi í þessum tilvikum,“ segir í Forvitin rauð, „erlendis hafa hinir og þessir kuklarar tekið að sér verkið, oft með banvænum afleiðingum.“

Íslenskar konur birtu ekki undirritaða yfirlýsingu um að þær hefðu látið eyða fóstri í trássi við lög eins og franskar og þýskar konur gerðu en þær drógu samt sem áður ólöglegar fóstureyðingar á Íslandi fram í dagsljósið. Til að ítreka nauðsyn þess að lög um fóstureyðingar yrðu rýmkuð birti Rauðsokkahreyfingin sögur reykvískra kvenna sem slíkt höfðu reynt. Þessar sögur eru hafðar nafnlausar vegna smæðar þjóðfélagsins:

Venjulega er þagað, en að því kemur að ekki verður orða bundist. Þegar barist er gegn máli, sem snertir frelsi okkar kvenna svo mjög sem rýmkuð löggjöf um fóstureyðingar verðum við að segja frá ranghverfunni, smáninni, niðurlægningunni, sem okkur er sýnd með því að neyða okkur til að leita ólöglegrar fóstureyðingar.<sup>114</sup>

<sup>113</sup> Forvitin rauð 3. tlb. jan. 1974, 2.

<sup>114</sup> Forvitin rauð 3. tlb. jan. 1974, 13.

Í sögum þessara kvenna koma fram ýmsar félagslegar ástæður fyrir að þær töldu sér ókleift að eiga barn. Leiðin sem kona fór til að fá fóstureyðingu var í stuttu máli þessi; Hún leitaði til læknis sem vitað var að aðstoðaði konur í slíkum tilvikum, annað hvort sem hún vissi af sjálf eða henni var bent á. Sumir læknar framkvæmdu þetta við fyrstu beiðni aðrir synjuðu í fyrstu. Þeir komu af stað fósturláti, konurnar borguðu háa fjárhæð á staðnum, jafnvel sem samsvaraði einum mánaðarlaunum eða meira. Aðgerðin var ákaflega sársaukafull og án svæfingar og deyfingar. Konurnar máttu ekki æmta né skræmta á meðan á þessu stóð því ekki mátti heyrast út fyrir herbergið hvað þar færi fram og ekki segja frá á eftir sama hvað gerðist. Strax eftir aðgerðina þurftu þær að fara heim. Sumar kvennanna sem segja frá urðu veikar á eftir og þurftu á sjúkrahús vegna heiftarlegra blæðinga aðrar sluppu betur og misstu fóstrið án verulegs blóðmissis nokkrum dögum eftir aðgerðina.<sup>115</sup> Allar segja þær að þær sjái ekki eftir að hafa látið eyða fóstri. Þær hafi verið að gera það eina rétta miðað við þáverandi kringumstæður sínar.

Konur fóru einnig þá leið að fara á sjúkrahús erlendis þar sem fóstureyðingalöggjöfin var rýmri en hér á landi. Þar voru fóstureyðingar löglegar og framkvæmd þeirra samkvæmt opinberum kröfum og því hvorki eins áhættusamar né sársaukafullar og þær ólöglegu aðgerðir sem konur fóru í út úr neyð heima á Íslandi. Rauðsokkahreyfingin hafði oft milligöngu um að aðstoða konur við að komast í samband við sjúkrahús erlendis.<sup>116</sup> *Forvitin Rauð*, mál gagn rauðsokkuhreyfingarinnar birti heimilisföng stofnana erlendis sem framkvæmdu fóstureyðingar.<sup>117</sup> Skrifstofa SÍNE í Reykjavík veitti einnig upplýsingar um fóstureyðingar í London og Hollandi.<sup>118</sup> Íslenskar konur fóru einnig á eigin vegum til útlanda og fundu sjálfar sjúkrahús sem leyst gæti úr málum þeirra.<sup>119</sup>

---

<sup>115</sup> Forvitin rauð 3. tlb. jan. 1974, 13-18.

<sup>116</sup> Forvitin rauð 3. tlb. jan. 1974, 16.

<sup>117</sup> Forvitin rauð 3. tlb. jan. 1974, 6, 20.

<sup>118</sup> Lúknaneminn 2. tlb. 26. árg. j·li 1973, 11.

<sup>119</sup> Forvitin rauð 3. tlb. jan. 1974, 17.

## VI. NÝ LÖGGJÖF UM FÓSTUREYÐINGAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1975

### 6.1. Aðdragandi og setning nýrra laga um fóstureyðingar

„Frumvarp til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir“ var lagt fyrir alþingi árið 1974.<sup>120</sup> Aðdragandinn að þessu lagafrumvarpi var í stuttu máli þessi. Árið 1970 skipaði Eggert Þorsteinsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, nefnd til að endurskoða gildandi lög um fóstureyðingar nr. 38/1935 og 16/1938.<sup>121</sup> Það var að tilhlutan Sigurðar Sigurðssonar þáverandi landlæknis sem heilbrigðisráðherra skipaði þessa nefnd. Það var reynsla landlæknis af brestum í framkvæmd laganna sem olli því að hann taldi þessarar endurskoðunar þörf.<sup>122</sup> Í nefndina voru skipaðir þrjú læknar, prófessorarnir Pétur Jakobsson, Tómas Helgason og Sigurður Samúelsson.<sup>123</sup>

Þessi nefndarskipun var nokkuð gagnrýnd, einkum af konum sem töldu eðlilegra að kona eða konur ættu sæti í nefnd sem fjallaði um þessi mál. Þegar Sigurður Samúelsson óskaði lausnar úr nefndinni árið 1971 var Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttarlögmaður skipuð í hans stað af Magnúsi Kjartansyni þáv. heilbrigðisráðherra. Árið 1971 var Vilborg Harðardóttir blaðamaður einnig fengin til starfa þannig að nefndin samanstæði af jafnmörgum körlum og konum. Svava Stefánsdóttir félagsráðgjafi var ráðin ritari og starfsmaður nefndarinnar þetta sama ár.<sup>124</sup> Þessi nefnd kannaði hvernig lög nr. 38/1935 og 16/1938 höfðu reynst í framkvæmd m.a. með viðtölum við konur sem fengið höfðu fóstureyðingu samkvæmt ákvæðum þessara laga. Einnig var safnað gögnum hjá landlækni um veitingu leyfa fyrir fóstureyðingum og um synjanir á fóstureyðingum. Einnig kynnti nefndin sér ítarlega erlendar löggjafir og reynslu annara þjóða í þeim efnum.<sup>125</sup> Við athugun á heilbrigðisskýrslum með upplýsingum um framkvæmd laganna komst nefndin að þeirri niðurstöðu að miklar og alvarlegar gloppur væru í framkvæmd laganna og landlæknisnefndin hefði synjaði mörgum konum um fóstureyðingar út frá þröngum sjónarmiðum um heilsu þeirra sem ekki samræmdust ríkjandi skoðunum nútímans.<sup>126</sup>

Í nóvember árið 1971 lagði Bjarni Guðnason fram þingsályktunartillögu á alþingi sem lagði til að heimildir til fóstureyðinga yrðu rýmkaðar og sjálfsákvörðunarréttur konunnar

<sup>120</sup> Alþingistíðindi 1974-75 A.2., 868.

<sup>121</sup> Fóstureyðingar 1976-1983, 19-20. og Alþingistíðindi 1974-75 A.3., 1469-1470.

<sup>122</sup> Alþingistíðindi 1973-74 B.1., 711.

<sup>123</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.2., 1399.

<sup>124</sup> Alþingistíðindi 1973-74 B.1., 711.

<sup>125</sup> Fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, 5-6.

<sup>126</sup> Fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, 9-10, 13, 16. Sjá einnig t-flur um synjanir umsókna um fóstureyðingar og vananir á árunum 1964-1970 á bls. 63-72.

tryggður með lögum.<sup>127</sup> Þessari tillögu var vísað til nefndarinnar sem fékkst við endurskoðun fóstureyðingalaganna og lýsti hún yfir jákvæðri afstöðu til hennar.<sup>128</sup>

Í nóvember 1973 lagði ríkisstjórnin fram á alþingi frumvarp til laga sem áður nefnd nefnd hafði samið. Þar var m.a. lagt til að fóstureyðingar yrðu heimilaðar af félagslegum ástæðum einum saman ef þær væru erfiðar. Nefndin lagði einnig til að ákvörðun um fóstureyðingu væri eingöngu í höndum viðkomandi konu ef aðgerðin væri framkvæmd fyrir lok 12. viku meðgöngunnar ef engar læknisfræðilegar ástæður mæltu á móti fóstureyðingu. Þetta ákvæði varð mjög umdeilt og mætti verulegri andstöðu meðal þingmanna. Frumvarpið náði því ekki samþykki.

Í nóvember 1974 skipaði, heilbrigðis og tryggingamálaráðherra, Mattías Bjarnason nýja nefnd til að endurskoða frumvarpið frá 1973 í ljósi þeirrar gagnrýni sem fram hafði komið á það.<sup>129</sup> Í nefndinni sátu Ingimar Sigurðsson fulltrúi í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og alþingismennirnir Ellert B. Scerham og Halldór Ásgrímsson. Nefndin átti að hafa tvennt til hliðstjórnar við endurskoðun frumvarpsins frá 1973. Í fyrsta lagi að lög frá 1935 og 1938 væru orðin úrelt og ófullnægjandi. Í öðru lagi að mögulegt yrði að gera frumvarpið að lögum á alþingi árið 1974.<sup>130</sup> Niðurstaðan varð sú að frumvarpið frá 1973 var aftur lagt fyrir alþingi en í nokkuð breyttri mynd. Frumvarpið var samþykkt sem lög nr. 25, 22. maí 1975.

Með lögum nr. 25/1975 er heimild til fóstureyðinga rýmkuð frá því sem áður var á þann hátt að hún er heimilud vegna félagslegra ástæðna eingöngu jafnt sem læknisfræðilegum. Sem fyrr er konu heimil fóstureyðing hafi henni verið nauðgað. Með þessum lögum eru fóstureyðingar ekki gerðar alveg frjálssar eða leyfðar að ósk konu eingöngu heldur háðar vissum skilyrðum. Í fyrsta lagi að kona hafi verið frædd um áhættuna við aðgerðina og hvaða félagslega aðstoð standi henni til boða í þjóðfélaginu. Í öðru lagi þarf að liggja fyrir rökstudd greinargerð tveggja lækna ef um læknisfræðilegar ástæður er að ræða eða lækni og félagsráðgjafa ef eingöngu er sótt um fóstureyðingu vegna félagslegra ástæðna. Og í þriðja lagi skal fóstureyðing vera framkvæmd fyrir 12 viku meðgöngu og eftir 16 viku er hún eingöngu heimil af læknisfræðilegum ástæðum og ef líkur eru taldar á vansköpun fósturs, erfðagöllum eða fósturskaða.

Ef konu er synjað um fóstureyðingu eða ágreiningur kemur upp um framkvæmd hennar skal vísa málinu strax til landlæknis. Hann leggur málið fyrir nefnd sem skipuð er til að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Þessi nefnd skal vera skipuð lækni, lögfræðingi og félagsráðgjafa.<sup>131</sup>

<sup>127</sup> Fóstureyðingar 1976-1983, 19.

<sup>128</sup> Fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, 5.

<sup>129</sup> Fóstureyðingar 1976-1983, 19.

<sup>130</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.2., 1400-1401.

<sup>131</sup> Fóstureyðingar 1976-1983, 20.

## 6.2. Umræður um frumvarp um fóstureyðingar á alþingi 1973

Skoðanir eru mjög skiptar meðal þingmanna í umræðunum um frumvarpið um fóstureyðingar árið 1973. Gunnar Gíslason er t.d. á móti rýmkun fóstureyðingarlaganna. Máli sínu til stuðnings vitnar hann í greinargerð nefndar presta sem biskup yfir Íslandi herra Sigurbjörn Einarsson skipaði til að fjalla um frumvarpið. Þar segir m.a. að stórlega vanti varnarstarf eins og fræðslu um barneignir og getnaðarvarnir. Nefndin leggur höfuðáherslu á nauðsyn þess að fyrirbyggja ótímabæra þungun sem leiddi til fóstureyðingar. Fyrirbyggja ætti þörf fyrir fóstureyðingar með því að bæta úr félagslegum vanda fjölskyldna eða einstæðra mæðra með félagslegri aðstoð af ýmsum toga. „Rýmkun fóstureyðingarlöggjafar getur því ekki talist eðlileg ráðstöfun, meðan hinn félagslegi vandi er enn óleystur.“ Framkvæmd fóstureyðinga yrði auk þess mjög kostnaðarsöm fyrir samfélagið, segir í greinargerð prestanna.<sup>132</sup>

Mest er andstaðan við fyrsta tölulið 9. greinar frumvarpsins, sem kveður á um að kona skuli fá fóstureyðingu innan fyrstu 12 vikna meðgöngu óski hún þess, ef engar læknisfræðilegar ástæður mæli gegn því.<sup>133</sup> Ragnhildur Helgadóttir vill láta fella 1. tölul. 9.gr. niður. Hún telur að sú rýmkun sem frumvarpið að öðru leyti feli í sér sé nægileg því að þau tilfelli sem væru mjög vandasöm frá heilsufræðilegu, félagslegu eða siðferðilegu sjónarmiði myndu veita fulla heimild til fóstureyðingar samkvæmt frumvarpinu þó svo að ákvæðið um sjálfsákvörðunarrétt konu félli niður. Hún telur greinilega að konur séu ófærar um að axla ábyrgð af ákvörðunum sínum:

Menn hafa hneigst til að halda því fram, að þarna sé um að ræða algert frumréttaratriði fyrir konuna og þetta sé sjálfsagt mannréttindamál. ... ég er þessu ósammála. Ég held, að það sé mikill misskilningur, að konur telji þarna um réttindamál fyrir sig að ræða. Þannig er, að kona, sem tekur ákvörðun sjálf og ein um það, að fósturi, sem hún gengur með, sé eytt, getur átt við hörmulegar sjálfsásakanir að stríða síðar á ævinni. ... sem ég held, að kæmi síður til, ef um væri að ræða, að konan hefði látið framkvæma aðgerðina að læknisráði eða með samþykki tveggja lækna eins og nú er [skv. gildandi lögum nr 38/1935].

Og meira um álit þingkonunnar á ábyrgðartilfinningu kvenna en hún telur einnig hættu á að fyrrnefnt ákvæði um sjálfsákvörðunarrétt kvenna gæti leitt til þess að þær færu að nota fóstureyðingar sem þungunarvörn.<sup>134</sup>

Rauðsokkahreyfingin vildi að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt eins og kom fram í kafla 5.2. En lækna voru á öðru máli og á aðalfundi Læknafélags Íslands sem haldinn var í Reykjavík í september 1973 var samþykkt ályktun um frumvarpið sem hljóðar m.a. þannig:

Fundurinn lýsir eindreginni andstöðu við tillögu hinnar stjórnskipuðu n., að fóstureyðingar skuli heimilaðar að ósk konunnar eingöngu. Með slíku ákvæði er ákvörðun um aðgerð, sem

<sup>132</sup> Alþingistíðindi 1973-74 B.1., 719-723.

<sup>133</sup> Alþingistíðindi 1973-74 A.1., 568.

<sup>134</sup> Alþingistíðindi 1973-74 B.1., 730-731.



valdið getur varanlegu heilsutjóni, tekin úr hendi læknisins og öryggi sjúklingsins þannig stefnt í óþarfa hættu.<sup>135</sup>

Svava Jakobsdóttir gerir athugasemd við þessa ályktun lækna og vísar í fyrrnefnd ákvæði frumvarpsins. Hún segir að það væri ekki hið læknisfræðilega vald sem yrði véfengt því þeir gætu synjað konu um fóstureyðingu af læknisfræðilegum ástæðum. En hins vegar væri siðferðislegt vald þeirra véfengt. Sjálfsákvörðunarréttur konunnar væri ekki læknisfræðilegt atriði og því ekki undir valdsviði lækna.<sup>136</sup>

Í greinargerð læknafélagsins segir enn fremur að hafa bæri í huga að aðgerðir þær sem frjálsar fóstureyðingar hefðu í för með sér myndu oft stangast á við siðgæðishugmyndir starfsfólks sem að þeim ynnu. Einnig gætu frjálsar fóstureyðingar skapað erfiðleika vegna skorts á sjúkrarúmum.<sup>137</sup>

Þessu svarar Svava Jakobsdóttir þannig að fæðingar kosti líka sitt og hún sjái ekki því lækna ættu að reikna með að fóstureyðingar yrðu fleiri en fæðingar.<sup>138</sup> Hún segist styðja frumvarpið og vonar að það verði samþykkt óbreytt eða að minnsta kosti meginstefna þess sem hún telur fólgni í ákvæðinu um ákvarðanarétt konunnar. Um andstöðu ýmissa gegn frumvarpinu vegna þess að fóstureyðing væri eyðing á lífi segir hún:

Ég hef hins vegar aldrei skilið, hvers vegna atriði sem það, hvenær líf kvikni, er til umræðu nú. Það er ekkert í þessu frv., sem gefur tilefni til þess, að menn séu að eyða tíma í svo tilgangslausar umræður. Ef þetta væri í fyrsta skipti, sem fr. um fóstureyðingu væri lagt fram, ef við hefðum enga löggjöf um fóstureyðingu, væri kannske skiljanlegt, að menn ræddu það. En nú höfum við löggjöf um fóstureyðingu, sem gerir ráð fyrir, að eyða megi fósttri innan 8 vikna og innan lengri tíma, ef þörf krefur. Ef menn vilja hins vegar halda því fram, að eitthvert líf kvikni á tímabilinu á milli 8 vikna og 12 vikna, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, þá er hugsanlegt, að þeir vilji velja vöngum yfir þessu atriði. En ég get ekki ímyndað mér, að nokkrum finnist grundvöllur fyrir því að fara að hugleiða þetta 4 vikna tímabil, sem er eina breytingin frá núgildandi löggjöf, hvað þetta snertir.

Um þá álitgerð sem fyrrnefnd nefnd presta sendi frá sér þar sem þeir lýsa sig andvíga sjálfsákvörðunarrétti konu til fóstureyðingar, segir Svava Jakobsdóttir:

Prestar og lækna tilheyrta stéttum, sem eru þannig í eðli sínu, að þeir geta mjög auðveldlega fallið í þá freistni að gerast siðferðislegir háyfirdómarar annarra. Þetta er þó það meginatriði sem Lúther hafnaði hjá kaþólsku kirkjunni. Þetta finnst mér, að prestar þjóðkirkjunnar, hinnar evangelísk-lúthersku kirkju hér á Íslandi, ættu að hugleiða. Þetta er í raun og veru spurningin um það, hvort einstaklingur á sjálfur að bera siðferðilega ábyrgð á gerðum sínum eða hvort einhver annar á að gera það fyrir hann og þá einhver, sem er svo voldugur, að hann getur tekið sér það vald. Þegar siðferðilegur yfirdómur hefur getað tekið sér slíkt vald, sýnir sagan gegnum aldir, að það hefur ætíð leitt til tvöfalds siðgæðis og

<sup>135</sup> Alþingistíðindi 1973-74 B.1., 725.

<sup>136</sup> Alþingistíðindi 1973-74 B.1., 729.

<sup>137</sup> Alþingistíðindi 1973-74 B.1., 725-726.

<sup>138</sup> Alþingistíðindi 1973-74 B.1., 727.

hræsni. ... Þjóðfélag, sem gerir einstaklinginn að þessu leyti ómyndugan, heyrir til liðnum tíma og er í engu samræmi við þær hugmyndir, sem uppi eru í dag.<sup>139</sup>

Ólafur G. Einarsson styður einnig frumvarpið í öllum meginatriðum og segist treysta því að sérhver kona muni aldrei grípa til fóstureyðingar nema sem neyðarúrræðis. Konurnar hlytu að vera sá aðili sem hefði úrskurðarvald í þessu efni. Um ýmis andmæli gegn frumvarpinu segir hann:

Mér kemur mjög á óvart og kannske ekki síst hjá konum það vantraust, sem þær bera til kynsystra sinna. Sækir í raun og veru nokkur kona um fóstureyðingu, nema hún telji sig hafa fulla ástæðu til þess? ... Það liggur í munni manna hér, að flestar konur muni þá sækja um fóstureyðingu innan þessa ákveðna tíma, þetta verði landlæg plága og allt í voða.

Ólafi þykir þetta undarlegt vantraust til kvenna og væri auðvitað bara tilbúin röksemd til að andmæla þessari merkilegu nýjung sem þessi lög yrðu.<sup>140</sup>

Það náðist ekki samkomulag um þetta frumvarp eins og fram kom hér að framan og því var vísað í nefnd til nánari umfjöllunar. Endurskoðuð útgáfa þess var svo lögð fyrir alþingi árið 1974. Lítum nánar á það í næsta kafla.

### **6.3. Frumvarp um fóstureyðingar á alþingi árið 1974**

Í greinargerð um frumvarp um fóstureyðingar og fleira, sem lagt var fram árið 1974, vitnar Mattías Bjarnason þáverandi heilbrigðismálaráðherra í athugasemdir sem stjórn Læknafélags Íslands gerði við frumvarpið árið 1973. Þar segir að stjórn Læknafélagsins vilji að 1.liður 9. gr. um að fóstureyðing sé heimil að ósk konu fyrir 12 viku verði felld niður en í stað þess verði fóstureyðing heimiluð vegna félagslegra ástæðna fyrir lok 12. viku.

Mattías Bjarnason segir að breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu beindust allar að því að ná sem víðtækastri samstöðu svo að hægt yrði að samþykkja það á þessu þingi. „Breytingar þessar gera lögin að mínum dómi í senn framkvæmanlegri og réttlátari en áður.“ Aðalbreytingin snertir 1. tölulið. 9. gr. sem heimilaði konu fóstureyðingu innan 12 viku meðgöngu óskaði hún þess. „Fóstureyðing var því heimil án nokkurra félagslegra eða læknisfræðilegra ástæðna eða sem eins konar getnaðarvörn er grípa mætti til, sýndist konu svo“, segir Mattías. En nú hefði þessu ákvæði verið breytt á þann veg að fóstureyðing væri heimil vegna félagslegra ástæðna:

Þegar ætla má að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu óbærileg vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna. Við slíkar ástæður skal tekið tillit til eftirfarandi:

<sup>139</sup> Alþingistíðindi 1973-74 B.1., 727-728.

<sup>140</sup> Alþingistíðindi 1973-74 B.1., 733-734.

- a) Hafi konan alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnburði.
- b) Eigi konan við að búa bágar heimilisástæður vegna ómegðar, fátæktar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.
- c) Þegar konan getur ekki vegna æsku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt.
- d) Annara ástæðna, séu þær fyllilega sambærilegar við ofangreindar aðstæður.<sup>141</sup>

#### **6.4. Breytingartillaga um að alþingi bæri að viðurkenna sjálfsákvörðunarrétt kvenna í nýju fóstureyðingalögunum**

Magnús Kjartansson lagði fram breytingartillögu við frumvarpið sama efnis og 1. tl. 9. gr. frv. 1973 um að fóstureyðing skyldi vera heimil að ósk konu innan fyrstu 12 vikna meðgöngunnar. Hann lagði áherslu á að þetta ákvæði fæli ekki í sér frjálsar fóstureyðingar eins og andstæðingar þess héldu stíft fram heldur væri ákvarðanaréttur konunnar bundinn vissum skilyrðum. Í fyrsta lagi yrði meðgöngutími að vera innan við 12 vikur. Í öðru lagi mættu engar lækisfræðilegar ástæður mæla gegn aðgerð. Og í þriðja lagi þá yrði konan að ræða vanda sinn við sérfróða aðila. Magnús benti á að þetta væru strangari skilyrði en tíðkuðust í nágrannalöndunum, t.d. í Danmörku.<sup>142</sup>

Ástæðan fyrir breytingartillögu Magnúsar var sú að hann var mjög ósáttur við að heilbrigðis- og tryggingarmálanefndin hafði fellt niður ákvæðið um sjálfsákvörðunarrétt konu til fóstureyðingar við endurskoðun frumvarpsins frá árinu 1973. Það var sannfæring Magnúsar að kona yrði að hafa rétt til að gera það upp við sjálfa sig í samræmi við samvisku sína og mat sitt á framtíðinni hvort hún léti eyða fóstri eða ekki. Slíka ákvörðun gæti enginn tekið fyrir hana. Honum þótti það vera furðulegur siðgæðishroki þegar sérmenntaðir menn, læknar, prestar eða félagsráðgjafar teldu sig þess umkomna að taka siðferðilega ákvörðun fyrir konur og knýja ákvörðun sína og vald upp á þær.<sup>143</sup>

Þessi breytingartillaga Magnúsar Kjartanssonar um það að alþingi bæri að viðurkenna sjálfsákvörðunarrétt kvenna og tryggja hann með lögum varð mjög umdeild á þinginu og mætti harðri andstöðu. Hvers vegna? Hver voru helstu rök þingmanna gegn sjálfsákvörðunarrétti kvenna til fóstureyðingar? Rétti sem Rauðsokkahreyfingin taldi grundvallar mannréttindi hverrar konu og sama gerðu kvannahreyfingar erlendis á þessum tíma. Hvers vegna snérist meirihluti íslenskra þingmanna gegn rétti konu til að ákveða sjálf um örlög sín ef hún yrði ófrísk gegn vilja sínum eða gæti af einhverjum öðrum ástæðum ekki hugsað sér að ala barn? Í köflunum hér á eftir er dreginn fram rauði þráðurinn í umræðum þingmanna með og á móti sjálfsákvörðunarrétti kvenna til fóstureyðingar. Skyggnumst inn í hugarheim íslenskra stjórnmálamanna árið 1974 og skoðum viðhorf þeirra til kvenna.

<sup>141</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.2., 1400-1401.

<sup>142</sup> Alþingistíðindi 1974-75 A.3., 1428-29.

<sup>143</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.2., 1406.

## **6.5. Alþingismenn álitu að ef ákvörðun kvenna nægði þá myndu þær nota fóstureyðingar sem getnaðarvörn**

Sverrir Hermannson er andvígur því að kona væri sjálfráð um fóstureyðingu til að fyrirbyggja að ungar konur færu að nota fóstureyðingu eins og getnaðarvörn eins og reynsla víða sýndi að þeim hætti til að gera.<sup>144</sup> (Ekki útskýrir þingmaðurinn hvaðan sú reynsla er fengin en á líklega við nágrannalönd Íslands.) Í sama streng tekur Jón Skaftason. Ef ákvörðun kvenna nægði sem heimild til fóstureyðingar þá myndu þær ekki nota getnaðarvarnir heldur nota fóstureyðingar sem getnaðarvörn. Fóstureyðingum myndi þess vegna fjölga gríðarlega, álitur þingmaðurinn.<sup>145</sup>

Það eru ekki eingöngu karlkyns þingmenn sem vantreysta siðferðisvitund kvenna gagnvart ábyrgu kynlífi. Ragnhildur Helgadóttir beitir þeim rökum einnig. Hún er mótfallin sjálfsákvörðunarrétti kvenna til fóstureyðingar því hún telur að kona hafi ekki rétt til að eyða lífi sem er kviknað. Hins vegar finnst henni rétt að tala um sjálfsákvörðunarrétt kvenna um það hvort barn yrði getið eða ekki með því að taka pillunna.<sup>146</sup>

Sigurlaugu Bjarnadóttur þykir einnig furðu hljótt um þá spurningu hvort þessi sami sjálfsákvörðunarréttur kæmi ekki fyrir inn í myndina þegar talað væri um rétt konu til fóstureyðingar. „... hvort hún hefði ekki fyrir þurft að vera sér meðvitandi um ábyrgð kynlífsins, afleiðingar þess og ávöxt.“<sup>147</sup> Sigurlaug er andvíg sjálfsákvörðunarrétti kvenna til fóstureyðinga því að hún álitur, eins og fleiri á þessu þingi, að konur myndu nota fóstureyðingu sem getnaðarvörn. Hún segir að með almenn mannúðar- og siðgæðissjónarmið fyrir augum komi ekki til greina að leyfa fóstureyðingar að ósk konu eingöngu því það væri að „... láta undan óbilgjörnum og siðlausum kröfum háværra minnihlutahópa sem lengst vilja ganga í þessum efnun.“<sup>148</sup> Konur sem sæktu um fóstureyðingu án þess að vilja tíunda ástæður sínar væru þá líklega óvinir þessara almennu mannúðar- og siðgæðissjónarmiða sem Sigurlaug Bjarnadóttir þingkona talar um. Þessi siðlaus minnihlutahópar sem hún ýjar að er líklegast Rauðsokkahreyfingin.

## **6.6. „hvatskeytlegar ákvarðandir“ þungaðra kvenna**

Ragnhildur Helgadóttir talar á sömu nótum og árið áður um að barnshafandi konur á fyrstu vikum meðgöngu væru oft í svo viðkvæmu hugarástandi að þær væru ekki dómbærar á

<sup>144</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.2., 1410.

<sup>145</sup> Alþingistíðindi 1974-75. B.3., 2951.

<sup>146</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2967-68.

<sup>147</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2979-80.

<sup>148</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2984.

ákvarðanir sínar. Þær tækju því ákvarðanir í erfiðleikum auginnabliksins sem þær gætu iðrast síðar. Það væri þess vegna ekki rétt að leyfa fóstureyðingu eftir vilja konu eingöngu.<sup>149</sup>

Oddur Ólafsson er sama sinnis og Ragnhildur og ítrekar það sem rök gegn því að kona sé einfær um að taka ákvörðun um fóstureyðingu. Hann talar um dómgreindarleysi kvenna stuttu eftir getnað. „...það er almennt viðurkennt ... að konur séu gjarnan haldnar þunglyndi fyrstu vikunnar eftir að þær verða þungaðar“, segir Oddur. „Þetta getur að sjálfsögðu eitt út af fyrir sig ruglað dómgreind þeirra á þessu tímabili.“<sup>150</sup>

Pálmi Jónson ræðir líka um annarlegt ástand ófrískra kvenna sem gæti orðið til þess að þær tækju „hvatskeytlegar ákvarðanir“ sem þær myndu iðrast síðar. Þess vegna væri nauðsynlegt að aðrir aðilar, helst læknar, hefðu hönd í bagga með konum um að taka slíka ákvörðun.<sup>151</sup> Með öðrum orðum, þessir háttvirtu þingmenn vilja að einhver aðili hafi vit fyrir ófrískum konum sem eru ófærar um að hugsa sjálfar vegna einhverskonar tímabundinnar tilfinningasveiflu og dómgreindarleysis sem leggst á ófrískar konur!

Magnúsi Kjartanssyni þykir framantalin rök gegn konum ekki raunhæf. Hann segir að kona myndi kannski iðrast þess síðar að hafa farið í fóstureyðingu. En það væri einn vandi lífsins að menn yrðu að taka ákvarðanir hvort sem þeir gætu iðrast þeirra seinna eða ekki. „Þess vegna er ég þeirrar skoðunar, einmitt af siðferðilegum ástæðum,“ segir hann, „að þetta ákvörðunarvald eigi hvergi að vera nema hjá konunni sjálfri, en að sjálfsögðu innan þeirra marka að slíka ákvörðun verði að taka innan 12 vikna meðgöngu.“<sup>152</sup>

## ***6.7. Sjálfsákvörðunarréttur er gegn réttindum kvenna***

Ragnhildur Helgadóttir átti sæti í heilbrigðis- og tryggingamálanefndinni og stóð að tillögum meirihluta hennar um breytingar á frumvarpinu frá 1973. Hún segist hafa nokkra sérstöðu því hún sé eina konan í nefndinni og því sú eina af nefndarmönnum sem gengið hafi með og fætt börn. Hún segist því sjá ástæðu til að greina nánar frá viðhorfum sínum til þessara mála heldur en kæmu fram í nefndarályktuninni.

Hún vill benda á það að fóstureyðingar væru ekki sérmál kvenna heldur málefni barna og foreldra og þjóðfélagsins alls. Það væri grundvallar misskilningur að frumvarp um fóstureyðingar snúist um kvenréttindamál segir hún og bætir við í framhaldi af því:

Ég tel mig vera kvenréttindakonu í þess orðs fyllstu merkingu og þá á ég við að ég vil reyna að vinna að því að jafnrétti karla og kvenna sé sem mest í þjóðfélaginu. Ég held að þegar því er haldið fram að það sé sjálfsagður réttur konu að mega eyða því lífi sem hún ber undir belti eða eins og það er orðað stundum: ráða því sjálf hvort hún gengur með, fæðir og elur

<sup>149</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2971-72.

<sup>150</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 3258.

<sup>151</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2998-2999.

<sup>152</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.2., 1406.

upp það barn sem hún á von á, þá séum við að tala um kvenréttindamál á villigötum. Mér er ómögulegt að líta á það sem sjálfsagðan rétt einnar manneskju að eyða lífi og allra síst þegar um það líf er að ræða sem á fyrir höndum að verða að manneskju, líf sem er algerlega komið undir því að það fái næringu úr líkama þeirrar móður sem tekur þessa ákvörðun.

Ragnhildi finnst rangt að tala um sjálfsákvörðunarrétt konu í þessu sambandi. Konan ætti ekki ein hlut að máli heldur væri faðir barns eða þungans og það líf sem hún bæri einnig viðriðinn þetta mál. Kona væri þess vegna einnig að taka ákvörðun fyrir líf föður og barns.<sup>153</sup>

Ragnhildur telur einnig að ef fóstureyðingar yrðu leyfðar að ósk konu eingöngu þá mundi slík löggjöf svipta þær vissri réttarvernd sem þær annars hefðu. Hún rökstyður þetta með því að karlmenn gætu notfært sér ákvæðið um frjálssar fóstureyðingar með því að hóta að sverja fyrir barnið fari kona ekki í fóstureyðingu. Þannig myndi ákvæðið snúast gegn konum sem vopn í hendi karlmannna til að hlaupast undan ábyrgð.<sup>154</sup> Framangreind atriði ættu að sýna mönnum að það væri ekki rétt að tala „... um það að löggjöf um frjálssa fóstureyðingu feli í sér réttarbót fyrir konur“, segir Ragnhildur Helgadóttir.<sup>155</sup>

Svava Jakobsdóttir segist líta á fóstureyðingar sem kvenfrelismál og er algerlega ósammála Ragnhildi Helgadóttur um að þær væru ekki kvenréttindamál, eins og hún hélt fram. Svava segir nóg að benda á dæmið sem Ragnhildur gaf um barnsföðurinn, sem væri í þeirri aðstöðu að geta hafnað móður og væntanlegu barni, til sönnunar á að þessi mál snérust fyrst og fremst um rétt kvenna því þetta dæmi sýndi best hve mismunandi aðstaða karls og konu væru í þessu sambandi.<sup>156</sup>

Sigurlaug Bjarnadóttir kveðst vera sammála Ragnhildi um að ófrísk kona á ekki að ráða sér sjálf og ein og segist fyrir sitt leyti vera þeirrar skoðunar að fyrir konu „sem stendur frammi fyrir svo alvarlegri ákvörðun sem fóstureyðing er, sé visst aðhald í lögum í margfalt fleiri tilvikum mikilvægur og kærkominn stuðningur fremur en skerðing á framtíðarmöguleikum hennar og lífshamingju.“ Sigurlaug segist geta tekið undir það með Ragnhildi Helgadóttur að í slíku aðhaldi sé fólgin viss réttarvernd fyrir konur.<sup>157</sup>

Soffía Guðmundsdóttir andmælir slíkum rökum. Henni þykir það sjálfsögð mannréttindi að kona fái að ákveða sjálf hvort hún vilji fæða barn og ala það upp. Soffía gagnrýnir þá sem þannig mæltu á móti rétti kvenna til að ráða lífi sínu. Það væri nú að koma í ljós, segir hún, hvert traust háttvirtir alþingismenn bæru til íslenskra kvenna úr því að þeir treystu þeim ekki til að ráða fram úr eigin vanda upp á sitt einsdæmi. „Það er ólíkt siðrænna viðhorf“, segir Soffía Guðmundsdóttir, „sem í því felst að móðerni sé nokkuð sem konan ákveður af fúsum og frjálsum vilja hvort hún vilji takast á hendur eða ekki.“ Í ræðu hennar kemur fram að engum ætti að fela í hendur slíkt vald yfir lífi kvenna eins og það að virða ekki

<sup>153</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2967-68.

<sup>154</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2968-69.

<sup>155</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2971-72.

<sup>156</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2976.

<sup>157</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2979.

sjálfsákvörðunarrétt þeirra. En það mætti með sanni segja að karlmannavaldið léti ekki að sér hæða frekar en fyrri daginn, bætir hún við. „Þetta er dæmigert kvenréttindamál," segir Soffía, „því að hér er einmitt um að ræða rétt konunnar til sjálfræðis og ábyrgðar. Sá réttur hefur ævinlega verið harðsóttur og svo er enn. Allar réttarkröfur sem miðast við að konan viðurkennist sem sjálfstæður einstaklingur, hafa löngum mætt harðri mótspyrnu.“<sup>158</sup>

## 6.8. Hver á að ráða?

Innlegg Svövu Jakobsdóttur í umræðuna um hver á að ráða því hvort kona fær fóstureyðingu, hún sjálf eða einhver annar, er langt og skorinort. Hún segir að eins og frægt sé orðið þá skipaði heilbrigðisráðherra nefnd þriggja karlmannna til að endurskoða fóstureyðingafrumvarpið frá 1973.<sup>159</sup> Henni þykir vinnubrögð ráðherra greinilega bera þess vitni að hann telji setningu laga um fóstureyðingar ekki koma konum mikið við. Mattías Bjarnason steig síðar í þessum umræðum upp í pontu og svaraði gagnrýni á að nefndin var skipuð 3 karlmönnum eingöngu þannig að honum hafi ekkert verið það ofarlega í huga af hvoru kyninu nefndin væri. Hann sagðist telja að það hefði ekki neinn skapaðan hlut að segja um störf hennar sem fólust í að endurskoða frumvarpið og fara einhverja millileið svo það gæti orðið að lögum á þessu þingi.<sup>160</sup> Ráðherra leit greinilega ekki svo á að málið snerti konur neitt sérstaklega. Eða voru þetta pólitísk klókindi þar eð hann ætlaði að koma þessu máli í höfn með málamiðlun og reiknaði með að konur hefðu haft frumvarpið óaðgengilegra skoðunum meirihluta þingmanna? Eins og kom fram í kafla 6.3. sagði heilbrigðismálaráðherra að frumvarpið árið 1974 væri málamiðlun við frumvarpið frá árinu áður þar sem meginmarkmiðið væri að fá það samþykkt. Það hafði ekki náðst samkomulag um ákvæði frumvarpsins um sjálfsákvörðunarrétt konu til fóstureyðingar á alþingi árið 1973 og ekki heldur í nefnd þeirri sem endurskoðaði frumvarpið árið 1974. Frumvarpinu var því breytt á þann veg að sjálfsákvörðunarrétturinn var felldur niður og í stað hans kom heimild til fóstureyðingar vegna félagslegra ástæðna og myndu læknir og félagsráðgjafi meta umsókn konu og veita henni heimild til fóstureyðingar eða ekki. Það er síðan fyrrnefnd breytingartillaga Magnúsar Kjartanssonar um að fella ekki ákvæðið um sjálfsákvörðunarrétt konu burt úr frumvarpinu sem veldur mestur umræðum og skoðanaskiptum á alþingi árið 1974. Um önnur ákvæði frumvarpsins voru þingmenn sammála í öllum meginatriðum.

En víkjum aftur að ræðu Svövu Jakobsdóttur um hver á að ráða því hvort kona lætur eyða fóstri. Hún vitnar í orð eins nefndarmanna, Ellerts B. Schram, í útvarpsviðtali þar sem hann segir að þau vinnubrögð að fela þingmönnum að endurskoða fóstureyðingafrumvarpið væru til fyrirmyndar því að alltof algengt væri að litið væri á alþingi sem afgreiðslustofnun og hið raunverulega vald þannig falið embættismönnum sem semdu frumvörpin. Þannig væri

<sup>158</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2354-56.

<sup>159</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2973-74.

<sup>160</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 3016-17.

réttur þingmanna til sjálfsagðra áhrifa og ákvörðunar skertur á ósæmilegan hátt. Í framhaldi af þessu segir Svava: „Við þessar aðstæður og með þetta í huga lét þessi þm. sér sæma að fella burt ákvæðið um ákvörðunarrétt kvenna í máli þar sem ábyrgðin hvílir endanlega á henni sjálfri og lagði þannig þennan rétt hennar í hendur embættismannavaldsins.“ Svava vitnar einnig í fyrrnefnda greinargerð Læknafélags Íslands. Þar segir að ef alþingi myndi samþykka 1. lið 9. gr. um sjálfsákvörðunarrétt kvenna þá legði stjórn Læknafélagsins til að inn í frumvarpið yrði sett ákvæði sem heimilaði starfsfólki heilbrigðisstétta að neita að starfa við fóstureyðingar. Þarna væri, segir Svava, verið að fara fram á að sjálfsákvörðunarréttur lækna og hjúkrunarfólks yrði virtur í greinargerð sem samin var í því skyni að reyna að aftra því að sjálfsákvörðunarréttur ófrískrar konu yrði virtur. Eða eins og segir í greinargerðinni; „Stjórn L.Í. telur að það sé hvorki mögulegt né réttmætt af konunni að krefjast slíks réttar.“ Um þetta segir Svava áfram í ræðu sinni:

Í báðum þessum dæmum, sem ég hef hér tekið, er krafan um sjálfsákvörðunarrétt byggð á siðferðilegum forsendum. Alþm. byggir ekki kröfu sína um sjálfsákvörðunarrétt á þeirri forsendu að hann búi yfir meiri sérþekkingu en embættismaðurinn. Læknirinn reisir ekki kröfu sína um sjálfsákvörðunarrétt á því að hann skorti þekkingu til að framkvæma fóstureyðingu. M.ö.o.: krafa þessara aðila er reist á nákvæmlega sömu forsendum og krafa þeirra sem berjast fyrir sjálfsákvörðunarrétti kvenna og rétti til sjálfræðis og ábyrgðar á eigin gerðum. Í framhaldi af þessu væri eðlilegt að spyrja: Er þá siðferðilegur réttur þm. til ákvörðunartektar æðri en siðferðilegur réttur konu til hins sama? Er siðferðilegur réttur læknis háleitari en siðferðilegur réttur konu?<sup>161</sup>

Svava segir að andstæðingar hennar í þessu máli kynnu að svara þessum rökum hennar með því að þetta dæmi væri ekki sambærilegt því að sjálfsákvörðunarréttur konu væri svo nátengdur rétti fóstursins til lífs. Krafa þingmanna og lækna væri því æðri því þeir bæru lotningu fyrir lífinu. Hún vísar í ræðu sína frá árinu áður um bollaleggingar manna um hvenær líf kvikni og segir að ef verið væri að setja lög í fyrsta skipti um fóstureyðingar þá væri þetta skiljanlegt en Íslendingar hefðu nú búið við lög í 40 ár sem heimiluðu fóstureyðingar við vissar aðstæður sem öllum hefði fundist sjálfsagt. Nú væri hins vegar verið að ræða um nýtt frumvarp með það nýmæli að heimila fóstureyðingar af félagslegum ástæðum einum saman og virtust allir vera samþykkir því, segir Svava. En þegar sett væri í frumvarpið ákvæði um sjálfsákvörðunarrétt konu þá risu upp miklar deilur. Hún beinir þeirri spurningu til þingheims hverju slíkur tvískinnungur ætti að sæta:

Þegar krafist er sjálfsákvörðunarréttar vanfærrar konu, þá er hrópað hátt um líf og synd og glæp. En þegar ákvörðunarrétturinn er færður í hendur embættismanna þagna þessar raddir. Þá er ekki lengur talað um synd og glæp. Þá hefur verknaðurinn hlotið opinbera blessun, og embættismannavaldið er hinn syndlaus endurlausnari. Hvað veldur þessu? Hvað veldur því að fólk sem veit betur, sem veit að við höfum leyft fóstureyðingar í 40 ár við viss skilyrði, fólk sem er reiðubúið að fallast á enn rýmri löggjöf en þá sem nú er í gildi, fellur í slíka

<sup>161</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2973-74.



gryfju rökleysis og mótsagna sem umsagnir biskups, nefnda og stjórnar Læknafélags Íslands eru gleggst dæmi um, þegar það eitt bætist við að endanlegt úrslitavald skuli vera í höndum konunnar sjálfar?<sup>162</sup>

Svava segir að ef litið væri til menningarsögulegra heimilda, allt frá dögum grískrar heimspeki og Gamla Testamentisins, þá kæmi í ljós að frá upphafi hafi kenningar manna um líf verið svo samofnar neikvæðu viðhorfi til kvenna að þar yrði ekki greint á milli. Hún rekur í stuttu máli tvær meginhugmyndir í viðhorfum til kvenna í gegn um tíðina. Annars vegar þá hugmynd að konan sé óhrein, guði vanþóknanleg og ill í eðli sínu. Hins vegar þá hugmynd að konuna skorti frá fæðingu vitsmuni og hæfileika sem karlmenn væru í eðli sínu gæddir. Hún segist nefna þessar staðreyndir því að báðar þessar kenningar hafi kirkjan tekið upp á arma sína. Kirkjan hafi einnig innleitt hugmyndirnar um að föstur hefði sál. „En jafnvel hér“, segir Svava, „markaði viðhorfið til kvenna sín spor. Tómas frá Aquino, einn mesti lærifaðir kirkjunnar, kenndi að karlkynsföstur öðlaðist sál eftir um það bil 40 daga í móðurkviði, en kvenkynsföstur ekki fyrr en eftir 80 daga.“ Þegar kirkjan var búin að ákveða að föstur hefði sál var föstureyðing orðin synd og glæpur og stutt í ríkisforsjá og refsirétt. Að vísu var refsingin mismunandi ströng því jafnvel heilagur Ágústínus kenndi að glæpur fátækrar konu sem deyddi barn sitt því hún gat ekki brauðfætt það væri minni en glæpur þeirrar konu sem eyddi föstri eingöngu til að dylja syndugt líferni. Í framhaldi af þessum orðum segir Svava:

Hér virðist mér komin hliðstæða við þær umr. sem átt hafa sér stað á Íslandi á allra síðustu tímum. Menn geta fallist á föstureyðingu vegna t.d. fátæktar eða annars álíka undir forsjá ríkis og lærðra manna. En menn óttast að sé endanlegt ákvörðunarvald fært konunni sjálfri í hendur, þá muni gerast annað hvort: Að hið synduga eðli hennar nái yfirhöndinni, konur muni sækjast eftir föstureyðingu af léttúð, hætta að nota getnaðarvarnir og lausung eflast í landinu - og ef ekki þetta, þá af hvötum sem stafa af hinni kenningunni um konuna, að hana skorti þroska, þrek, dómgreind og siðgæðisvitund og því sé þessi örlagaríka ákvörðun best komin í höndum karlmannna. Ég segi: karlmannna, því að þeir þrír karlmenn, sem voru í endurskoðunarnefndinni frægu, virðast ekki hafa gert ráð fyrir öðru. Í hið breytta frv. vantar nefnilega alveg ákvæði um hvernig með skuli fara ef kona, sem er læknir eða félagsráðgjafi, óskar eftir föstureyðingu. Er hún talin fær um að dæma í eigin máli í krafti sérþekkingar sinnar eða koðnar lærdómur hennar niður í ekki neitt þegar hún er orðin vanfær kona?<sup>163</sup>

Svava segir að þessi orð ættu að sína hvernig öll skynsemi manna færi lönd og leið þegar ganga ætti út frá því sem gefnu að kona búi yfir siðgæðisþroska og ábyrgðarkennd og hvers vegna karlmenn vilji treysta einmitt henni allra manna síst til að bera fyrir brjósti hagsmuni þess lífs sem hún beri undir belti eða taka ákvörðun sem hún telur að sé því og öðrum þeim mannlífum sem hún ber ábyrgð á fyrir bestu:

<sup>162</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2974-75.

<sup>163</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2976-77.

Enda hefur þessara tvenns konar viðhorfa til kvenna gætt hvenær sem þær hafa krafist réttar síns í mannlegu samfélagi, svo sem réttar til makavals, sjálfræðis, fjárforræðis, menntunar, kosningarréttar og kjörgengis. Að vísu hafa menn á allra síðustu öld eða svo sveipað þessa fordóma sína hulu mannúðar sem hefur komið fram í umhyggjutali um konuna sjálfa. Menn hafa þóst vilja veita henni vernd og reynt að telja henni trú um að henni sjálfri væri fyrir bestu að hún hefði engin þessi réttindi.<sup>164</sup>

En það efuðust ekki allir þingmenn um siðferðisvitund kvenna. Um umræðuna um siðgæði kvenna segir Sighvatur Björgvinsson að nú stæði deilan ekki um það hvort leyfa ætti fóstureyðingar, því þær væru leyfðar „heldur um það eitt hversu mikið eigi að meta vilja þeirrar konu sem ber fóstrið undir belti, hvort ástæða sé til þess að ætla að kona, sem orðið hefur ófrísk, sé dómbær um aðstöðu sína til að eiga barn og ala það upp eða hvort opinbert og þá væntanlega óþungað vottorðavald þurfi og eigi að hafa vit fyrir henni.“<sup>165</sup> Hann telur að enginn nema konan sjálf geti og eigi að taka afstöðu í slíku tilviki. Sighvatur vitnar, í tilefni af því vantrausti sem komið var fram í umræðunum á siðferði íslenskra kvenna, í umræðurnar um lög nr 38/1935. Þá hélt Guðrún Lárusdóttir því fram að ef að konur fengju upplýsingar um hvernig nota ætti getnaðarvarnir þá gætu þær farið að taka upp á að lifa algerlega ábyrgðarfullu kynlífi sem leiddi af sér lauslæti og kynsjúkdóma. Sighvati þykir að þingmenn noti sömu rök gegn sjálfsákvörðunarrétti kvenna til fóstureyðingar með því að halda því fram að ef lög heimiluðu slíkt þá myndu konur leggjast í lausung og ábyrgðarlausan getnað og nota fóstureyðingu sem getnaðarvörn. Hann beinir því til þingheims hvort mönnum þyki ekki lítt við hæfi að nota svo afkáralegar og gamlar hugmyndir eins og þessar gegn því að veita konum rétt til þess að ákveða sjálfar hvort þær vilji ala börn eða ekki.<sup>166</sup>

Magnús Kjartansson segir það fáránlegt að halda því fram að konur myndu hætta að nota getnaðarvarnir bara af því að þeim væri heimil fóstureyðing æsku þær hennar. Honum þykir það heldur ósæmilegur málflutningur innan alþingis að halda því fram að íslenskar konur bíði í röðum eftir að komast í fóstureyðingu fóstureyðingarinnar vegna. Magnús fullyrðir að hvergi í heiminum væri ein einasta kona sem óskaði að upplifa þá þungbæru raun að láta eyða fóstri. Samt væru þetta aðalrök þingmanna gegn ákvarðanarétti kvenna. Magnús segist ekki sjá ástæðu til að rökræða inn á þingi hvort fóstureyðingar væru neyðarrárræði því um það hlytu allir að vera sammála. „Spurningin er hins vegar sú og sú ein, hver á að taka ákvörðun, konan sjálf eða einhverjir sérfræðingar á sviði læknisfræði, lögfræði og félagsmála.“ Hann lítur svo á að engir sérfræðingar séu færir um að taka ákvörðun fyrir aðra í slíku máli.<sup>167</sup>

Helgi F. Seljan er heldur ekki mjög vantrúaður á siðferði kvenna. Hann gagnrýnir þá umræðu utan þings og innan sem átt hefði sér stað í kringum fóstureyðingafrumvarpið þar sem

<sup>164</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2977.

<sup>165</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2986.

<sup>166</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2990-92.

<sup>167</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2959.

menn töluðu á þeim nótum gegn sjálfsákvörðunarrétti kvenna til fóstureyðinga að þær myndu leggjast í allsherjar lauslæti og hætta að nota getnaðarvarnir til að geta notað fóstureyðinguna sem getnaðarvörn. Hann telur slíkan áróður fyrirlitlegan og ekki svaraverðan. Helgi segist vel treysta konu til að taka rétta ákvörðun um fóstureyðingu ein og óstudd og ekki í skjóli neinna vottorða eða pappírsgagna „heldur í krafti eigin ábyrgðar gagnvart sjálfri sér og því lífi sem kviknað er.“ Hann segir það fjarri sér að vantreysta ábyrgðartilfinningu, heilbrigðri dómgreind og því siðgæðisstigi sem hann teldi konur vera gæddar almennt umfram aðra.<sup>168</sup> Þessir aðrir eru þá sennilega karlmenn!

Vegna margorðs og tilfinningaríks málflutnings sumra þingmanna um hvort lög skyldu heimila konum að taka örlagaríkar ákvarðanir eða ekki segir Sverrir Bergmann þingmaður og læknir að í framkvæmd myndi ekki verða neinn munur á lögnum um fóstureyðingar þó að 1.tl. 9.gr. frá 1973 um sjálfsákvörðunarrétt konu yrði felldur niður. Ákvæði frumvarpsins um læknisfræðilegar og félagslegar ástæður væru svo teygjanleg að hér væri um mjög rúma heimild að ræða. Konan tæki því endanlegu ákvörðunina um fóstureyðingu og myndi ein taka eftirköstunum og afleiðingunum, góðum eða illum. Hins vegar þá fælu frumvörpin frá 1973 og '74 bæði í sér að frambærilegar ástæður þyrftu að vera fyrir hendi til að fóstureyðing yrði framkvæmd, segir Sverrir. Það væri því ekki um frjálssar fóstureyðingar að ræða sama hvoru frumvarpinu yrði veitt brautargengi. Allar deilur væru því óþarfar og orðaleikur einn saman. Það væri hvorki verið að tala um að leyfa frjálssar fóstureyðingar né að taka sjálfsákvörðunarréttinn af konunni.<sup>169</sup>

## **6.9. Þröng löggjöf leiðir til ólöglegra fóstureyðinga**

Magnús Kjartansson vitnar í staðreynd sem hann segir að allir viti af þ.e. að „... ákaflega stór hópur kvenna hefur farið utan til fóstureyðinga. Slíkar ferðir hafa hreinlega verið auglýstar og skipulagðar, og við vitum að að þeim eru ákaflega mikil brögð.“ Að hans mati væri því tilgangslítið að setja þröngri lög um fóstureyðingar en giltu í nágrennalöndunum.<sup>170</sup> Hann segist ekki vera sammála þeim sem væru á móti sjálfsákvörðunarrétti kvenna því þeir teldu að hann leiddi til að fóstureyðingum myndi fjölga óeðlilega mikið. Þeim myndi auðvitað fjölga eitthvað því að vafalaust myndu konur láta eyða fóstri hérlendis í stað þess að fara erlendis eins og þær hefðu gert undanfarin ár. Hann nefnir í því sambandi að á Bretlandi hefðu verið framkvæmdar fóstureyðingar á 115 íslenskum konum svo vitað væri. Það voru forréttindi kvenna sem höfðu til þess fjármuni og sambönd að fara utan í fóstureyðingu. Hinar sem voru verr staddar fjárhagslega og því raunverulega í mun meiri vanda yrðu þær ófrískar móti vilja sínum gátu hins vegar ekki leyst úr vanda sínum með utanlandsferð. Magnús segist því vera

<sup>168</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 3262-63.

<sup>169</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 3005-3006.

<sup>170</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.2., 1407.

þeirrar skoðunar að Ísland gæti ekki til frambúðar haft þrengri fóstureyðingalöggjöf heldur en nágrannalöndin. Þá væri aðeins verið að ýta undir það tvöfalda siðgæði að þeir efnuðu gætu leyst úr málum sínum en ekki þeir efnaminni.<sup>171</sup>

Magnús T. Ólafsson er sömu skoðunar og vill að sjálfsákvörðunarréttur konu verði virtur í lögunum því að eins og dæmin sýndu þá myndu konur einfaldlega leita til nágrannalandanna eða þær sem kynnu að spila á kerfið eða ættu peninga eða vini á réttum stöðum myndu fara í fóstureyðingu hvað sem íslenskri löggjöf liði. Hann telur hættu á að efnaminni konur sem fengju ekki uppfylltar óskir um að endir væri bundinn á þungun þeirra reyndu að svipta sig lífi eða leituðu til skottulækna oft með alvarlegum afleiðingum fyrir heilsu þeirra, andlega og líkamlega.<sup>172</sup>

### ***6.10. Sjálfsákvörðunarréttur er hættulegur þjóðfélagshagsmunum. Fóstur er sameign en ekki séreign konu***

Jón Skaftason segir að takmarkanir á sjálfsákvörðunarrétti kvenna væru „nauðsynlegar vegna þjóðfélagshagsmuna.“ Ríkið yrði alltaf að skipa lög um sambúðarháttu manna. Menn þyrftu og ættu að taka tillit til annara og fóstrið hefði vissulega rétt í þessu efni.<sup>173</sup> Ef kona gæti fengið fóstureyðingu að eigin ósk, segir Jón, þá væri ekki litið á fóstur sem sjálfstætt líf heldur aðeins sem hluta af líkama og lífi konunnar.<sup>174</sup> Hann er þess vegna fylgjandi vottorði tveggja lækna sem skilyrði fyrir því að kona fái fóstureyðingu.

Gunnlaugur Finnson segir á móti rýmri löggjöf í fóstureyðingamálum að sjálf löggjafarsamkoma þjóðarinnar væri með þessu frumvarpi að tefla um líf og dauða fjölmargra óborinna þegna þessarar fámennu þjóðar, „þegna sem e.t.v. yrðu afreks- og forystumenn á ýmsum sviðum þjóðmálanna“, ef löggjafinn myndi ekki koma í veg fyrir að lífi þeirra yrði eytt. Hann líkir fóstureyðingum við útburð fyrri alda og nefnir Stóradóm og Drekkingsarhyl og segir að nú yrði vökvinn ekki vatn heldur formalín. Honum finnst greinilega að sumar konur séu vanþakklátar fyrir lífsins gjafir því hann segir:

Þær eru út af fyrir sig margar, konurnar á Íslandi, sem glaðar vilja hætta heilsu sinni og jafnvel lífi til að öðlast þá gleði sem fylgir því að geta af sér nýtt líf. Þess vegna er það dapurleg staðreynd að þær eru og margar konurnar sem vilja láta eyða því lífi, sem með þeim hrærist, vegna tímabundinna erfiðleika, enda þótt þær hafi til þess heilsu.<sup>175</sup>

Oddur Ólafsson segist vera einn af þeim sem líta svo „á að fóstrið sé sameign, en ekki séreign konu, enda þótt það sé í hennar umsjá.“ Og því þurfi veigamiklar ástæður til að hröfla

<sup>171</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2963.

<sup>172</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 3011-12.

<sup>173</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2952.

<sup>174</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2956.

<sup>175</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 3117-3119.

við því í móðurkviði.<sup>176</sup> Hann vísar að þeirri þjóðareign sem fóstur kvenna væru og biður menn að hafa það í huga sem læknar hefðu einnig áhyggjur af, að hluti kvenna sem færu í fóstureyðingu yrðu ófrjóar. Ekki væri vitað hve stórt hlutfall þetta væri og auðvitað myndi það lækka með bættri tækni. En það yrði samt sem áður, hvað sem liði allri tækni, alltaf einhver hluti kvenna sem yrði óbyrjur eftir slíka aðgerð. „Þetta er mjög alvarlegt mál“, segir Oddur, „... þar sem hér er að sjálfsögðu um að ræða grundvallar skilyrði til viðhalds hverju þjóðfélagi“.<sup>177</sup>

## **6.11. Félagslegar aðstæður og réttur til lífs**

Það eru nokkrir þingmenn sem vilja þrengja heimildir frumvarpsins með því að fella burt ákvæðið um fóstureyðingar vegna félagslegra ástæðna. Karvel Pálmason vill halda því á lofti að fóstureyðing sé eyðing lífs og einhver yrði því að standa á rétti fósturs í þessu máli, og jafnvel föður. Hér væri ekki bara verið að tala um ákvörðunarrétt konu. Hann vill að fóstureyðing verði ekki heimiluð vegna félagslegra ástæðna heldur aðeins af læknisfræðilegum ástæðum. Þingmaðurinn telur að í siðmenntuðu þjóðfélagi eigi að búa svo vel að þegnum að konur þyrftu ekki fóstureyðingu af félagslegum ástæðum.<sup>178</sup>

Pálmi Jónsson segir vera hlynntur sjálfsákvörðunarrétti kvenna til allra mála nema til fóstureyðinga því þar væru þær að taka ákvörðun um að eyða sjálfstæðu lífi fósturs. Sú ákvörðun snerti einnig þann föður sem kveikti þetta líf með henni. Hann talar um að þjóðfélagið eigi að búa svo að málum að engin kona þurfi í fóstureyðingu vegna félagslegra ástæðna heldur geti fætt af sér þau börn sem hún beri „... og hlotið þá miklu dásemd sem náttúran hefur búið henni, að fæða þetta nýja líf í heiminn ... sem kviknaði við frjóvgun eggjans.“<sup>179</sup>

Lárus Jónsson vill helst ekki að fóstureyðing sé leyfð nema af læknisfræðilegum ástæðum einum saman. Fóstureyðing ætti því aðeins að heimilast af félagslegum ástæðum að hún styddist við einskonar neyðarrétt því verið væri að eyða lífi. Fóstureyðing gengi á rétt fósturs og að nokkru á rétt barnsföður sem Lárusi finnst að hafi verið gefinn minni gaumur en skyldi í umræðunum um fóstureyðingar.<sup>180</sup>

Ingiberg J. Hannesson er þeirrar skoðunar að fóstureyðing sé neyðarúrræði sem ekki mætti grípa til fyrr en í síðustu lög. „Það hlýtur að vera skoðun hvers kristins manns“, segir hann, „að líf sem orðið er til í móðurkviði, eigi tilverurétt sem ekki sé á valdi nokkurs manns

<sup>176</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 3258.

<sup>177</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 3668-69.

<sup>178</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2965-67.

<sup>179</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 2998, 3002.

<sup>180</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 3004.

að deyða.“ Ingiberg segir þetta vera grundvallarskoðun hvers heilbrigðs og kristins einstaklings byggða á siðgæðismati kristinnar trúar.

Hann telur ákvæðið um fóstureyðingar af félagslegum ástæðum vafasamt og segir þar vera á ferðinni ýmsar smugur sem hægt væri að komast í gegnum ef þörf væri á. Hann vill að þjóðfélagið reyni að bæta úr aðstöðu kvenna sem sæktu um fóstureyðingu vegna félagslegra aðstæðna „... fremur en leggja til svo afgerandi lausn sem að sálga því fósturi sem konan gengur með.“ Við þetta bætir hann:

Enn fremur mætti líka benda á þá staðreynd, sem óvída hefur komið fram í umr. um þetta mál á opinberum vettvangi, að mörg eru þau hjón í landi voru er ekki hafa getað eignast börn og mundu glöð taka við þeim óvelkomnu einstaklingum sem móðirin af einhverjum ástæðum gat ekki hugsað sér að fæða eða eiga.

Ingiberg telur að konu væri mestur greiði gerður ef leitast væri við að vernda það líf sem hún væri sköpuð til að fæða í þennan heim, „enda veit ég að flestar mæður hugsa þannig“, segir hann. „En þeim konum, sem sætta sig ekki við hindranir í þessum efnunum og vilja að konan sjálf og ein hafi hér úrskurðarvald,“ bætir hann við, „vil ég benda á að lífið var ekki hugsað þannig af höfundum þess að maðurinn hefði vald yfir lífinu fremur en dauðanum“.<sup>181</sup>

Þorvaldur Garðar Kristjánsson gerir breytingartillögu við frumvarpið þess efnis að hann vill láta fella niður 1. tölulið 9. gr. um að félagslegar ástæður geti heimilar fóstureyðingu. Honum finnst hér vera um grundvallaratriði að ræða og félagslegar ástæður eigi aldrei að réttlæta fóstureyðingu. Þær eru alltof rúmt og teygjanlegt hugtak að mati þingmannsins. Auk þess ætti að bæta úr félagslegum ástæðum með félagslegum ráðstöfunum en ekki með því að tortíma mannlífum. Slíkt samræmdist ekki hinu íslenska lýðræðisþjóðfélagi sem byggði á kristilegu siðgæði:

Við skulum jafnan gjalda varhug við því þegar frelsishugsjóninni er hampað í þeim tilgangi að heimta frelsi til handa þeim sem vilja beita aðra órétti. Það er þetta sem við skulum hafa hugfast þegar rætt er um fóstureyðingar. Frelsi ber ekki að veita til fóstureyðinga, vegna þess að það brýtur þann grundvallarrétt sem hvert mannlíf í móðurkviði hefur, réttinn til þess að fæðast í þennan heim.<sup>182</sup>

Það má skjóta því að hér að þrátt fyrir mörg og ítrekuð orð þingmanna um að félagsleg aðstoð ætti að leysa félagslegan vanda kvenna, þá er enginn andstæðingur fóstureyðinga af félagslegum ástæðum sem segist ætla að beita sér persónulega fyrir því að bæta hag mæðra og barna.

Já, þeir þingmenn, sem vilja láta fella niður ákvæðið um félagslegar ástæður tala stórt og fallega um rétt fósturs til lífs og skyldur siðmenntaðs þjóðfélags til að tryggja konum og börnum mannsæmandi líf. En fylgir hugur máli eða eru þetta aðeins pólitísk slagorð? Soffía

<sup>181</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 3121-23.

<sup>182</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 3674-78.

Guðmundsdóttir gefur að minnsta kosti ekki mikið fyrir vilja þingmanna til að bæta úr stöðu foreldra og barna í landinu. Hún segir:

Það er eftirtektarvert í þessu máli öllu að þeir, sem hafa lýst sig andvíga sjálfsákvörðunarrétti konunnar og hrópa hátt um lotningu sína fyrir lífinu, um mannhelgi og rétt fósturs til lífs, eru öldungis ekki í hópi þeirra sem berjast fyrir félagslegum framfaramálum. Nú heyrir það að sjálfsögðu til mannréttinda barns að það fæðist velkomið, við ákjósanlegar ytri aðstæður og að því séu búin sómasamleg uppvaxtarskilyrði. Það er því ekki úr vegi að rifja það upp að þeir, sem eru að vísu áfram um að börnin fæðist, en fást minna um þau lífsskilyrði sem bíða þeirra, hafa oftlega átt þess kost að styðja ýmisleg félagsleg framfaramál mæðrum og börnum til handa. T.d. flutti Margrét Sigurðardóttir hér á hv. Alþ. frv. til l. um fæðingarorlof árið 1960 þegar hún átti sæti á Alþ. um tíma sem varaþm. Alþb. Þetta frv. hefði falið í sér mikilvæga réttarbót til handa mæðrum og börnum hefði það náð fram að ganga. Fyrr á þessu þingi, sem nú situr, flutti Bjarnfríður Leósdóttir, varaþm. Alþb. þáttill. um fæðingarorlof og enn fór á sömu leið. Þá er ekki lengra síðan en þrír dagar að þeir, sem bera lotningu fyrir lífinu, áttu þess kost að sýna hug sinn í verki með því að samþ. till. hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar um fæðingarorlof, en hv. þm. stjórnarliðsins sáu sér ekki fært að styðja slíkt félagslegt framfaramál og létu sig ekki muna um að fella allar brtt. Alþb. við efnahagsmálafrv. sem nú liggur fyrir. Það bar reyndar upp á sama daginn hér á hv. Alþ. að vegsömuð var sköpun almættisins og helgi lífsins og í sama mund voru till. um mikilsverðar félagslegar úrbætur til handa mannfólkinu malaðar niður.<sup>183</sup>

---

<sup>183</sup> Alþingistíðindi 1974-75 B.3., 3255.

## VII. LÖG NR. 25 VORU ÓSIGUR FYRIR RAUÐSOKKAHREYFINGUNA

### 7.1. „*einvern tíma fæst sjálfsákvörðunarrétturinn í þessu máli*“

Nýju fóstureyðingarlögin virtu ekki sjálfsákvörðunarrétt kvenna eins og Rauðsokkahreyfingin barðist fyrir. Þessi málalok voru því viss ósigur fyrir hreyfinguna. Kvinnahreyfingin hafði skorað á löggjafarvaldið að virða sjálfsákvörðunarrétt kvenna sem grundvallarmannréttindi. Alþingi hafði staðfest það með lögum að konum væri ekki treyst til slíkra ákvarðana og bæri ekki slíkur réttur.

Um lög nr. 25. segir Lára Halla Maack árið 1975 í *Forvitin rauð* að þau bæru þess glögg merki að mest tillit hafi verið tekið til sjónarmiða þeirra sem hæst létu þegar frumvarp um fóstureyðingar kom fram árið 1973:

... eða lækna, jómfrúa, klerka og roskinna húsmæðra, sem uppfyllt hafa skyldur sínar við eiginmann, guð og ættjörðina. Semsé þess fólks, sem getur leyft sér að hafa háleitar hugsjónir og troða þeim upp á aðra, fullvisst um að þurfa aldrei að leggja neitt í sölurnar fyrir þær. Þær 40.000 konur, sem eru í barneign voru ekki spurðar, þegar „ýmsir aðilar, sem hagsmuna eiga að gæta varðandi fóstureyðingar“ voru beðnir á lits á 9. greininni.

Lára gagnrýnir þau málalok að stjórn Læknafélags Íslands skuli hafa haft mest áhrif á afgreiðslu málsins og tekið hafi verið tillit til athugasemda lækna til hins ítrasta við setningu laganna. „Þeir fá ekki einungis rétt til að ráða því, hvort þeir framkvæma aðgerð eða ekki (eins og sjálfsagt er) heldur fá þeir endanlegt neitunarvald í málinu.“ Henni finnst að nær hefði verið að afgreiða hlut lækna þannig að binda fóstureyðingar ákveðnum læknisstöðum, sem lækna myndu þá ekkert vera að sækja um ef þeir vildu ekki framkvæma slíkar aðgerðir.

Lára segir þó að ekki sé ástæða til að leggja upp laupana eftir þessi málalok. Lög nr. 25 stæðu varla til eilífðar og „einvern tíma fæst sjálfsákvörðunarrétturinn í þessu máli.“<sup>184</sup> Þróunin átti hins vegar eftir að verða sú, hér á landi eins og víða erlendis, að meiri viðleytni varð til að þrengja fóstureyðingalöggjöfina heldur en rýmka hana.

Fimm árum síðar eða árið 1980 ítrekar Rauðsokkahreyfingin kröfuna um sjálfsákvörðunarrétt kvenna til fóstureyðingar og gagnrýnir um leið hversu lítill pólitískur vilji væri hjá stjórnvöldum að bæta aðstöðu fjölskyldna í landinu. Stjórnvöld hefðu hafnað sjálfsákvörðunarrétti kvenna til fóstureyðingar meðal annars á þeim forsendum að standa ætti líf vörð um líf ófæddra barna en sýndu lítill merki þess að vilja sjálf sýna í verki umhyggju sína

<sup>184</sup> Forvitin rauð 1. maí 1975, 18-19.



fyrir fæddum börnum þessa þjóðfélags. Sú félagslega aðstoð sem stæði foreldrum og börnum til boða væri bæði lítil og bágborin.<sup>185</sup>

Árið 1980 var birt viðtal í *Forvitin rauð* við þær Svövu Stefánsdóttur og Maríu Þorgeirsdóttur félagsráðgjafa á Kvennadeild Landspítalans.<sup>186</sup> Þær töldu að ekki væri rétt að hrófla við fóstureyðingarlögunum að svo stöddu. Þær sögðu að þó svo að ýmsum þætti lögin ekki nógu góð af því að sjálfsákvörðunarréttur kvenna er ekki virtur í þeim þá þyrfti að gefa þessari löggjöf meiri tíma „... því að hópur manna í þjóðfélaginu væri tilbúinn til að stuðla að þrengingu laganna ef farið væri að hrófla við þeim á annað borð.“<sup>187</sup>

Það kom líka á daginn og umræðan um fóstureyðingalögin á níunda áratugnum einkenndist af viðleytni ýmissa aðila til að þrengja þau verulega.

---

<sup>185</sup> Forvitin rauð 2. tlb. 1980, 4.

<sup>186</sup> Forvitin rauð 2. tlb. 1980, 6.

<sup>187</sup> Forvitin rauð 2. tlb. 1980, 20.

## VIII. BARÁTTAN GEGN LÖGUM NR. 25. UM FÓSTUREYÐINGAR

### 8.1. Stjórnarfrumvörp gegn lögum nr. 25/1975

Það stóð ekki lengi friður um lög nr. 25 um fóstureyðingar því að þeir aðilar sem voru óánægðir með efni laganna reyndu ítrekað að fá þeim breytt. Hópur þessa fólks stofnaði samtökin Lífsvon, sem komið verður nánar að í kafla VIII, en harðasti andstæðingur laganna inn á þingi var Þorvaldur G. Kristjánsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Hann lagði fram frumvarp árið 1978 um að fellt yrði út úr lögum nr. 25/1975 að heimilt væri að framkvæma fóstureyðingu vegna félagslegra ástæðna skv. 1. tl. 9. greinar.<sup>188</sup> Honum þótti félagslegar ástæður svo rúmt og teygjanlegt hugtak að framkvæmd laganna táknaði í raun og veru að fóstureyðingar á Íslandi væru frjálssar fyrir lok 12 viku meðgöngutímans. Félagslegar ástæður ættu aldrei að geta réttlætt fóstureyðingu og væru spor í öfuga átt á þessum mestu „velmegunar og velgengnistímum“ sem þjóðin hefði búið við sagði hann í greinargerð sinni með frumvarpinu. Þorvaldur Garðar taldi að það væri siðferðisleg skylda að varðveita rétt fósturs til lífs nema ef heilsa móður væri í hættu eða auðsætt að barnið yrði svo vangefið að grípa yrði til örþrifaraða, eins og hann orðaði það, eða ef kona yrði þunguð af refsiverðu atferli.

Þorvaldur Garðar flutti þetta frumvarp alls fimm sinnum. Hann lagði það tvisvar fram árið 1980.<sup>189</sup> Síðustu tvö skiptin barst honum liðsauki. Árið 1983 fluttu Salome Þorkeldsdóttir, Egill Jónsson og Lárus Jónsson frumvarpið með honum.<sup>190</sup> Árið 1985 flutti hann það í fimmta og síðasta sinn og þá ásamt Agli Jónssyni og Árna Johnsen. Það var tekið fram í frumvarpinu að Salome væri ekki flutningsmaður því hún væri erlendis en styddi málið sem fyrir.<sup>191</sup>

Auk þess að styðja frumvarp Þorvaldar Garðars hafði Árni Johnsen lagt fram fyrirspurn til heilbrigðismálaráðherra árið 1984 um framkvæmd fóstureyðinga síðustu 10 ár, eða eftir setningu laga nr. 25. Þingmaðurinn var einn af þeim sem vildu þrengja lögin með því að fella niður ákvæðið um félagslegar ástæður og var að fiska eftir því hversu margar konur færu í fóstureyðingu af félagslegum ástæðum og hvort það væri oftast en einu sinni, þ.e. hvort konur notuðu fóstureyðingu sem getnaðarvörn.

<sup>188</sup> Alþingistíðindi 1978-79 A.2., 1598-1599.

<sup>189</sup> Alþingistíðindi 1979-80 B. 1., 1078-82, Alþt. 1979-80 A.2., 818-821, Alþt. 1980-81 A.2., 81 A.?, 940-944, og Alþt. 1980-81 B.1., 1262-69.

<sup>190</sup> Alþingistíðindi 1982-83 A.1., 553-556.

<sup>191</sup> Alþingistíðindi 1985-86 A.2., 1086-1095.

Í svari við fyrirspurn Árna Johnsens sagði heilbrigðisráðherra, Mattías Bjarnason, m.a. að það væri sitt álit að lögin hefðu reynst vel. Það var einnig skoðun þeirra þingmanna annarra sem tóku til máls og sáu ekki þörf á að breyta lögnum að svo stöddu.<sup>192</sup>

Ástæðan fyrir því að frumvarp Þorvaldar Garðars fékk aldrei afgreiðslu á þingi var einkum sú að menn vildu fá meiri reynslu af lögnum áður en þeim yrði breytt í þrengri átt, auk þess sem sumir töldu frumvarpið vera skref afturábak. Þingmenn sem andmæltu frumvarpi hans sögðu einnig að enn væri svo mörgu ábótavant varðandi kynlífsráðgjöf og fræðslu og félagslega aðstoð við mæður auk þess sem að engin væri dómbærari á sínar félagslegu ástæður en konan sjálf og þann rétt ætti ekki að taka af henni með því að fella niður ákvæðið um félagslegar ástæður.<sup>193</sup> Það er einnig á þessum forsendum sem Kvinnalístinn mótmælir frumvarpi hans. Andstæðingum frumvarps Þorvaldar fjólgar með tilkomu Kvinnalístsins.<sup>194</sup> Inn á alþingi var kominn stjórn mála flokkur kvenna, flokkur sem ætlaði sér að standa pólitískan vörð um fengin réttindi kvenna og heyja kvinnabaráttu inn á þingi sem utan þings. Lítum nánar á viðhorf Kvinnalístsins til fóstureyðingalaganna.

## **8.2. „Réttur kvenna til fóstureyðingar er ein megin forsenda lýðræðislegra réttinda kvenna“**

Kvennaframboðið árið 1982 var arftaki Rauðsokkahreyfingarinnar í íslenskri kvinnabaráttu, þó svo að áherslur breyttust aðeins. Rauðsokkurnar höfðu barist utan þings fyrir frjálsum fóstureyðingum, nú var komin pólitískur flokkur kvenna -- flokkur sem sat inn á alþingi, hjarta löggjafarvaldsins. Hver var afstaða þingflokks Kvinnalístsins til fóstureyðingalaganna frá 1975 og hver var skoðun hans á frumvörpum gegn þessum lögum?

Í *Veru*, blaði kvennaframboðsins í Reykjavík árið 1983 segir að ýmsir hópar út um allan heim hafi uppi herferð gegn sjálfsákvörðunarrétti kvenna yfir eigin líkama. Þessir hópar virtust því miður eiga sér viðhlæjendur hér á landi. „Réttur kvenna til fóstureyðingar er ein megin forsenda lýðræðislegra réttinda kvenna“, segir í greininni, en frumvarp um skerðingu þessara lýðréttinda lægi nú fyrir alþingi. „Flutningsmenn telja, að konur hafi ekkert með að ráða yfir eigin lífi. Frelsi kvenna - frelsi okkar - er fótum troðið, við erum ekki álitnar hæfar til að vege og meta okkar samfélagslegu aðstæður.“ Fóstureyðingafrumvörp Þorvaldar Garðars Kristjánssonar væru stríðsyfirlýsing gegn konum, afnema ætti frelsi kvenna til að ráða og stjórna eigin lífi. „Okkur, hvar sem við stöndum í flokki, hlýtur að standa ógn af þessum viðhorfum. Þess vegna er hreyfing eins og Kvennaframboðið nauðsynleg. Hún er nauðsynleg vegna þess að enginn heldur vörð um okkar mannréttindi og okkar frelsi nema við sjálfar.“<sup>195</sup>

<sup>192</sup> Alþingistíðindi 1984-85 B.4., 5849-2583.

<sup>193</sup> Alþingistíðindi 1978-79 B.3., 3554-3558, Alþt. 1979-80 B.1., 1082-86, Alþt. 1980-81 B.1., 1265-66, Alþt. 1982-83 B.1., 198-202, Alþt. 1985-86 B.2., 2263-2272.

<sup>194</sup> Alþingistíðindi 1984-85 B.4., 5852, 5855-56, Alþt. 1985-86 B.2., 2256-2269, 2271-72.

<sup>195</sup> Vera 3/1982 desember, 2.

Þingkonur Kvinnalistas höfðu lýst því yfir að þær myndu standa vörð um lög nr. 25. inni á alþingi. Þær stóðu við þá yfirlýsingu sína eins og sjá má af orðum úr þingræðum þeirra hér á eftir. Kristín Halldórsdóttir var andvíg því að lögini yrðu þrengd með því að fella niður heimildir til fóstureyðinga vegna félagslegra ástæðna. „Þetta er neyðarréttur“, segir hún, „sem við verðum að treysta konum fyrir rétt eins og við treystum þeim til þess að ganga með börnin og ala þau og við skulum fyrir alla muni reyna að búa svo um hnútana að konur þurfi sem sjaldnast að grípa til þessa neyðarréttar.“<sup>196</sup>

Um frumvarp Þorvaldar Garðars segir Sigríður Dúna Kristmundsdóttir þetta árið 1985:

Nú er það svo að um langt árabíl hefur það verið eitt af baráttumálum allra kvennahreyfinga að tryggja konum þau grundvallarmannréttindi sem nauðsynleg eru til þess að þær geti sjálfar borið ábyrgð á lífi sínu og gjörðum og átt nokkurt val þar um sem ábyrgir, sjálfstæðir og fullveðja einstaklingar. Þetta er sú hugsun sem liggur að baki lögnum frá 1975 en þau voru á sínum tíma stórt skref fram á við í réttindabaráttu kvenna. Lög frá 1975 gera ráð fyrir stórauðinni almennri fræðslu um kynlíf og barneignir og ... ódýrum og aðgengilegum getnaðarvörnum fyrir alla. Þetta eru þættir sem enn hafa ekki verið framkvæmdir ... Þannig var lögnum ætlað að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir. Væri hins vegar um ótímabærar þunganir að ræða var það lagt í hendur kvenna sjálfra að ákveða, ef aðstæður voru á þann veg, hvert framhald þungunarinnar yrði. Með því móti voru konum fengin þau réttindi og jafnframt sú skylda að bera sjálfar ábyrgð í þessum efnum, bæði fyrir sjálfum sér, samfélagi sínu og skapara sínum. M.ö.o.: íslenskum konum var og er treyst til að bera ábyrgð sjálfar á líkama sínum og lífi og þar með einnig því lífi sem þær geta fætt af sér, enda eðlilegt og réttmætt þar sem konur eru fullveðja, ábyrgir og sjálfstæðir einstaklingar.

Sigríður Dúna segir frumvarp Þorvaldar Garðars hins vegar byggja á því að það væri Alþingis að taka þessa ákvörðun fyrir allar íslenskar konur og lýsti þannig um leið yfir vantrausti á konur sem ábyrga og fullveðja einstaklinga. Hún spyr hvort ekki væri kominn tími til að menn létu af „bábilju“ sem þessari og snéru sér þess í stað að því verkefni að tryggja mæðrum og börnum mannsæmandi líf. Og eins og fram kemur í ræðu þingkonunnar þá er þar af nógu að taka; lenging fæðingarorlofs úr þremur í sex mánuði, sem enn hafði ekki fengist afgreitt á þingi (og fékkst ekki í gegn fyrr en árið 1988), skortur á dagheimilisplássi og léleg laun alls þorra kvenna.

„Ein sú ósk sem við Kvinnalistaskonur bárum í brjósti er við tókum til starfa hér í þingsölum“, segir Sigríður Dúna, „var að breyta þessu þjóðfélagi á þann veg að konur þyrftu ekki að grípa til þess neyðarræðis að láta eyða fósturi.“ En því miður höfðu þær talað fyrir daufum eyrum inn á alþingi fram að þessu, segir hún, því ekkert þeirra mála sem þær höfðu flutt til að bæta hag barna og foreldra hafi náð fram að ganga hjá þeim stjórnarmeirihluta sem flutningsmenn þessa frumvarps um þrengingu fóstureyðingalaganna væru aðilar að.<sup>197</sup>

<sup>196</sup> Alþingistíðindi 1984-85 B.4., 5856.

<sup>197</sup> Alþingistíðindi 1985-86 B.2., 2265-2269.

## IX. LÍFSVON -- SAMTÖK TIL VERNDAR ÓFÆDDUM BÖRNUM

### 9.1. „Þunguð kona hefur ekkert frelsi til að taka líf“

13. apríl 1985 voru samtökin Lífsvon stofnuð.<sup>198</sup> Markmið samtakanna er að berjast fyrir rétti ófæddra barna í þeim skilningi að berjast gegn fóstureyðingum. Að stofnun þessara samtaka stóð hópur fólks sem var (og er) andvígur lögum nr. 25 um fóstureyðingar. Samkvæmt orðum Huldu Jensdóttur, fyrsta formanns Lífsvonar og forstöðukonu Fæðingarheimilisins í Reykjavík, þótti félagsmönnum samtakanna að túlkun og framkvæmd á ákvæði laganna um fóstureyðingu af félagslegum ástæðum væri of frjálseg. Hulda áleit að ákvæðið um félagslegar ástæður væri misnotað og ætti að falla niður úr lögnum því að í krafti þess væru fóstureyðingar alltof margar. Hún vildi að þjóðfélagið veitti þeim konum aðstoð sem þyrftu í fóstureyðingu vegna bágra félagslegra aðstæðna í stað þess að eyða barni þeirra í móðurkviði.<sup>199</sup> Hulda áleit einnig að lög nr. 25 hafi verið mörgum konum þvingun. Stór hópur kvenna færi í fóstureyðingu beinlínis vegna þrýstings frá vinum og vandamönnum, foreldrum, eiginmanni, barnsföður, eldri börnum og fleirum.<sup>200</sup>

Lífsvon ætlaði að berjast fyrir breyttum hugsunarhætti, gegn þeim tíðaranda sem óvirtu líf hins ófædda barns og tæki skammtíma hagsmuni eða dauða hluti framyfir. „Lífinu er fórnað á altari efnishyggjunnar“ sagði Hulda Jensdóttir og bætti því við í beinu framhaldi að það væri sorgleg staðreynd að eftir gildistöku fóstureyðingalaga nr. 25/1975 væri næstum ómögulegt að fá nýbura sem kjörbörn hér á landi og þá á hún við íslensk börn. „Það er hræðilegt til þess að vita að í stað þess að gefa börn er þeim fórnfært í dag.“ Hulda sagði að hér á árum áður hafi alltaf öðru hvoru komið verðandi mæður sem ekki treystu sér til að ala önn fyrir væntanlegu barni og gáfu þau. Hún hefði hitt sumar þeirra og undantekningarlaust hefðu þær verið sáttar við ákvörðun sína og þakklátar fyrir að hafa leyst vanda sinn á þennan hátt.<sup>201</sup> Á þessi athugasemd að virka jákvætt á konur í dag? Varla, sérstaklega vegna þess að við vitum að ástæðan fyrir því að konur gáfu börn sín hér áður fyrr var í flestum tilvikum sú að þær höfðu ekki fjárhagslegt bolmagn til að sjá fyrir þeim. Hvernig líður konu sem þarf að gefa barn sitt af því að hún er of snauð til að hafa það hjá sér og neyðist því til að gefa það fólki sem er efnaðra en hún? Hvernig líður konu sem veit af barni sínu hjá fólki sem hefur efni á að elska það og horfa á það vaxa og þroskast eins og hún hefði gert ef hún hefði haft fjárhagsleg tök á því? Hvernig myndi ykkur líða? Væruð þið sátt? Mynduð þið snúa hnífnum

<sup>198</sup> Morgunblaðið 11 maí 1985, 22-23.

<sup>199</sup> Afturelding 4. tlb. 52. árg. 1985, 4-6.

<sup>200</sup> Morgunblaðið 11 maí 1985, 22.

<sup>201</sup> Afturelding 4. tlb. 52. árg. 1985, 4-6.

í sárinu með sektarkennd og biturð það sem þið ættuð eftir ólifað? Er ekki líklegt að þið mynduð gera eins og þessar konur sem Hulda talar um, þ.e. að sættast við að hafa þurft að gefa barnið ykkar. Önnur ástæða fyrir því að kona gaf barn var sú að hún ól barn sitt í lausaleik og treysti sér ekki til að standa ein á móti fordómum samfélagsins sem í hræsni sinni fótumtróð tilfinningar hennar og mannorð og gerði hana að annars flokks manneskju af því að hún ól ekki barn sitt sem „heiðvirð“ gift kona. Eða þá að faðirinn var giftur maður og fela varð hliðarspor hans. Nei, það er hætt við að íslenskar konur dagsins í dag sætti sig ekki við þau rök fyrir því að heimild til fóstureyðingar af félagslegum ástæðum verði felld niður að þær geti bara gefið börnin sín eins og konur neyddust til að gera hér áður af því að þjóðfélagið gat ekki búið almennilega að mæðrum, hvorki í viðhorfum né með félagslegum stuðningi! Huldu virðist yfirsjáast sú staðreynd að hún er að tala til kynslóðar kvenna í dag sem sættir sig við ekkert minna en fullan rétt til að eiga sjálf þau börn sem hún elur ellegar sleppa því að fæða barn. Og kannski ein spurning að lokum um þessar „verðandi mæður“, sem Hulda segir að hafi gefið börnin sín hér á árum áður; Hefðu þessar konur gefið börnin sín ef fóstureyðingar af félagslegum ástæðum hefðu verið heimilar? Í ljósi þess að konur hætta að ganga með börn til að gefa þau eftir að fóstureyðingalögin voru rýmkuð þá er líklegt að þessar konur hefðu látið eyða fósturinu frekar en gefa barnið, ekki satt? Hulda vísar aftur að þessum barnagjöfum í ræðu á alþingi árið 1990 og segist sjá ástæðu til að benda á að ef kona vildi ekki eiga barnið sitt af einhverjum ástæðum þá „... er fjöldi útréttra elskandi handa einnig hér á Íslandi sem eru tilbúnar til að umvefja þetta varnarlausu líf þessum elskandi höndum og sjá því farborða“ Hún varpar þeirri spurningu fyrir þingmenn hvort það gæti hugsast „... að það væri skortur á kærleik en ekki vöntun á nauðsynjum sem ætti sök á fóstureyðingarslysnum fremur en nokkuð annað.“<sup>202</sup> Ber að skilja orð hennar sem svo að konur elski ekki börnin sín nóg úr því þær ganga ekki í gegn um meðgöngu og fæðingu til að gefa þau?

Boðskapur Huldu Jensdóttur formanns Lífsvonar til íslenskra kvenna er m.a. þessi:

Þunguð kona hefur ekkert frelsi til að taka líf, fremur en aðrir. Frelsi kvenna er í því fólgið að standa vörð um sinn líkama, að þungun eigi sér ekki stað, ef þess er ekki óskað, það er þeirra frelsi. Ef barn verður til, er það siðferðileg skylda konunnar og samfélagsins alls að standa vörð um það líf og búa því verðugan stað í móðurlífi og utan þess.<sup>203</sup>

Samkvæmt þessu eru það konur sem bera ábyrgð á kynlífi. Konur bera ábyrgð á getnaði. Konan og samfélagið allt! Hvaða stærð er þetta „samfélagið allt“ í lífi ófrískrar konu? Því er því miður líka þannig farið að þegar kemur til kasta „samfélagsins alls“ að styðja konu þegar barn er fætt að þetta margumrædda, óljósa og teygjanlega hugtak „samfélag“ er hált sem áll og smýgur undan allra ábyrgð. Veruleikinn er sá fyrir flestar nýbakaðar mæður í þessu samfélagi

<sup>202</sup> Alþingistíðindi 1990-91 17. hefti, 4143.

<sup>203</sup> Morgunblaðið 3. sept. 1986, 16-17.

að hver er sjálfum sér næstur og það er langt frá því að samfélagið telji sig eiga að standa vörð um barn hennar.

Karlmaður? Er karlmaður óþekkt stærð innan samfélagsins? Getur börn og hverfur svo? En hentugt fyrir hann, finnst ykkur ekki?

## 9.2. Lífsvon, „samtök gegn frelsi kvenna“

Samtökin Lífsvon voru stofnuð til að berjast fyrir því að heimild í lögum um fóstureyðingar af félagslegum ástæðum yrði afnumin. Þetta er einmitt sú heimild sem kemst næst því að uppfylla kröfur íslenskra kvenréttindakvenna um fóstureyðingalögin úr því að sjálfsákvörðunarréttur kvenna fékkst ekki samþykktur með lögum. Eins og fram kom í kafla 8.2 þá lýstu kvennalistakonur því yfir að þær ætluðu að berjast gegn allri viðleitni til að afnema rétt kvenna til fóstureyðingar af félagslegum ástæðum. Markmið Lífsvonar er að fella úr gildi þetta ákvæði sem kvennalistakonur telja „tvímælalaust spor í þá átt að auka rétt og frelsi kvenna yfir eigin lífi.“<sup>204</sup> Samtökin Lífsvon væru þess vegna „samtök gegn frelsi kvenna.“<sup>205</sup> Skömmu eftir stofnfund Lífsvonar árið 1985 skrifar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir í *Veru* að þeir sem nú berðust gegn fóstureyðingum af félagslegum ástæðum vildu hverfa aftur til þess ástands sem var í landinu fyrir 1974. Þá voru konur dæmdar til að ganga með og ala barn þegar þær hvorki höfðu vilja né aðstæður til þess. Þær voru ofurseldar fámennri nefnd sem hafði líf og örlög þeirra í hendi sér. Aðeins hluti þeirra kvenna sem óskuðu fóstureyðingar hlutu náð fyrir augum þessarar nefndar og mörgum konum var synjað um fóstureyðingu. „Aðrar létu framkvæma ólöglega fóstureyðingu eða leituðu til annara landa. Hvort tveggja kostaði offjár og ólögleg aðgerð þjáningar að auki.“ Ingibjörg segir að það ætti ekki að vera réttur örfárra sérfræðinga að ákvarða konum líf og örlög. „Sá réttur er best kominn hjá konum sjálfum sem verða annað hvort að bera burðinn og ala önn fyrir honum eða ganga í gegn um það hugarstríð sem því fylgir að láta eyða honum.“ Konum einum væri treystandi til að fara með þennan rétt af alvöru og þekkingu á aðstæðum, segir Ingibjörg. Vildu menn fækka fóstureyðingum af félagslegum ástæðum væri nærtækast að bæta lífskjör kvenna og barna. „Við verðum fyrst og fremst að berjast fyrir rétti þeirra til betra lífs. Betra líf og barnbeta samfélag er lífsvon okkar allra“, segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir í tilefni af stofnun samtakanna Lífsvonar.<sup>206</sup>

Miðað við öndverðar skoðanir Lífsvonar og Kvennalistans er ekki að undra að öllum frumvörpum lífsverndarsinna gegn lögum nr. 25 mættu harðri gagnrýni þingkvenna Kvennalistans á alþingi. Nánar verður komið inn á þessi andstæðu sjónarmið í hér á eftir.

<sup>204</sup> Vera 4. árg. 4/1985 j.ni, 2.

<sup>205</sup> Vera 4. árg. 4/1985 j.ni, 15.

<sup>206</sup> Vera 4. árg. 4/1985 j.ni, 2.

### 9.3. Lífsverndarstefna Lífsvonar árið 1991

Í fréttabréfi Lífsvonar árið 1991 segir; „Lífsvon eru samtök einstaklinga -- óháð trúar-og stjórnmalastefnum - sem telja sér skylt að stand vörð um lífsrétt ófæddra barna.“ (Geta samtökin sagst vera óháð trúarstefnu þegar þau byggja rök sín gegn fóstureyðingum á kristinni kenningu um upphaf mannlegs lífs við getnað í móðurkviði?)

Í stefnuskrá Lífsvonar segir að markmið samtakanna séu; í fyrsta lagi að veita konum eða foreldrum sem þurfa stuðning vegna barnsburðar allan þann siðferðis- og félagslegan stuðning sem samtökin geta boðið. Í öðru lagi að beita sér fyrir því að alþingi setji lög til verndar ófæddum börnum og að ný grein verði tekin upp í stjórnarskrána, er kveði á um rétt hinna ófæddu til lífs frá getnaði.<sup>207</sup> (Líkt og kaþólska kirkjan lét gera á Írlandi, og reynt var að gera í USA en var fellt.)

Lífsvon stóð að fundi árið 1991 um lög nr 25/1975 og eftirfarandi ályktun var send þaðan og afhent alþingi og fjölmiðlum til birtingar. Hún er á þessa leið:

Almennur fundur um réttindi lífsins, haldinn á Hótel Borg 26. febrúar 1991 skorar á hið háa Alþingi að setja nú lög um rétt allra einstaklinga, jafnt fæddra sem ófæddra, til lífsins. Fundurinn skorar á alþingismenn að breyta nú þegar lögum nr. 25/1975 ... og koma í veg fyrir, að hundruð Íslendinga láti lífið árlega af félagslegum ástæðum.<sup>208</sup>

### 9.4. Lífsverndarstefna í prófkjöri árið 1987

Í Bandaríkjunum hafa hreyfingar sem vilja láta banna fóstureyðingar vakandi auga með afstöðu stjórnmalamanna með eða á móti fóstureyðingum og greiða atkvæði sitt samkvæmt því.<sup>209</sup> Þessarar aðferðar gætti hér á Íslandi, árið 1986, í baráttu Lífsvonar gegn fóstureyðingum. Í grein eftir Jón Val Jenson sem ber yfirskriftina „Áriðandi orðsending til lífsverndarmanna vegna prófkjörs í Sjálfstæðisflokknum“ segir frá því að Lífsvon hafi beðið frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins um að taka afstöðu til fóstureyðingalaganna og upplýsa kjósendur um hana. Afstaða þingmanna var birt í *Lífsgjöf*, fréttabréfi Lífsvonar, því að nauðsynlegt væri „... að fá trausta stuðningsmenn lífshelginnar í örugg þingsæti í næstu kosningum.“ Ætlunin var að gera öðrum flokkum sömu skil síðar. Í greininni segir að einungis þrjú frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins hafi lýst afdráttarlausum stuðningi við frumvarp Þorvaldar G. Kristjánssonar um að fella niður heimildir til fóstureyðinga vegna félagslegra ástæðna. Það voru þeir Albert Guðmundsson, Ásgeir Hannes Eiríksson og Rúnar Guðbjartsson. Lífsverndarsinnar eru hvattir til að beita áhrifum sínum á val þessara manna á

<sup>207</sup> Lífsvon 2. tlb. 7. árg. j·ni, 1991, 1.

<sup>208</sup> Lífsvon 2. tlb. 7. árg. j·ni 1991, 2.

<sup>209</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 466, 171, og Congressional Quarterly 10 March 1990, 765-775.



þing með atkvæði sínu. „Þóruvísi getum við naumast vænst þess að horfa fram á sigur lífsins í verkum Alþingis“, segir Jón Valur í fyrrnefndri grein.<sup>210</sup>

### **9.5. Lífsverndarstefna Borgaraflokksins**

Þegar Albert Guðmundsson sagði sig af lista Sjálfstæðisflokksins vorið 1987 þótti Lífsvonarfólki ljóst að sá listi gæti „... engan veginn talizt vænlegur kostur fyrir lífsverndarsinna.“ Albert stofnaði svo Borgaraflokkinn árið 1987 ásamt stuðningsmönnum hans, þ.á.m. var Ásgeir Hannes Eiríksson. Jón Valur Jensson, sem er í Lífsvon og var í 23. sæti á framboðslista Borgaraflokksins í Reykjavík, segir í grein í Morgunblaðinu að vegna einarðrar afstöðu Alberts gegn fóstureyðingum hafi hann og fleiri lífsverndarsinnar tekið þá ákvörðun að ganga til liðs við Borgaraflokkinn og vinna þar áfram að „... framgangi málsins.“ Hann telur þetta marka þáttaskil í baráttunni fyrir réttarvernd hinna ófæddu á vettvangi stjórnmalanna. Borgaraflokkurinn hafi fyrstur allra flokka tekið upp á stefnuskrá sína að beita sér fyrir takmörkunum fóstureyðinga. Jón Valur kallar það lífsverndarstefnu Borgaraflokksins. Í stefnuskrá flokksins segir um fóstureyðingar:

Umhyggja fyrir mannlegu lífi, gagnstætt eyðingu þess, er æðsta markmið góðrar ríkisstjórnar. Því mun Borgaraflokkurinn beita sér fyrir því, að sett verði ný löggjöf um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir og fræðsla þar að lútandi verði aukin.<sup>211</sup>

Það eru fleiri úr samtökunum Lífsvon sem grípa pennann og lýsa yfir stuðningi við Borgaraflokkinn fyrir alþingiskosningarnar 1987. Hulda Jensdóttir sem var á sjöunda sæti á framboðslista flokksins segist ekki efast um að lífsverndarsinnar um allt Ísland myndu fylkjast undir fána lífsins, (þ.e. kjósa Borgaraflokkinn) og leggja þannig baráttunni fyrir lífsrétti í móðurkviði lið.<sup>212</sup>

### **9.6. Frumvörp um friðheilagt líf**

Árið 1987 fluttu Kolbrún Jónsdóttir og Guðmundur Ágústsson, þingmenn Borgaraflokksins, frumvarp sem kveður á um að fóstureyðingar af félagslegum ástæðum verði felldar niður. Þau segja þetta frumvarp vera samið til að leggja áherslu á það að „ líf sem kviknað hefur í móðurlífi, er friðheilagt.“<sup>213</sup> Ákvæðum um að fóstureyðing er heimil ef líf konu er í hættu, er ekki breytt, því að í réttarvitund samtímans er líf fósturs réttlægra en móður í slíkum

<sup>210</sup> Lífgr. nr. 2 okt. 1986, 1, 4.

<sup>211</sup> Morgunblaðið 22. apríl 1987, 56-57.

<sup>212</sup> Morgunblaðið 14. apríl 1987, 15.

<sup>213</sup> Alþingistíðindi 1987-88 19. hefti, 3057-58.

tilvikum, segir í greinargerð flutningsmanna frumvarpsins. Frumvarpið heimilar einnig fóstureyðingu ef hætta er á vansköpun eða alvarlegum sjúkdómi fósturs og ef konu var nauðgað.<sup>214</sup>

Í frumvarpinu segir að reynslan hafi sýnt að fóstureyðingum hafi fjölgað verulega síðan árið 1975. Sú fjölgun verði ekki skýrð með því að félagslegar aðstæður hafi versnað því að hagtölur sýndu að líf skjör hefðu batnað að mun síðan lög nr. 25/1975 voru sett. Skýringuna væri hins vegar að finna í breyttu viðhorfi fólks til fóstureyðinga, og vanþekkingu á fóstri, þroskaskeiði þess og því að það er mannlegt líf. Í frumvarpinu segir að viðhorf fólks til fóstureyðinga endurspeglar í „... frelsisbaráttu kvenna og því að fóstrið sé eign konunnar og að henni sé frjálst að ráðstafa líkama sínum að vild.“ Þetta ásamt auknu frjálsræði í kynlífi hefði haft meiri áhrif á fjölda fóstureyðinga en flest annað.

Kolbrún og Guðmundur segja að tilgangurinn með þessu frumvarpi væri ekki að leysa úr félagslegum vanda þjóðfélagsins heldur að sníða lög þannig að allt mannlíf væri friðheilagt og verja börn á öllum stigum lífsins fyrir eyðingaröflum og verja rétt þeirra til lífsins og þátttöku þeirra í því án tillits til efnahags og félagslegrar stöðu foreldra. Frumvarpið byggðist á að þjóðfélagið viðurkenni að líf kvikni við getnað og að það líf sé aðeins eign barnsins. „Litið er því þannig á að barnið í móðurlífi sé ekki hluti af öðrum líkama. Það er sjálfstæður einstaklingur en háður líkama móðurinnar á meðan á fósturástandinu stendur. Þótt barnið sé tímabundið háð líkama móðurinnar á sú staðreynd ekki að þýða að móðurinni sé frjálst að ráðstafa þessu lífi. Þvert á móti henni er falið að varðveita það fyrir utanaðkomandi öflum á þroskastigi þess.“<sup>215</sup>

Sú breyting er gerð á 1.tl. 9. gr. laga nr. 25 að ekki skuli heimila fóstureyðingu af félagslegum ástæðum nema ef kona sé undir 16 ára aldri. Fóstureyðing mætti auk þess aðeins fara fram fyrir 10. viku meðgöngu í stað 12 vikna. Ástæðan fyrir því væri sú að 10 vikna fóstur hafi fengið fullkomið mannsútlit. Hjartað væri farið að slá, æða og öndunarkerfi orðið þróað, skynfæri og útlimir mótaðir og beinkjarnar, tær og fingur hefðu myndast.

Sem fylgiskjal með þessu frumvarpi er lögð fram tillaga til þingsályktunar varðandi lög um fóstureyðingar og almannatryggingar frá kirkjuþingi árið 1987. Þar beinir kirkjuþingur því til alþingis að taka lög nr. 25/1975 til endurskoðunar í þeim tilgangi að þrengja þessi lög, „... sérstaklega varðandi fóstureyðingar af félagslegum orsökum.“ Kirkjuþingur beinir því til alþingis að allt verði gert, t.d. gegnum almannatryggingar, til að létta undir með konum „sem svo stendur á fyrir og þær finni í raun að þjóðfélagið býður nýtt líf velkomið í heiminn.“ Ennfremur er tillaga um að kirkjan bjóði upp á ráðgjafarþjónustu, e.t.v. í samvinnu við Lífsvon, um þau ráð sem til hjálpar mættu vera fyrir hlutaðeigandi einstaklinga. „Vill kirkjuþing skora á Alþingi að breyta umræddum lögum í þá veru að friðhelgi mannlegs lífs sé viðurkennd.“

<sup>214</sup> Alþingistíðindi 1987-88 19. hefti, 3058, 3066.

<sup>215</sup> Alþingistíðindi 1987-88 19. hefti, 3065-66.

Kirkjubing beinir því eftirfarandi áskorun til þingmanna:

Nú þegar Alþingi kemur saman í fyrsta sinn eftir kosningar er þess vænst að nýir menn, sem þar koma til starfa, sýni þessu máli áhuga og alvöru ásamt þeim sem fyrir eru á Alþingi og vitað er að styðja endurskoðun á lögum þeim sem ályktunartillagan viku að [lög. nr. 25.]<sup>216</sup>

Guðrún Agnarsdóttir þingkona Kvinnalistsans andmælir frumvarpi Guðmundar og Kolbrúnar. Hún segist ekki sjá ástæðu til að breyta lögum nr. 25. Þau virði þau grundvallarréttindi kvenna að þær beri sjálfar ábyrgð á gerðum sínum og lífi. Guðrún segist treysta konum til að fara með þennan rétt og ekki sjá neinn betri eða hæfari til þess. Þetta væri meginatriði og mikið baráttumál kvannahreyfinga um langt skeið.<sup>217</sup>

Hún gagnrýnir þau ummæli flutningsmanna frumvarpsins um að því væri ekki ætlað að leysa úr félagslegum vanda heldur að sníða löggjöfina þannig að allt mannlegt líf væri friðheilagt og verja börn, o.s.frv. Guðrún leggur áherslu á að hæpið sé og grunnhyggið að ætla að rjúfa þetta tvennt úr samhengi hvort við annað. Félagsleg staða fólks hefði mikil áhrif á líf þess og gerðir hvað sem öllum lögum liði.<sup>218</sup> Hún álitur að þrenging laganna muni ekki fækka fóstureyðingum eins og fullyrt væri í frumvarpinu því að konur myndu fara aðrar leiðir, annað hvort erlendis eða ólöglegar hérlendis, eins og reynslan sýndi að þær gerðu fyrir setningu laga nr. 25. og eins og konur gerðu í löndum þar sem heimildir til fóstureyðinga væru þröngar eða þær væru enn bannaðar, eins og í mörgum kaþólskum löndum.<sup>219</sup> Um þá röksemdafærslu um að lög nr. 25 hafi valdið gífurlegri fjölgun fóstureyðinga bendir Guðrún á að hlutfallsleg tíðni fóstureyðinga væri samt mun lægri hér en á hinum Norðurlöndunum.<sup>220</sup> Svavar Gestsson, sem einnig andmælir frumvarpinu, segir um þennan samanburð. „Ég hygg ótvírætt að þessar tölur sýni að íslenskum konum er vel treystandi til að búa við óbreytta fóstureyðingarlöggjöf. Það er ósanngjarnt og rangt að segja að þær hafi misnotað hana, eins og oft er haldið fram.“<sup>221</sup>

Svavar Gestsson og Guðrún Agnarsdóttir leggja bæði áherslu á að það sem gera þurfi til að fækka fóstureyðingum sé ekki að þrengja lögin einhliða heldur að auka og efla félagslegar umbætur í þjóðfélaginu til að skapa betri lífskilyrði fyrir börn.<sup>222</sup>

Þetta frumvarp náði ekki fram að ganga því að umræðu og atkvæðagreiðslu var frestað.<sup>223</sup>

Árið 1990 sat Hulda Jensdóttir formaður Lífsvonar á þingi sem varapingmaður Borgaraflokksins. Hún lagði fram frumvarp um breytingar á lögum nr. 25 í svipuðum anda og

<sup>216</sup> Alþingistíðindi 1987-88 19. hefti, 3070-72, og Gerðir kirkjubings 1987, 66-69.

<sup>217</sup> Alþingistíðindi 1987-88 24. hefti, 6561.

<sup>218</sup> Alþingistíðindi 1987-88 24. hefti, 6565.

<sup>219</sup> Alþingistíðindi 1987-88 24. hefti, 6569.

<sup>220</sup> Alþingistíðindi 1987-88 24. hefti, 6571.

<sup>221</sup> Alþingistíðindi 1987-88 24. hefti, 6582.

<sup>222</sup> Alþingistíðindi 1987-88 24. hefti, 6562-74, 6579-82.

<sup>223</sup> Alþingistíðindi 1987-88 24. hefti, 6585.

frumvarp Guðmundar og Kolbrúnar, með yfirskriftinni að líf sem kviknað sé í móðurkviði sé friðheilagt. Frumvarp Huldu gengur þó enn lengra í breytingum á lögum nr. 25, heldur en flokksfélagar hennar gerðu árið 1987.

Hulda telur reynsluna af lögum nr. 25/1975 vera mjög neikvæða, tölur sýni að fóstureyðingum hafi fjölgað, ástæðurnar sem gefnar eru oftast félagslegar og synjanir um fóstureyðingu eru sárafáar. Þetta þrennt þykir Huldu benda til að takmörkun á heimild til fóstureyðinga séu lítil í framkvæmd. Hún segir að samkvæmt könnun landlæknisembættisins þá hafi 75% kvenna sem fóru í fóstureyðingu ekki notað getnaðarvarnir „... sem bendir ótvírætt til þess að fóstureyðingin var notuð sem getnaðarvörn.“ Hulda segir tilgang frumvarpsins vera:

a) að létta þeirri þungu byrði af konum sem fóstureyðing er. Frjálsar fóstureyðingar hafa sýnt sig vera fjötrar á konur. Samfélagið, barnsfeður og ýmsir aðrir hafa notfært sér möguleikann sem í frjálsri fóstureyðingu felst, konum til mikils skaða. b) Að verja börn í móðurlífi fyrir utanaðkomandi eyðingaröflum og veita þeim þau mannréttindi sem eru ofar öllu öðru, réttindi til að fá að lifa og taka þátt í lífinu, án tillits til efnahags og félagslegra stöðu foreldra. Frumvarpið byggist á því að þjóðfélagið viðurkenni að líf hafi kviknað við getnað.<sup>224</sup>

Í frumvarpinu segir að ekki leiki vafi á að efla þurfi aðstoð við konur sem væru illa staddar vegna ótímabærrar þungunar. En lausnin væri ekki fóstureyðing. Auk stuðningsviðtala um meðgöngutímamann og eftir fæðingu, þyrfti m.a. aðstoð við barnapössun, svo að viðkomandi kæmist út á meðal fólks ef um einstæða móður væri að ræða svo að hún einangraðist ekki. Auk þess ætti að veita móður fjárhagslega aðstoð ef með þyrfti, mun meiri en nú væri vól á. Vísir að slíkri aðstoð væri þegar fyrir hendi hjá samtökunum Lífsvon. En sú aðstoð væri fyrst og fremst fólgin í að veita húsaskjól og heimili þeim konum sem ættu tímabundið í erfiðleikum.

Hulda segir þetta frumvarp ekki samið gegn konum heldur þvert á móti til að vernda þær og börn þeirra. Hún segir tillögur sínar byggðar á langri reynslu í ólíku starfi, annars vegar við fóstureyðingar á árum áður og innsýn inn í reynsluheim viðkomandi kvenna og hins vegar við áratuga starf við barnsfæðingar. „...hið síðarnefnda gleði og lífsfylling öllum sem hlut eiga að máli, hið fyrra táradalur, söknuður og tóm sem enginn og ekkert getur fyllt.“<sup>225</sup>

Í frumvarpi Huldu Jensdóttur segir að fóstureyðing sé heimil ef heilsu konu er hætta búin af meðgöngu og fæðingu.<sup>226</sup> Hins vegar er felld út úr 2.tl. 9. gr. um læknisfræðilegar ástæður, ákvæðið um að fóstureyðing sé heimil ef hætta er á að fóstrið sé sjúkt eða vanskapað, því að „... hver erum við til að dæma um það hver á að lifa og hver á að deyja?... Við megum ekki missa neitt barn,“ segir Hulda, „ nema í beinni sjálfsvörn, til þess að bjarga öðru lífi.“<sup>227</sup>

<sup>224</sup> Alþingistíðindi 1990 4. hefti, 965.

<sup>225</sup> Alþingistíðindi 1990 4. hefti, 965-67.

<sup>226</sup> Alþingistíðindi 1990 4. hefti, 959.

<sup>227</sup> Alþingistíðindi 1990 4. hefti, 967.

Einnig eru felld niður ákvæði laga nr. 25, um að fóstureyðing sé heimil þegar sjúkdómur, líkamlegur eða geðrænn, dregur alvarlega úr getu konu eða manns til að annast og ala upp barn og ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið ófrísk vegna annars refsiverðs atferlis.<sup>228</sup> Að vísu segir í greinargerð Huldu með frumvarpinu að kona gæti hugsanlega fengið fóstureyðingu eftir nauðgun. Sá réttur hennar er þó vægast sagt mjög óskýr samkvæmt frumvarpinu. Þar segir:

Hroðaathöfnin nauðgun, sem er kafli út af fyrir sig og enn sem komið er illa á haldið í íslensku réttarkerfi, því til mikils vansa, leiðir þó mjög sjaldan til frjónungar. Þess vegna er sú sama meðhöndlun hér viðhöfð sem 8. gr. III kafla bendir til [Fóstureyðing er leyfileg ef ætla má að lífi eða heilsu konu sé hættu búin af áframhaldandi meðgöngu og fæðingu.]... Að sjálfsögðu er sú skylda frumskilyrði að viðkomandi kona hafi tilkynnt verknaðinn nauðgun samstundis eða eins fljótt og auðið var og nútímalæknisfræðilegar aðgerðir verið framkvæmdar til þess að fyrir byggja að raunveruleg frjónungun geti átt sér stað, auk þess að sannað sé að nauðgun hafi átt sér stað og hinn seki fundinn.<sup>229</sup>

Sú spurning hlýtur að vakna við þetta atriði frumvarpsins hvers vegna Hulda Jensdóttir vill gera konum sem yrðu ófrískar eftir nauðgun svona erfitt fyrir að fá fóstureyðingu úr því að, eins og hún segir sjálf, slík tilvik væru svo fá? Hulda gagnrýnir lélega frammistöðu íslensks réttarkerfis í nauðgunarmálum en um leið vill hún setja lög sem ætla þessu réttarkerfi að ráða því hvort kona fái fóstureyðingu eftir nauðgun. Hulda segir að það þurfi að vera sannað að nauðgun hafi átt sér stað til að kona hafi rétt til að láta eyða fóstri. Allir vita (eða vita það ekki allir?) hvað kona þarf að ganga í gegn um til að „sanna“ að henni hafi verið nauðgað. Margar konur eru svo illa á sig komnar andlega eftir nauðgun að fyrir þær er þessi líkamsskoðun nánast eins og önnur nauðgun, fyrir líkamann og fyrir sálina. Auk þess er sú valdbeiting sem menn beita við nauðgun með ýmsu móti og í mörgum tilfellum sjást því engir áverkar á konunni. Hún hefur því ekkert til stuðnings framburði sínum nema orðin ein og eins og reynslan hefur sýnt, því miður, þá veга orð kvenna oft ansi lítið í þessum tilvikum. Eins og dæmin sýna einnig þá getur reynst torsótt að sanna nauðgun upp á mann, eða jafnvel að finna þann seka og stundum tekst það aldrei.

Kristín Einarsdóttir þingkona Kvennalistsans gagnrýnir það að frumvarpið skuli fella niður ákvæði laga nr. 25, um heimild fyrir fóstureyðingu vegna sjúkdóms, líkamlegs eða geðræns, sem hindraði getu konu eða manns til að eiga og ala upp barn og ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið ófrísk vegna annars refsiverðs atferlis. Varðandi nauðgunarmál bendir hún á hversu seinvirkt réttarkerfið sé í þessum sambandi og barn gæti jafnvel fæðst innan þess tíma sem það tæki að fá sannanir og dóm í slíku máli.<sup>230</sup> Kristín Einarsdóttir segir að verði

<sup>228</sup> Alþingistíðindi 1990-91 18. hefti, 4362.

<sup>229</sup> Alþingistíðindi 1990 4. hefti, 969.

<sup>230</sup> Alþingistíðindi 1990-91 18. hefti, 4362.

þetta frumvarp samþykkt sem lög þá væri það skref aftur fyrir lagasetninguna árið 1938 og um fóstureyðingar myndu gilda nánast sömu lög og á tíma hegningarláganna frá árinu 1869.<sup>231</sup>

Hún spyr hvort konur með lykkjuna væru þá að eyða fóstri mánaðarlega samkvæmt frumvarpi Huldu úr því að þar sé sagt að líf hefjist við samruna sæðisfrumu og eggis. Og hvað þá með glasafrjóvganir, hvar hefst lífið þar eða á að banna þær, spyr Kristín Einarsdóttir. Hún leggur áherslu á viðhorf Kvinnalistans til þessara mála; Fóstureyðing væri hverri konu neyðarúrræði og til að draga úr þörf fyrir þær ætti að efla kynlífsfræðslu, gera getnaðarvarnir aðgengilegri og stórauka félagslega aðstoð við konur.<sup>232</sup>

Önnur þingkona Kvinnalistans, Anna Ólafsdóttir Björnsson segir að á meðan að ekki væri bætt úr skorti á aðstoð við foreldra yrðu fóstureyðingar af félagslegum ástæðum tæplega stöðvaðar. Þessu til stuðnings les hún úr umsögn eftirtalinna aðila á Kvinnadeild Landspítalans um frumvarp Huldu Jensdóttur; Jóns Þ. Hallgrímssonar yfirlæknis, Helgu Hannesdóttur geðlæknis og Guðrúnar Ögmundsdóttur félagsráðgjafa. Í umsögn þeirra segir:

Reynsla af núverandi löggjöf hefur sýnt að þau félagslegu vandamál sem eru forsendur fóstureyðingar eru oft mjög einstaklingsbundin og persónuleg. Þau verða oft ekki leyst nema með viðtækum hjálparaðgerðum og góðum stuðningi við konuna. Erfitt getur verið að setja sig í annarra spor í þessum efnum og hljóta því þeir sem um slík vandamál fjalla að taka tillit til mats einstaklingsins á eigin aðstæðum og vandamálum. ... Reynsla erlendis frá hefur sýnt að þar sem félagslegar aðstæður eru ekki viðurkenndar eru fóstureyðingar stundum framkvæmdar á ólöglegan hátt og við ófullnægjandi aðstæður. Þessar aðstæður geta stefnt lífi og heilsu konunnar í voða. ... Það er niðurstaða okkar að niðurfelling heimildar til fóstureyðingar vegna félagslegra forsendna sé á engan hátt raunhæf miðað við þær þjóðfélagsaðstæður sem við búum við í dag. Með þrengingu laganna yrði konum mismunað eftir fjárhag því að eins og alkunnugt er geta konur farið utan í fóstureyðingu.<sup>233</sup>

Frekari umræðu um frumvarp Huldu Jensdóttur var frestað á alþingi vegna fjölda annara mála sem þurfti að afgreiða fyrir þinglok.<sup>234</sup>

### ***9.7. Þær vilja „seilast inn í helgustu vé mannlegs lífs til að fjarlægja afleiðingar gerða sinna með valdbeitingu lögvalds“***

Huldu Jensdóttur þykir Kvinnalistakonur greinilega taka skakkan pól í hæðina varðandi kvenréttindi því hún segist svo sannarlega ekki vera að setja stein í götu frelsisbaráttu kvenna með frumvarpi sínu heldur hið gagnstæða. Hún sé ekki aðeins að reyna að bjarga lífi 700 Íslendinga ár hvert eða lækka þá tölu verulega heldur líka að bjarga jafnmörgum konum frá þeim vandamálum sem fylgja í kjölfarið fyrir allflestir þeirra. „Hins vegar er auðvitað sárt til

<sup>231</sup> Alþingistíðindi 1990-91 18. hefti, 4356.

<sup>232</sup> Alþingistíðindi 1990-91 18. hefti, 4364.

<sup>233</sup> Alþingistíðindi 1990-91 17. hefti, 4133-34.

<sup>234</sup> Alþingistíðindi 1990-91 17. hefti, 4144.

þess að vita“, segir Hulda Jensdóttir, „að enn skuli vera til konur sem telja sig vera að berjast fyrir kvenréttindum með því að krefjast frjálsra fóstureyðinga. Þetta er hrikaleg blekking því frjálsar fóstureyðingar eru fjötrar á konur, hreinlega hlekkir á konur.“ Hún mótmælir þeim rökum fyrir fóstureyðingu að konur ráði yfir líkama sínum og segir að það veiti þeim engin réttindi umfram aðra til að ráða hverjir eigi að lifa eða deyja. Með því að krefjst réttar til fóstureyðingar væru konur að krefjast þess að þær hefðu löglegan rétt til að hlaupast frá sjálfsögðum skyldum sínum með því „... að seilast inn í helgustu vé mannlegs lífs [móðurlífið] til að fjarlægja afleiðingar gerða sinna með valdbeitingu lögvalds.“<sup>235</sup>

### **9.8. „Fóstur kvikna almennt ekki af sjálfu sér“**

Ásgeir Hannes Eiríksson þingmaður Borgaraflokksins er mjög andvígur fóstureyðingum. Hann segir oft vera rætt um réttindi þegar fjallað væri um fóstureyðingar en minna um skyldur. Það væri talað um rétt konunnar til að ráða yfir eigin líkama. En er fóstur hluti af líkama konunnar, spyr hann og svarar því sjálfur að fóstur er ekki fast við líkama konu eins og kæmi í ljós við fæðingu heldur er það fast við fylgjuna. „Fóstrið er því engan veginn hluti af líkama konunnar.“ Hann segir að þær konur sem hefðu rétt til að ráðstafa líkama sínum hlytu um leið að horfast í augu við þær skyldur sem þær bera gagnvart líkama sínum. „Fóstur kvikna almennt ekki af sjálfu sér.“ Fólk ætti að bera ábyrgð á kynlífi sínu ella væri það skylda þess að taka afleiðingunum.

### **9.9. Dagdraumar fósturs í stjórnuþjóðfélagi**

Ásgeir Hannes Eiríksson styður frumvarp Huldu Jensdóttur. Hann biður þingmenn að velja því fyrir sér hvað hefði orðið úr öllum börnunum sem á hverju ári er eytt í móðurkviði. „Hve margar dugandi mæður eru í þeim hópi? Hve margir nýtir borgarar? Og þetta þjóðfélag er stjórnuþjóðfélag.“ Hve margar stjórnur hefur íslenska þjóðin misst, spyr Ásgeir; hve marga landsliðsmenn í íþróttum, skákmeistara, þingmenn, kvennalistakonur?

Hann biður þingmenn að ímynda sér hvernig sé umhorfs hjá fósturi sem liggur umvafið öryggi í hlýju, þægilegu myrkri þar sem það liggur og dafnar og hlakkar til að fæðast og leika við systkini sín. Vera með foreldrum sínum og njóta þess yls sem er á hverju góðu heimili. Og svo verður það vart við hreyfingu og heldur að nú sé komin sú langþráða stund að það fái að fæðast í faðm fjölskyldu sinnar. En þá var þetta ryksuga sem saug fóstrið burt úr móðurinni. Og þingmaðurinn vitnar í kvikmynd „sem hefur verið kvikmynduð með sónar hvernig fóstrið bregst við þegar ryksuga þessi kemur inn í móðurlífið.“<sup>236</sup>

<sup>235</sup> Alþingistíðindi 1990-91 17. hefti, 4141-42.

<sup>236</sup> Alþingistíðindi 1990-91 18. hefti, 4360-61.

## 9.10. „Fósturverndarmálið á Alþingi: enn einn ósigur lífsverndarsinna“

„Fósturverndarmálið á Alþingi: enn einn ósigur lífsverndarsinna -- lærdómar af meðferð málsins og framtíðarúrkostir.“ er fyrirsögn á grein í fréttabréfi Lífsvonar um afdrif fyrrnefndra frumvarpa þingmanna Borgaraflokksins. Í þessari grein segir að á liðnu kjörtímabili voru lögð fram þrjú frumvörp um að þrengja heimildir til fóstureyðinga. Frumvarp Guðmundar Ágústssonar og Kolbrúnar Jónsdóttur ( við samningu þess hafði Guðmundur „allnokkurt samráð við stjórnmalanefnd Lífsvonar“.) og Frumvarp Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar náðu ekki afgreiðslu á þingi því umræðum var frestað. Frumvarp Huldu náði lengst áleiðis eða til umfjöllunar heilbrigðis og tryggingarmalanefndar. Meirihluti hennar mælti með að því yrði vísað til ríkistjórnar. Í greininni segir ennfremur að það „... klúður, að ekki tækist að fá fram atkvæðagreiðslu um a.m.k. það að vísa málinu til ríkistjórnarinnar, er að vísu meiri ósigur fyrir vikið (eins og staðan var orðin góð), [þ.e. stuðningur meiri hl. nefndar ] en þar var tímaskorti og óbilgirni Kvinnalistsans um að kenna.“

Í fréttabréfinu segir að þeir lærdómar sem draga mætti af fyrrgreindum afdrifum „lífsverndarbaráttunnar“ á alþingi þetta kjörtímabil séu m.a. þeir að til að koma stefnumálum Lífsvonar að á alþingi þurfi samtökin að eiga góða að þar. Segir að þingleg meðferð frumvarps Huldu, afgreiðsla úr nefnd og umræður í neðri deild hafi verið viss áfangasigur fyrir Lífsvon:

Þessi þinglega meðferð var því að þakka, að beitt hafði verið þrýstingi innan ríkisstjórnarinnar til að knýja fram loforð um, að málið væri ekki svæft með því að hleypa því ekki gegnum dagskrá þingsins. Þessi þrýstingur kom frá einum aðila stjórnmalanefndar Lífsvonar, sem með bréfaskriftum til viðkomandi þingflokks fékk fulltrúa hans til að ná fram heiðursmannasamkomulagi þriggja ráðherra úr hinum ríkisstjórnarflokkunum um, að málið yrði ekki stíflað í nefnd eða þingdeildum (þetta jafngilti þó vitanlega ekki því, að ríkisstjórnarflokkarnir hefðu heitið að greiða atkvæði með frumvarpinu sem slíku). Og væntanlega hefur aðild Huldu Jensdóttur að einum þingflokki ríkisstjórnarinnar einnig vegið þungt. Af þessu sést, að nauðsynlegt er að eiga góða að innan ríkisstjórnarflokka til að málið verði ekki svæft, eins og er hlutskipti svo margra þingmannafrumvarpa.<sup>237</sup>

## 9.11. Hagstjórnarsjónarmið og fóstureyðingar

Þorvaldur G. Kristjánsson talar um blóðfórnir og sjálfstæði Íslands þegar hann flutti frumvarp sitt um þrengingu laga nr. 25, á alþingi árið 1978. Honum þykir með tilvísun í tölur um fóstureyðingar árin eftir 1975 að fóstureyðingum fjölgi ískyggilega og kennir ákvæðinu um félagslegar ástæður um. Hann telur upp ýmsar umbætur sem gera þyrfti í félagslegri aðstoð við mæður og börn.<sup>238</sup> Vissulega myndi þetta kosta skildinginn, segir hann, en það væru bara smámunir miðað við „... hið óbætanlega tjón sem blóðfórnir fóstureyðinganna valda nú hinni

<sup>237</sup> Lífsvon 2. tlb. 7. árg. j·ni 1991, 3-4.

<sup>238</sup> Alþingistíðindi 1978-79 B.3., 3549-3552



fámennu íslensku þjóð, sem þarfnast mest af öllu fleiri handa til að halda uppi sjálfstæðri tilveru sinni.“ Hann talar um sérstöðu Íslands í þessum efnum vegna fólksfæðar. Áhrif fóstureyðinga á fólksfjöldann hlutu þess vegna að vera mikið alvörumál:

Íslenska þjóðin hefur því sögulega hlutverki að gegna að halda uppi í þessu landi sjálfstæðu ríki með öllu sem því fylgir. Í þessu efni höfum við sérstöðu vegna fámennis þjóðarinnar. ... En það hljóta samt að vera takmörk fyrir því hvað fámennið leyfir. Einhvers staðar eru takmörkin fyrir því, hve margar hendur þarf til að geta haldið uppi sjálfstæðu ríki og hagnýtingu auðlinda okkar til lands og sjávar. Ef farið er niður fyrir þessi mörk er í húfi að þjóðin megni að halda uppi sjálfstæðu ríki með þeim skyldum sem því fylgja. ... Sjálf tilvera hinnar íslensku þjóðar er þá í húfi. Að þessu er skylt að huga þegar rætt er um áhrif fóstureyðinga hér á landi á fólksfjölda þjóðarinnar.<sup>239</sup>

Þorvaldur segist hafa beðið Hagstofuna um að reikna út hvaða áhrif breytt tala fóstureyðinga hefði á vaxtarmegin þjóðarinnar miðað við að fæðingartala breyttist að sama skapi.<sup>240</sup> (Ekki verður farið út í þær tölur hér en niðurstaðan var vitanlega sú að þjóðin stækkar ef það fæðast fleiri börn.)

Hulda Jensdóttir spyr alþingismenn, þegar hún leggur fram frumvarp sitt árið 1990, hvort sú spurning hljóti ekki að vakna hvort sú staðreynd, að um og yfir 700 „Íslendingar fá ekki að sjá dagsins ljós hvert einasta ár“, hafi ekki áhrif á afkomu okkar og eðlilega fólksaukningu? Árið 1970 var talan hér á landi 2.8 börn á hverja konu á barneignaaldri „...sem var glæsileg tala“, segir Hulda Jensdóttir, „... og um leið nauðsynleg til þess að við getum haldið utan um arfleið okkar, menningu og hvert annað.“ En síðan hefði sigið á ógæfuhliðina segir þingkonan og því er spáð að innan örfárra ára verði þessi tala aðeins 1,7 sem væru auðvitað alvarleg hættumörk. (fyrir viðhald íslensku þjóðarinnar!)

Hulda segir að íbúum Evrópubandalagsríkjana fækki stöðugt í hlutfalli við heildartölu íbúa jarðar. Sama væri að gerast í N-Ameríku. „Alþekkt eru vandamálin t.d. hjá Þjóðverjum og ... Svíum. Þll ráð eru reynd til að uppörva fólk til barneigna vegna þess hættuástands sem fólksfækkun þessara landa og margra annara dregur í kjölfar sitt.“ Til þess að viðhalda stofni þyrfti lágmarksendurnýjunarmörk sem væru á bilinu 2,1 - 2,3 lifandi fædd börn á konu til að halda óbreyttum íbúafjölda. „Staðreyndin er sú að Norðurlöndin öll ásamt Vestur-Evrópu að Írlandi undanskildu eru samkvæmt þessu útfjarandi þjóðir.“<sup>241</sup> Í sama streng tekur Ásgeir Hannes Eiríksson í ræðu á þingi:

Það fæðast ekki nógu margir Íslendingar til að halda þjóðfélaginu gangandi þegar til lengdar lætur. Þegar við erum komin á erfiðasta aldur og þurfum að treysta á að þjóðfélagið framfleyti okkur, þá má búast við að það verði ekki nógu margar vinnufúsar hendur til þess

<sup>239</sup> Alþingistíðindi 1978-79 B.3., 3552.

<sup>240</sup> Alþingistíðindi 1978-79 B.3., 3552-3553.

<sup>241</sup> Alþingistíðindi 1990-91 17. hefti, 4137-38.

að greiða okkur ellilaunin. Við skulum hugsa um þann þátt ekki síður en aðra þjóðfélagslega hagkvæmni þess að fá að fæðast.<sup>242</sup>

Í fréttabréfi Lífsvonar árið 1991 er þýdd grein um það hve treglega gengur að fá konur í löndum Vestur Evrópu til að eiga nógu mörg börn. Þar segir að ekkert land innan Evrópubandalagsins, að Írlandi undanskildu, sé með nógu háan „...frjósemissstuðul til að halda í við hinn náttúrulega viðhaldsstuðul, 2,1. börn á hverja móður. Um alla Evrópu færi fæðingum fækkandi á sama tíma og lífslíkur lengdust svo að meðalaldur þjóðanna hækkaði óðfluga. Afleiðingin verður að það kemur að því að meira verður af gömlu fólki en ungu, sem hefur slæm hagfræðileg áhrif á samfélagið. Enn afdrifaríkari yrðu þessi áhrif á vinnuaflið vegna samdráttar á nýju vinnuafli og þörfin fyrir fleiri innflytjendum mun vaxa. Þeir innflytjendur koma frá þriðja heiminum í tugþúsunda tali, löglega eða ólöglega og í kjölfarið eykst andstaða við þá í ýmsum löndum. Jón Valur Jensson segist hafa þýtt þessa grein um fólksfækkunarvandamál Evrópulanda í fréttabréf Lífsvonar því það tengist Íslandi einnig og einn þáttur þess væri fjöldi fóstureyðinga:

Umhugsunin um þetta praktíska atriði, að fóstureyðingar stuðla að hnignandi þjóðlífi í framtíðinni, er vissulega ekki grundvöllur þeirrar afstöðu okkar, að fóstureyðingar séu rangar - sú afstaða er fyrst og fremst byggð á siðferðis- og mannúðarástæðum; en hins vegar staðfestir hinn praktíski veruleiki, að siðferðisafstaða okkar er bæði rétt og skynsamleg og í samræmi við lögmál lífsins.<sup>243</sup>

---

<sup>242</sup> Alþingistíðindi 1990-91 18. hefti, 4361.

<sup>243</sup> Lífsvon 2. tlb. 7. árg. j.ni 1991, 8-9.

# X. ÁRÓÐURSSTRÍÐ Í BANDARÍKJUNUM GEGN FÓSTUREYÐINGUM

## 10.1. Baráttan gegn fóstureyðingum

Baráttan fyrir löglegum fóstureyðingum í Bandaríkjunum var ekki í höfn með úrskurði Hæstaréttar árið 1973, heldur átti hún eftir að harðna og verða mjög öfgafull. „Right-to-life“ hreyfingar spruttu upp eins og gorkúlur eftir úrskurð Hæstaréttar 1973. Kapólska kirkjan er aflið að baki margra þessara hópa, sem kalla sig „prolife“ því hugmyndir þeirra byggja á því að fóstureyðing sé eyðing á lífi. Hreyfingar sem eru með fóstureyðingum kalla sig „prochoice“ frekar en „proabortion“ til að undirstrika að þær myndu aldrei hvetja konu að láta eyða fósturi en teldu hins vegar að sérhver kona hefði rétt til að ákveða það sjálf.<sup>244</sup>

Samtök gegn fóstureyðingum í Bandaríkjunum eiga sér sterkan bróður að baki þar sem kapólska kirkjan er með auð sinn og völd, auk þess bókstafstrúarmenn úr mótmælendakirkjunni, stóran hluta stjórnámálanna Republikanaflokksins,<sup>245</sup> og síðast en ekki síst þá styðja sjálfur Bandaríkjaforseti George Bush málstað þeirra. Sama gilti um Ronald Reagan þegar hann gegndi forsetaembætti. Samtök gegn fóstureyðingum töldu sig sjá hylla undir sigur í baráttunni gegn fóstureyðingum árið 1980 þegar Ronald Reagan komst til valda ásamt einhverri þeirri íhaldsömustu stjórn Republikana sem setið hafði til fjölda ára.<sup>246</sup> Hann var gallharður andstæðingur fóstureyðinga og hafði hátt um það á stjórnálaferli sínum. Á sama tíma skerti efnahagsstefna hans stórlega laun lágstéttanna og hækkaði tekjur þeirra ríku. Afleiðingin varð óhjákvæmilega meiri fátækt, þjóðfélags upplausn og þunganir sem enginn kærði sig um.<sup>247</sup>

Lífverndarsamtök („Right-to-life“) snérist gegn stofnunum sem veittu fátæku fólki ráðgjöf um getnaðarvarnir, ófrjósemisaðgerðir og fóstureyðingar. Eftir að Ronald Reagan náði kjöri var stórum dregið úr opinberum fjárframlögum til þessara stofnana. Þá hófu íhaldsamir hægrimmenn að takmarka aðgang kvenna að fóstureyðingum með öllum tiltækum ráðum. Til dæmis með því að þrýsta á þingið að breyta lögum til að koma í veg fyrir að Medicaid greiddi fyrir fóstureyðingar. Þetta kom verst við þann hóp sem verst stendur í Ameríku, fátækar konur.<sup>248</sup> (Medicaid er opinber bandarísk stofnun sem veitir því lágtekjufólki fjárhagsaðstoð sem þarf á lækniástoð að halda en hefur ekki rétt til fjár frá almannatryggingum.)

<sup>244</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 181.

<sup>245</sup> French, Marilyn: The war against women, 84, 88.

<sup>246</sup> Wohl, Lisa Cronin: Antiabortion violence on the rise, 136.

<sup>247</sup> Maguire, Daniel C. : A catholic theologian at an abortion clinic, 131.

<sup>248</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 458.

Stefnu Reaganstjórnarinnar gegn löglegum fóstureyðingum var einnig beitt utan Bandaríkjana. Bandaríkin hættu árið 1984 að leggja fram fé til alþjóðlegra stofnana um fjölskylduáætlanir ef fóstureyðingar fóru fram þar eða ráðgjöf um fóstureyðingar. Engu skipti þó þessar stofnanir leggðu amerísku fjárhagsaðstoðina til hliðar og gættu þess vandlega að nota hana í öðrum tilgangi. Einnig drógu bandarísk yfirvöld úr stuðningi við „International Planned Parenthood“ því að í sumum löndum voru fóstureyðingar hluti af þjónustu þeirra. Afleiðingin varð sú að tilraunir til að takmarka barneignir fóru út um þúfur og árið 1988 í mörgum löndum þriðja heimsins hafði fjöldi fóstureyðinga aukist. Dánartíðni ungra kvenna hafði einnig hækkað er þær reyndu sjálfar að binda enda á þunganir sínar.<sup>249</sup>

Takmark baráttu samtaka gegn fóstureyðingum beindist að því að fá afnuminn *Roe v. Wade* úrskurð Hæstaréttar.<sup>250</sup> Það tókst næstum því árið 1989.<sup>251</sup> Einnig var reynt að fá fram bann við fóstureyðingum með því að fá rétt fósturs til lífs skráðan í stjórnarskrána en sú krafa náði ekki meirihlutafylgi á þingi.<sup>252</sup>

## 10.2. Hryðjuverk gegn fóstureyðingum

Þegar samtökum andstæðinga fóstureyðingalaganna tókst ekki að fá *Roe v. Wade* fellt úr gildi lýstu öfgasinnaðir hópar yfir stríði á hendur heilsugæslustöðvum sem framkvæmdu fóstureyðingar. Aðgerðir þeirra hófust fyrir alvöru árið 1984.<sup>253</sup> Það ár voru tuttugu og níu sprengingar og íkveikjur í stofnunum sem veittu ráðgjöf og þjónustu varðandi getnaðarvarnir og fóstureyðingar.<sup>254</sup> Nærri lá við dauðaslysum í nokkrum tilvikum. Morðhótunum og ærumeiðingum rigndi yfir forstöðumenn, lækna og starfsfólk þessara stofnana jafnt á vinnustað sem á heimili þeirra og andstæðingar fóstureyðinga stóðu vörð við anddyri heilsugæslustöðva og læknastofa til að reyna að hindra konur í því að fara þar inn.<sup>255</sup> Þessir sjálfskipuðu „verndarar lífsins“ beita ýmsum ráðum til þess að fá konu til að skipta um skoðun og hætta við að fara í fóstureyðingu. Þeir leitast við að telja konu hughvarf með fortölum, bænalestri eða bæklingum um fóstur. Ef það dugir ekki má hún jafnvel eiga von á að yfir hana sé hellt dúkkum úr ruslafötu, útötuðum í rauðum málningarslettum sem eiga að tákna fóstur. Eða þá að dúkku negldri á kross sé ýtt að henni, „heilögu“ vatni skvett á hana eða hún elt að dyrunum með segulbandsupptöku af barnsgráti. Einhver kann að taka ljósmynd af henni eða taka niður bílnúmerið hennar í vafasömum tilgangi. Kona má eiga von á að það sé æpt að henni að hún sé morðingur og að hún sé hindruð með líkamlegu valdi í að fara inn í

<sup>249</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 458.

<sup>250</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 456-57.

<sup>251</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 462.

<sup>252</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 456-57.

<sup>253</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 460.

<sup>254</sup> Ms. Magazine March 1985, 19.

<sup>255</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 460.

bygginguna Líklegast er hún spurð nærgöngulla spurninga um hvort hún sé ófrísk, gift, farið áður í fóstureyðingu og hvaða trú hún játi. Mjög líklega verður hún fyrir því að einhver klessir mynd af blóðidrifnu fósturi í andlitið á henni. Þetta er stutt og einfölduð lýsing á því hvað bandarískar konur sem ætla í fóstureyðingu ganga í gegn um.

Skipulagt ofbeldi öfgasamtaka gegn fóstureyðingum fór stigvaxandi á níunda áratugnum. Úr því að þeim tókst ekki að fá fóstureyðingar bannaðar með lögum ætluðu þau að reyna að gera konum ókleift að fara í fóstureyðingu eins og lög kváðu á um að þær hefðu rétt til.<sup>256</sup> Margar stofnanir sem framkvæmdu fóstureyðingar fóru illa út úr þessari hryðjuverkastarfsemi. Sumar áttu í vandræðum með að fá starfsfólk sem treysti sér til að vinna undir slíku álagi. Einnig var erfitt að fá tryggingar því að samtök gegn fóstureyðingum höfðu beitt tryggingafélög þrýstingi til að tryggja ekki fyrir heilsugæslustöðvar þar sem fóstureyðingar væru gerðar. Margir lækningar sem ekki unnu hjá fyrnefndum stofnunum en framkvæmdu fóstureyðingar hættu því þegar að stofur þeirra og jafnvel heimili voru lögð í rúst af andstæðingum fóstureyðinga.<sup>257</sup>

Hæstiréttur hafði fellt úrskurð um að kona hefði rétt til að láta eyða fósturi en með hryðjuverkastarfsemi er æ fleiri konum gert ókleift að njóta þessa réttar. Á árunum 1977-1988 dróst aðgangur að fóstureyðingum saman um rúman helming því að fleiri og fleiri lækningar neita að framkvæma þær vegna þeirrar hættu sem það kallar yfir þá. Í stórum hluta Bandaríkjanna eru engar fóstureyðingar framkvæmdar lengur. Á sjúkrahúsum þar sem þriðjungur allra fóstureyðinga fór fram eru aðeins framkvæmdar um tíu prósent slíkra aðgerða. Hinn hlutinn fer fram á læknastofum, mörgum undir stöðugum árásum. Í sumum fylkjum Bandaríkjanna eru engir lækningar eftir sem vilja framkvæma fóstureyðingar. Nokkrir lækningar fljúga á milli bæja og borga til að bjóða aðstoð sína. Þeir sleppa þó ekki við ofsóknir á heimili sínu, innbrot og hótanir við þá og fjölskyldu þeirra.<sup>258</sup> Þetta ástand leiðir til þess að konur sem eiga peninga til að ferðast geta fengið löglega fóstureyðingu. Fátækum konum er gert ókleift, ekki með lögum heldur hryðjuverkum, að fá fóstureyðingu, jafn algerlega og ef þær væru ólöglegar.<sup>259</sup>

### ***10.3. Yrði kvennahreyfingin andspyrnuhreyfing?***

Árið 1991 var svo komið að umsátursástand ríkti um fóstureyðingalög hvarvetna í Bandaríkjunum. Andstæðingar fóstureyðinga innan löggjafasamkundunnar höfðu lagt fram tuttugu og fimm lög sem öll takmörkuðu heimildir til fóstureyðinga árið 1989, fjögur hundruð árið 1990 og tvö hundruð á fyrra helmingi ársins 1991. Þeim öflum sem vildu verja lögin um

<sup>256</sup> Wohl, Lisa Cronin: *Antiabortion violence on the rise*, 135.

<sup>257</sup> Davis, Flora: *Moving the mountain*, 461.

<sup>258</sup> French, Marilyn : *The war against women*, 89.

<sup>259</sup> French, Marilyn : *The war against women*, 89.

rétt til fóstureyðinga tókst að sporna á móti samþykkt þessara laga í mörgum fylkjum Bandaríkjanna en ekki öllum. Lagakerfi Bandaríkjanna var undirlagt af lagafrumvörpum gegn fóstureyðingum og baráttu gegn þessum frumvörpum. Ef Hæstiréttur afnæmi *Roe v. Wade* yrði það áfall fyrir kvennahreyfinguna. Kvenréttindakonur kærðu sig ekki um að það gerðist því að það yrði goldið dýru verði -- í lífi kvenna. Einnig var sá möguleiki fyrir hendi að Hæstiréttur myndi láta *Roe v. Wade* gilda áfram en leyfa fylkjunum að þrengja heimildir til fóstureyðinga æ meira uns *Roe v. Wade* yrði í raun dauður bókstafur. En það væri sama á hvern veg færi. Gríðarleg orusta yrði háð innan löggjafarvalds Bandaríkjanna um komandi ár. Landið yrði flækja af lögum, eins og það var fyrir 1973, þar sem fóstureyðing væri bönnuð í sumum ríkjum og leyfileg í öðrum. Konur sem hefðu ekki efni á að ferðast yfir ríkissmörkin til að láta eyða fósturi myndu aftur snúa sér til ólöglegra fóstureyðinga öngstrætanna.<sup>260</sup>

Seint á níunda áratugnum trúðu margar kvenréttindakonur að eina leiðin til að stytta stríðið um fóstureyðingar væri lyf sem kallast RU-486 og hafði verið fáanlegt í Frakklandi síðan 1988. Það var 95 prósent öruggt til að koma af stað fósturláti ef það innihélt prostaglandin og væri tekið á fyrstu þrem mánuðum meðgöngu. Kvenréttindakonur vonuðu að RU-486 myndi gerbreyta allri baráttu þeirra fyrir lögum sem heimiluðu fóstureyðingar af því að það kæmi í stað lækniáðgerðarinnar og myndi þess vegna gera fóstureyðingu algerlega að einkaákvörðun.

Samtök gegn fóstureyðingum reyndu að koma í veg fyrir markaðssetningu RU-486 í Frakklandi en það mistókst. Árið 1990 tók einn þriðji franskra kvenna sem þurftu í fóstureyðingu lyfið fram yfir lækniáðgerð. Samt sem áður leit út fyrir að amerískar konur myndu engan hag hafa af lyfinu um komandi framtíð. Bandarísk samtök gegn fóstureyðingum tilkynntu lyfjafyrirtækjum að þau myndu setja viðskiptabann á allar vörur þeirra ef þau settu lyfið á markað. Þetta hreif. Lyfið komst ekki inn á amerískan markað. Það olli mikilli bræði meðal margra innan læknaheimsins því að RU-486 hafði gefið góð loforð í meðferð nokkurra erfiðra sjúkdóma t.d. brjóstakrabba.<sup>261</sup>

Árið 1991 voru kvennahreyfingar farnar að hugleiða til hvaða aðgerða skyldi grípa ef *Roe v. Wade* yrði felldur úr gildi. Hugmyndir voru uppi um að skipuleggja áætlunarleið til að flytja fátækar konur með bílum úr ríkjum sem bönnuðu fóstureyðingar yfir í ríki sem leyfðu þær. Eða leita leiða til að framkvæma fóstureyðingar með jurtafjóm eða nálarstunguaðferð. Einnig var sent eftir upplýsingum frá kvenréttindakonum í Kaliforníu sem fundu upp eigin aðferð (Del-Em, the menstrual extraction device) til að losa konur við óþægindi blæðinga (og getnað á frumstigi). Þetta er áhald sem sogar slímhúð legsins burt svipað og lækna nota í dag við fóstureyðingu.

<sup>260</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 469.

<sup>261</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 467-68.

Það var alveg ljóst að ef fóstureyðingar yrðu bannaðar með lögum um stóran hluta Bandaríkjanna væri þess ekki langt að bíða að neðanjarðarkvennahreyfing yrði til. Kvennahreyfingin myndi stefna inn á nýja og hættulegri braut.<sup>262</sup>

#### **10.4. Kvennahreyfingum berst liðsauki frá almenningi í baráttunni gegn áhrifum andstæðinga fóstureyðinga**

Fram að árinu 1990 voru það einkum kvennréttindasamtök sem börðust gegn áhrifum andstæðinga fóstureyðinga. Þau sáu um að fylgja óttaslegnum konum í fóstureyðingu í gegn um þvögu af mótmælendum sem reyndu að hindra þær í að komast inn í heilsugæslustöðvarnar. Kvenlögfræðingar börðust í réttarsölum við að fá hryðjuverkastarfsemi öfgasinna dæmda brotlega og viðkomandi dæmda í sektir og fangelsisvist.<sup>263</sup> Kvenréttindakonur stóðu í þrotlausri gagnsókn innan lagakerfisins sem utan gegn áróðurstríði andstæðinga fóstureyðinga og lagasetningum þeirra.

En árið 1989 barst kvennahreyfingunni liðstyrkur við að standa vörð um réttinn til fóstureyðinga. Bandarískur almenningur hrökk í kút þegar allt útlit var fyrir að *Roe* yrði fellt úr gildi og réttur konu til fóstureyðingar þar með afnuminn. Flestir Ameríkanar höfðu ekki átt von á því að hægt yrði að afnema lög sem heimiluð fóstureyðingar eftir að þau væru einu sinni komin. Mótmælaganga fyrir rétti til fóstureyðinga var skipulögð í Washington (af kvennasamtökunum NOW) og um sex hundruð þúsund manns, karlar og konur, tóku þátt í henni. Þetta var stærsta kröfuganga sem borgin hafði til þessa séð. Tilraun samtaka gegn fóstureyðingum til að kollvarpa *Roe v. Wade* hafði haft þveröfug áhrif en þeir ætluðu. Hún hafði eflt kvennahreyfinguna og sent henni liðsauka.<sup>264</sup>

Í kjölfarið fylgdi breytt andrúmsloft í stjórn málaheiminum og áhrifa andstæðinga við fóstureyðingar gætti minna vegna háværar og almennari kröfu fólks gegn stefnu þeirra. Árið 1989, í fyrsta skipti í átta ár, samþykkti fulltrúadeild Bandaríkjaþings frumvarp um að Medicaid greiddi fyrir fóstureyðingar vegna nauðgunar eða sífjaspella. Frumvarpið féll um koll þegar George Bush forseti Bandaríkjanna veitti því banahöggið með því að beita neitunarvaldi gegn því.<sup>265</sup> Höfuð amerísks valds var ekki reiðubúið að leyfa unglingsstúlku eða fátækri konu að eyða fóstri þó hún hefði verið þunguð gegn vilja sínum með svívirðilegri valdbeitingu.

Það kennir beiskju hjá amerískum konum út í stuðning Bandaríkjaforseta og stjórnvalda við samtök gegn löglegum fóstureyðingum. Konum þykir þessi lífsverndarstefna valdhafa vera hræsni og ekki að undra þar sem að bandarískar konur hafa horft upp á

<sup>262</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 469.

<sup>263</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 461.

<sup>264</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 466.

<sup>265</sup> Davis, Flora: Moving the mountain, 466.

stjórnvöld eyða milljörðum í kjarnorkuvopn og stjórnustríðsáætlanir og hernaðaraðgerðir í öðrum heimshlutum eins og stríðið í Kuwait, án þess að geta rönd við reist. Fjórum dögum eftir að bandarísku sprengjaregri hóf að rigna yfir Írak og Kuwait gaf George Bush út yfirlýsingu um friðhelgi mannlægs lífs, ekki um þá hermenn og borgara sem voru að deyja við Persaflóa heldur hvatningu til samtaka gegn fóstureyðingum um að halda áfram baráttu sinni.

Margar bandarískar konur fullyrða að aðför stjórnvalda, kirkju, samtaka og einstaklinga gegn rétti kvenna til fóstureyðingar snúist ekki um baráttu fyrir lífi heldur um yfirráð yfir lífi kvenna:

The truth is that men have always felt justified in making life-and-death choices, particularly in war, choosing whether to sacrifice already born, young, healthy, fully developed human beings to that cause. To deprive women of making the choice between themselves and a potential life reveals the argument for what it is really about -- control. Proposed constitutional amendments to the contrary, our society does not place an absolute value on human life. Rather, that value is relative -- unless, apparently, the life is potential and inside the body of a woman. Then, many believe, there is suddenly no room for choice.<sup>266</sup>

---

<sup>266</sup> Bonavaglia, Angela: Abortion and war, 89.



# XI. KEMUR BANN VIÐ FÓSTUREYÐINGUM Í VEG FYRIR ÞÆR?

## 11.1. Ólöglegar fóstureyðingar

Víða um lönd er andstaða gegn lögum um fóstureyðingar eins og fram hefur komið í þessari ritgerð og sú andstaða fer víða vaxandi. Það er sameiginlegt með baráttu andstæðinga fóstureyðinga (lífsverndarsinna) á vesturlöndum að þeir vilja að heimild til fóstureyðingar af félagslegum ástæðum eða að ósk konu (ef það ákvæði er í lögum viðkomandi lands) verði felld niður úr lögum. En hvað gerist ef löggjafar þessara landa þrengja lög um fóstureyðingar aftur til þess horfs sem þau voru í fyrir 1970, í flestum löndum, þegar aðeins var heimilt að eyða fóstri af læknisfræðilegum ástæðum? Kemur bann við fóstureyðingum af félagslegum ástæðum í veg fyrir þær?

Ef andstæðingum fóstureyðinga tekst að fá þær bannaðar með lögum verður afleiðingin sú, eins og sagan sýnir, að mun fleiri konur munu deyja vegna ólöglegra fóstureyðinga. Fleiri konur munu eiga börn sem þær kæra sig ekki um eða geta ekki fætt og klætt og þörf fyrir félagslega aðstoð yrði gífurleg. „We must question the motivation underlying a campaign directed að such ends“, segir bandaríski rithöfundurinn og kvenréttindakonan Marilyn French. Og hún bætir við: „The real motivation of the campaign to criminalize abortion is to establish the principles that women's bodies belong to the state and that women bear the responsibility for sex.“<sup>267</sup>

Fóstureyðingar hafa alltaf tíðkast, hvort sem þær voru löglegar eða ekki. Þeir sem eru andvígir þeim geta látið banna þær en þeir geta ekki upprætt þær. Það eina sem þeir gera er að ýta fóstureyðingum undir yfirborðið, á bak við tjöldin, gera fátækum konum erfiðara fyrir að láta eyða fóstri og tryggja að fleiri konur deyi vegna fóstureyðingar.<sup>268</sup>

Áhyggjur vegna ólöglegra fóstureyðinga voru ein aðalástæðan fyrir því að Vilmundur Jónsson vildi afnema bann við fóstureyðingum með nýju lagafrumvarpi um fóstureyðingar árið 1934. Í greinargerð með frumvarpi sínu segir landlæknir: „Í stórborgunum eru fóstureyðingar mjög almennt tíðkaðar af konunum sjálfum eða gersamlega ófróðu misindisfólki, með þeim árangri að þúsundir kvenna láta lífið af þessum sökum á ári hverju, og enn fleiri bíða aðgerðanna aldrei bætur á heilsu sinni.“ Hann bætir því við að þetta mætti enn heita óþekkt á Íslandi en þegar svona væri komið þá yrði ekki séð fyrir endann á afleiðingunum.<sup>269</sup> Landlæknir gerði sér fulla grein fyrir því að bann við fóstureyðingum kæmi ekki í veg fyrir þær.

<sup>267</sup> French, Marilyn: The war against women, 87.

<sup>268</sup> French, Marilyn: The war against women, 87.

<sup>269</sup> Alþingistíðindi 1934 A, 125.

Í Bandaríkjunum á sjöunda áratugnum voru framkvæmdar meira en ein milljón ólöglegra fóstureyðinga á ári hverju. Þær voru framkvæmdar af ýmsum, jafnvel sölumönnum og hárskerum en sjaldnar af læknum sem hættu á fangelsisvist fyrir vikið. Á hverju ári áttu meira en 350.000 konur sem höfðu látið eyða fóstri ólöglega í eftirmálum vegna aðgerðarinnar, nógu alvarlegum til að þurfa að fara á sjúkrahús. 500 til 1000 þeirra dóu.<sup>270</sup> Svipaða sögu er að segja frá Frakklandi og Þýskalandi eins og kom fram í kafla 4.1. hér að framan.

Simone de Beauvoir skrifar, í bók sinni *The Second Sex* sem kom út í Frakklandi árið 1949, að árlega séu fóstureyðingar í Frakklandi jafnmargar fæðingum. Að meðaltali væru gerðar um ein milljón fóstureyðinga á ári þó að fóstureyðing væri samkvæmt lögum talin glæpur og bönnuð með öllu. Beauvoir gagnrýnir franskt þjóðfélag harðlega fyrir að ríghalda í lög sem árlega dæmdu fjölda ungra kvenna til dauða, ófrjósemi eða örkuðla.<sup>271</sup>

Í Ísrael eru fóstureyðingar enn háðar mjög þröngum skilyrðum þrátt fyrir hatramma baráttu kvennahreyfinga síðan 1971 fyrir löglegum fóstureyðingum. Fyrir vikið eru framkvæmdar tugir þúsunda ólöglegra fóstureyðinga árlega í Ísrael. Flestar fara fram á einkastofum lækna. Og skiljanlega eru það aðeins efnaðri konur sem hafa ráð að leita aðstoðar þeirra.<sup>272</sup>

Í Suður og Mið-Ameríku þar sem áhrif rómversk-kaþólsku kirkjunnar eru mjög sterk eru ólöglegar fóstureyðingar helsta dánarorsök kvenna á aldrinum fimmtán til þrjátíu og níu ára.<sup>273</sup> Stór hluti kvenna í fangelsum Suður- og M-Ameríku er þar fyrir að hafa látið eyða fóstri ólöglega eða fyrir að hafa framkvæmt slíka aðgerð.<sup>274</sup>

Tölur um áætlaðan fjölda fóstureyðinga í heiminum árlega (um 50 milljónir á ári, skv. tölum árið 1985), eru skýr vísending um það hversu langt konur eru tilbúnar að ganga til að binda endi á þungun. Í hinum efnaða heimi er sú sektarkennd og andlegi sársauki sem margar konur upplifa nógu slæmur fylgikvilli. Í þriðja heiminum er afleiðingin enn alvarlegri. Í fátækum ríkjum þar sem þorri íbúa sér aldrei lækni á lífsleiðinni leggur kona sem ákveður að láta eyða fóstri sig í lífshættu. Og hún gerir sér fulla grein fyrir því. Hún hefur séð blóðlaus andlit annara kvenna í þorpinu eða heyrt samtöl í hálfum hljóðum um frænku sem kom aldrei aftur af sjúkrahúsinu. En fyrir þessar konur er fóstureyðing oft eina lausnin, hversu sár og hættuleg sem hún er. Konur reikna út þá áhættu sem það er fyrir þær sjálfar og þau börn sem þær eiga fyrir ef annað barn bætist við. Þær eru reiðubúnar að eyða fóstri og hætta lífi sjálfrar sín ef niðurstaðan er sú að þær geti ekki brauðfætt fleiri börn.<sup>275</sup>

---

<sup>270</sup> Davis, Flora: *Moving the mountain*, 157.

<sup>271</sup> de Beauvoir, Simone: *The second sex*, 502-504.

<sup>272</sup> French, Marilyn: *The war against women*, 78, og *Women in the world*, 134.

<sup>273</sup> *Women. A world report*, 10.

<sup>274</sup> French, Marilyn: *The war against women*, 87.

<sup>275</sup> *Women. A world report*, 10.

Fóstureyðingar voru löglegar í Rúmeníu til ársins 1966 og flestar konur höfðu ekki aðra leið til að takmarka barneignir því að eins og í öllum kommúnistaríkjum A-Evrópu þá voru getnaðarvarnir lélegar eða ófáanlegar. Nicolae Ceausescu einræðisherra landsins ákvað að banna fóstureyðingar árið 1966 því hann vildi fá meira vinnuafli. Fæðingum fjölgaði árið eftir en verksmiðjuframleiðsla dróst saman. Ceausescu hafði sést yfir þá staðreynd að konur mæta ekki í vinnu og fæða börn samtímis. Bláfátækar rúmenskar konur voru tilneyddar til að láta eyða fóstri ólöglega. Fæðingartíðni lækkaði en dánartíðni kvenna hækkaði úr 85.9 á hverjar 100.000 fæðingar árið 1966 upp í 139.9 árið 1981. Á Englandi á þessum tíma voru 22% dauðsfalla mæðra afleiðing fóstureyðingar, í Rúmeníu var þessi tala 85.6%. Margar konur sem voru illa farnar eftir fóstureyðingu þorðu ekki að leita sér læknishjálpar því að þung refsing lá við fóstureyðingum.

Þrátt fyrir bann við fóstureyðingum var fjöldi fæðinga engu meiri árið 1983 heldur en hann hafði verið 1966. Ceausescu fyrirskipaði þá að allar konur skyldu gangast undir lækni skoðun mánaðarlega svo yfirvöld gætu fylgst með hvort þær væru ófrískar. Hann lagði þunga skatta á barnlaust fólk og lokaði á innflutning getnaðarvarna frá Vesturlöndum. Konur sem ekki höfðu staðfestingu yfirvalda um að hafa mætt í hina mánaðarlegu skoðun fengu hvorki ókeypis lækniástoð né ökuskipteini. Ungbarnadauði jókst gífurlega í Rúmeníu í kjölfar barneignastefnu þjóðarleiðtogans og landið var fullt af litlum börnum sem enginn vildi eða gat átt vegna fátæktar.<sup>276</sup>

Rúmenskar konur leituðu til skottulækna til að fá fósturi eitt. Þær þurftu að borga andvirði margra vikna launa fyrir og vonuðu að eftirköstin yrðu ekki lífhættuleg. Sumar framkvæmdu fóstureyðingu á sjálfri sér eða tóku inn alls kyns ólyfjan til að koma af stað fósturláti. Í kjölfar misheppnaðra fóstureyðinga fæddust mörg illa sködduð börn í heiminn, líkamlega og andlega. Eins og nærri má geta náðu þessi harðýðgislegu lög ekki yfir konur og dætur flokksfélaga. Þær fóru á sérstök sjúkrahús fyrir meðlimi flokksins þar sem fóstureyðingar voru framkvæmdar. Aðrar konur eignuðust börn ellegar þær lentu í fangelsi fyrir ólöglegar fóstureyðingar eða dóu af völdum sýkingar eftir ólöglega fóstureyðingu.<sup>277</sup>

## ***11.2. Hvað felur ólögleg fóstureyðing í sér fyrir konur?***

Hvaða veruleiki er að baki ólöglegum fóstureyðingum? Fyrir efnaðar konur þýðir það örugg lækniáðgerð á stofu hjá lækni sem hefur menntun og tæki til að framkvæma þessa áðgerð. Líf og heilsa konu er í engri hættu en áðgerðin er rándýr. Fáist ekki fóstureyðing í heimalandinu þá fara konur, sem hafa ráð á því, einfaldlega til annars lands sem heimilar fóstureyðingar. Fyrir fátækar konur horfir þetta öðruvísi við. Þegar talað er um ólöglegar fóstureyðingar meðal fátækra kvenna í dag, jafnt í iðnríkjunum sem þriðja heiminum, blasir öllu óhuggulegri og

<sup>276</sup> French, Marilyn: The war against women, 100-101.

<sup>277</sup> Vera 2/1991, 25-26.

sorglegri mynd við. Simone de Beauvoir talar um, árið 1949, að fátækar franskur konur hjálpi hver annari að eyða fóstri með því að þræða mjóa hluti upp í legið, t.d. þrjóna. Eða þá að konur gera þetta á sjálfri sér. Allt án sóttþreinsandi efna. Oft blæðir þeim til dauða eða þær deyja af völdum heiftarlegrar sýkingar.<sup>278</sup> Í dag eru fóstureyðingar löglegar í Frakklandi og engin frönsk kona þarf að grípa til slíkra hrottalegra neyðarúræða. En því miður eru þau þar með ekki úr sögunni því að enn í dag beita fátækar konur örþrifaráðum í þeim löndum sem banna fóstureyðingar. Í Nigaragúa eru flestar ólöglegar fóstureyðingar framkvæmdar af einstaklingum sem hafa litla eða enga læknismenntun. Algengasta aðferðin er að þræða mjóan hlut upp í legið, t.d. vír eða pinna af regnhlíf. Engin deyfilyf né sóttþreinsandi lyf eru við hendina. Afleiðingin er sú að slík aðgerð er aðaldánarorsök kvenna á barneignaraldri í Nigaragúa.<sup>279</sup> Rúmenskar konur, á dögum Ceausescus, leituðu til ófaglærðra fúskara og skottulækna eða lærðu að hjálpa sér sjálfar við að framkalla fóstureyðingu. Ein leið til þess var að setja plaströr utan af þrjónum upp í legið og hafa það þar í nokkra daga til að koma af stað fósturláti. Aðrar aðferðir voru t.d. þær að konur skoluðu sig með iðnaðarsýru, sítrónusafa eða sítrussýru.<sup>280</sup> Þannig væri hægt að halda áfram að telja upp fjölda dæma frá ótal löndum en þessi verða látin duga enda tala þau nógu skýru máli. Bann við fóstureyðingum kemur ekki í veg fyrir þær.

---

<sup>278</sup> de Beauvoir, Simone: *The second sex*, 506-507.

<sup>279</sup> *Ms Magazine* vol. 14, no. 12. June 1986, 25.

<sup>280</sup> *Vera* 2/1991, 24.

## XII. NIÐURSTÖÐUR

Kvenréttindakonur á Bretlandi og í Bandaríkjunum hófu skipulega fræðslustarfsemi um notkun getnaðarvarna á fyrstu áratugum þessarar aldar. Þessi barátta fyrir takmörkun barneigna beindist einkum að því að létta byrðar kvenna sem mæðra, einkum fátækra mæðra. Þessi fræðslustefna barst hingað til lands og birtist hvað sterkast í fræðslufyrirlestri Katrínar Thoroddsen lækni um kynlíf og getnaðarvarnir.

Breskar og bandarískar kvenréttindakonur sem beittu sér fyrir fræðslu um takmörkun barneigna forðuðust hins vegar að fjalla um fóstureyðingar. Fóstureyðingar voru þó mikið stundaðar ólöglega, einkum í stórborgum í Evrópu, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, og voru mikill bölvaldur fyrir líf og heilsu kvenna. En kvennahreyfingar þessa tíma töldu alla umræðu um fóstureyðingar vera of eldfimt mál til að taka það upp því slíkt gæti skaðað baráttu þeirra fyrir notkun getnaðarvarna og bættum aðbúnaði kvenna sem mæðra. Auk þess sem að flestum kvenréttindakonum þótti fóstureyðingar vera glæpsamlegt morð á barni í móðurkviði. Í Bretlandi tók hópur róttækra kvenréttindakvenna sig saman og myndaði samtökin ALRA sem ætluðu að beita sér fyrir að fóstureyðingar yrðu leyfðar með lögum í Bretlandi. Hvatinn að baráttu þeirra var að þeim óaði við hárrí dánartíðni kvenna vegna ólöglegra fóstureyðinga. Einkum voru það fátækar konur sem að neyð, fátækt, barnafjöldi og vinnuþrælkun ýttu út í fóstureyðingu. Af þessum ástæðum lögðu konur í ALRA áherslu á að leyfa ætti fóstureyðingar með heilsufarslegan velfarnað kvenna í huga. En þessi samtök kvenréttindakvenna náðu aldrei að verða nógu öflug til að ná áheyrn stjórnvalda. Þegar leið á öldina tóku lækningar upp umræðu um að nauðsynlegt væri að leyfa fóstureyðingar í lækisfræðilegum tilgangi. Viðhorf lækna til fóstureyðinga stjórnðu allri opinberri umræðu um fóstureyðingar uns að nýja kvennahreyfingin kom fram eftir 1970 með kröfuna um frjálssar fóstureyðingar.

Það var Vilmundur Jónsson landlæknir sem samdi fyrstu fóstureyðingalögin hér á landi sem gengu í gildi árið 1935 og viðbótarákvæði árið 1938. Aðalástæðan fyrir því að landlæknir samdi þessi lög var sú að hann taldi að algert lögbann við fóstureyðingum samræmdest ekki lengur hugsunarhætti lækna né almennings sem sýndi sig berlega í þeim fjölda fóstureyðinga sem lækningar framkvæmdu þrátt fyrir skýr ákvæði laga gegn slíku. Landlækni þótti brýnt að lög yrðu sett sem settu skýr mörk fyrir lækna og konur um það hvenær fóstureyðing væri leyfileg og hvenær ekki. Einnig vildi landlæknir tryggja að landlækisembættið gæti haft eftirlit með framkvæmd fóstureyðinga í landinu en slíkt var ógerningur á meðan þær væru ólöglegar og þess vegna framkvæmdar í felum. Landlæknir vildi auk þess með löggjöf sinni tryggja öryggi kvenna og vísar í tilefni af því í framkvæmd ólöglegra fóstureyðinga erlendis þar sem fjöldi kvenna dó af völdum ólöglegra fóstureyðinga. Þessi rök landlækis dugðu til að Alþingi samþykkti lögin andmælalaust. Eina andstaðan var

af hálfu Guðrúnar Lárusdóttur sem var algerlega andvíg ákvæðinu um að taka mætti tillit til félagslegra ástæðna ásamt læknisfræðilegum. Hún taldi að ákvæðið um félagslegar ástæður væri og teygjanlegt yrði til þess að þjóðfélagið gengi inn á braut fóstureyðinga.

Íslensku fóstureyðingalögin frá 1935 og '38 voru samin frá sjónarhóli læknis og læknisfræðilegar forsendur búa að baki heimildum til fóstureyðinga en ekki margþættur félagslegur veruleiki kvenna. Sá tími var ekki kominn að konur voru tilbúnar til að móta sjónarmið sín til fóstureyðingalaga og sameinast um þá kröfu að sjónarmið þeirra yrðu viðurkennd í lögum um fóstureyðingar.

Krafan um sjálfsákvörðunarrétt kvenna til fóstureyðinga var grundvallaratriði í kvennabaráttu sjöunda og áttunda áratugarins. Barátta kvannahreyfinga fyrir þessum rétti barst frá einu landi til annars og olli því að vestræn kvennabarátta varð róttækari, samhentari og áhrifaríkari en hún hefur náð að verða fyrr eða síðar. En hugmyndin að baki kröfunni um sjálfsákvörðunarrétt kvenna tengdist meiru fyrir kvennabaráttu þessa tíma en aðeins kröfunni um frjálsar fóstureyðingar. Sjálfsákvörðunarrétturinn var táknrænn fyrir öll réttindamál kvennabaráttu. Krafa um sjálfsákvörðunarrétt hafnar aldagömlu og hefðbundnu forræði karlmanna yfir líkama og frjósemi kvenna. Með kröfunni um að stjórnvöldum bæri að virða sjálfsákvörðunarrétt konu til fóstureyðingar með lögum neyddi nýja kvannahreyfingin valdhafa til að taka afstöðu til þess hvort þeir væru reiðubúnir til þess að viðurkenna konur sem sjálfráða og ábyrga einstaklinga.

Íslenska Rauðsokkahreyfingin fylgdi sömu stefnu og erlendar kvannahreyfingar í baráttunni fyrir frjálsum fóstureyðingum. Íslenskar kvenréttindakonur gagnrýndu fóstureyðingalögin frá 1935 og 1938 fyrir að vera úr öllum tengslum við þann raunveruleika sem konur bjuggu við í þjóðfélaginu og virða að vettugi rétt kvenna yfir líkama sínum. Hlutverk lækna væri að tryggja konum örugga lækni meðferð og upplýsingar en ekki að ráða því fyrir konur hvort þær létu eyða fósttri eða ekki. Í skoðunum Rauðsokkahreyfingarinnar kom enn fremur fram að þær töldu sjálfsákvörðunarrétt til fóstureyðinga ekki einungis sjálfsögð mannréttindi kvenna heldur væri hann höfuðatriði í jafnréttisbaráttu íslenskra kvenna. Konur gætu aldrei náð jafnrétti á við karlmenn ef að lög í landinu viðurkenndu ekki rétt konu til að ákvarða sjálf í jafn örlagaríkum málum og fóstureyðing eða barnsfæðing er fyrir líf konu.

Hvatinn að frumvarpi Vilmundar Jónssonar landlæknis um fóstureyðingar árið 1934 var ekki umbótasinna læknisins heldur var lögin viðbrögð hans við ríkjandi ástandi í þjóðfélaginu. Konur vildu láta eyða fósttri og margir lækna urðu við þeirri bön. Breytt viðhorf og fjöldi ólöglegra fóstureyðinga urðu til þess að landlæknir sá sig knúinn til að grípa í taumana með breyttum lögum yfir framkvæmd fóstureyðinga. Á svipuðum forsendum byggðust ástæðurnar fyrir setningu nýrra laga um fóstureyðingar hér á landi árið 1975. Þáverandi landlæknir Sigurður Sigurðsson fékk heilbrigðisráðherra til að skipa nefnd því hann taldi brýna þörf á að fóstureyðingalöggjöfin frá 1935 yrði endurskoðuð. Hún væri orðin

allsendis ófullnægjandi miðað við breyttar þjóðfélagsaðstæður og ríkjandi viðhorf. Fjöldi íslenskra kvenna lét eyða fóstri ólöglega hérlendis sökum þröngra ákvæða gildandi laga um læknisfræðileg skilyrði fyrir fóstureyðingu. Eða þær leituðu til nágrannalandanna sem höfðu tekið upp mun frjálslegri fóstureyðingalög en giltu á Íslandi. Lög Vilmundar Jónssonar landlæknis frá árinu 1935 voru langt á undan sinni samtíð í samanburði við önnur lönd á þeim tíma. Það er hins vegar fyrir áhrif frá þróun mála erlendis að lög um fóstureyðingar voru endurskoðuð eftir 1970. Aðdragandi og setning laga nr. 25 um fóstureyðingar árið 1975 tengdist breyttum viðhorfum og umræðu erlendis um fóstureyðingar. Þar gætti sterklega áhrifa frá baráttu kvannahreyfinga fyrir frjálsum fóstureyðingum annars vegar og hins vegar sú staðreynd að löndin umhverfis Ísland höfðu þegar sett lög sem heimiluðu frjálsar fóstureyðingar eða fóstureyðingar af félagslegum ástæðum. Það væri þess vegna deginum ljósara eins og reynslan sýndi að íslenskar konur færu erlendis í fóstureyðingu ef íslensk löggjöf væri mun þrengri en í nágrannalöndunum.

Eins og kom fram í sjötta kafla var sjálfsákvörðunarréttur kvenna til fóstureyðinga eina atriðið sem olli löngum og heitum deilum á Alþingi árin 1973 og 1974 þegar fjallað var um lagafrumvarp um fóstureyðingar. Meirihluti íslenskra alþingismanna var ekki reiðubúinn til þess að samþykkja lög sem virtu sjálfsákvörðunarrétt konu til fóstureyðingar. Í stað þess var sett ákvæði um að félagslegar ástæður heimiluðu fóstureyðingu. Rök þingmanna og þingkvenna gegn sjálfsákvörðunarrétti kvenna voru í stuttu máli þessi: Konur myndu hætta að nota getnaðarvarnir og nota fóstureyðingu sem getnaðarvörn ef fóstureyðing væri heimil að ósk konu eingöngu. Barnshafandi konum er hætt við dómgreindarskortu og fljótfærnislegum ákvörðunum á fyrstu vikum meðgöngu. Þess vegna er þeim ekki treystandi fyrir algeru sjálfræði við ákvörðun um fóstureyðingu. Sjálfsákvörðunarrétturinn er gegn réttindum kvenna. Konur hafa ekki rétt á að binda enda á líf fósturs í móðurkviði. Sjálfsákvörðunarréttur kvenna er hættulegur hagsmunum þjóðfélagsins því að barneignir eru grundvallarskilyrði til viðhalds þjóðfélaginu. Fóstur í móðurkviði er þess vegna sameign þjóðfélagsins en ekki séreign konunnar sem gengur með það.

Í framangreindum rökum felast rötgróin viðhorf í garð kvenna: Siðferðisvitund kvenna gagnvart kynlífi er óþroskuð og stendur á veikum grunni. Þess vegna þurfa konur forsjá og aðhald. Konum hættir til dómgreindarskorts vegna þeirra líffræðilegu eiginleika að geta gengið með börn. Lífsmarkmið og frumskylda hvekkur konu er að ganga með börn og ala önn fyrir þeim. Kvenréttindabarátta vinnur gegn þeirri móðurskyldunni og kvennabarátta er þess vegna gegn réttindum kvenna. Og að lokum, konan er auðlind, framleiðslutæki sem hefur það hlutverk að viðhalda mannkyninu með barneignum. Vegna hagsmuna þjóðfélagsins (valdhafa)hefur kona því engan rétt til að ráða því sjálf hvort hún lætur eyða fóstri eða ekki. Þetta voru þau skilaboð til íslenskra kvenna sem fólust í endanlegri gerð laga nr. 25 um fóstureyðingar.

Rauðsokkahreyfingin hafði skorað á alþingismenn að íhuga þegar þeir greiddu atkvæði um frumvarp um fóstureyðingar hve sjálfsögð mannréttindi það væru að hver kona réði sjálf yfir líkama sínum og lífi og ákveði þess vegna sjálf hvenær og hvort hún gengi með börn. En skilaboð þeirra stjórnámálanna til íslenskra kvenna með því að hafna ákvæði um sjálfsákvörðunarrétt í lögum um fóstureyðingar eru þau að kona ráði ekki yfir líkama sínum og frjósemi. Í framangreindum rökum þingmanna gegn sjálfsákvörðunarrétti kvenna koma fram flest þau rötgrónu viðhorf til kvenna sem kvenréttindakonur hafa barist gegn allt fram á þennan dag.

Sjö sinnum hafa verið flutt frumvörp á Alþingi í þeim tilgangi að fella niður ákvæði laga nr. 25/1975 um fóstureyðingar af félagslegum ástæðum. Þorvaldur Garðar Kristjánsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins flutti slíkt frumvarp fimm sinnum á árunum 1978-1985. Árið 1985 stofnuðu andstæðingar við lög nr. 25 um fóstureyðingar með sér samtök sem fengu heitið Lífsvon til að undirstrika að samtökin ætluðu sér að berjast gegn fóstureyðingum. Til að breyta lögum um fóstureyðingar einbeittu samtökin sér að því að fá hljómgrunn fyrir skoðanir sínar inni á Alþingi og gafst kærkomið tækifæri til þess með tilkomu Borgaraflokksins sem lýsti sig reiðubúinn til að setja baráttu gegn fóstureyðingum að einu af stefnumálum sínum. Árið 1987 fluttu Kolbrún Jónsdóttir og Guðmundur Ágústsson þingmenn Borgaraflokksins frumvarp sem byggði á sömu hugmyndum og hin fyrrnefndu. Megin inntak þessara frumvarpa er kenning kirkjunnar um að lífið hefjist við getnað og fóstureyðing sé deyðing á lífi barns í móðurkviði. Ekkert geti því réttlætt fóstureyðingu nema læknisfræðilegar ástæður. Með því að ætla að banna með lögum að félagslegar ástæður geti heimilað fóstureyðingu vilja flutningsmenn þessara frumvarpa færa íslenska fóstureyðingalöggjöf aftur til þess horfs sem hún var í fyrir árið 1975 á meðan að lög Vilmundar Jónssonar landlæknis frá árinu 1935 og 1938 giltu. Og jafnvel ívið aftar í tíma því að lög Vilmundar gáfu kost á að erfíðar félagslegar aðstæður yrðu metnar til móts við læknisfræðilegar ástæður ef læknisfræðilegar ástæður dygðu ekki einar sér en frumvörp gegn lögum nr. 25/1975 fela í sér algert bann við að hægt sé að taka tillit til félagslegra aðstæðna kvenna. Hulda Jensdóttir varaþingmaður Borgaraflokksins gengur enn lengra aftur í tímann með frumvarpi sem hún lagði fram árið 1990. Frumvarpið felur í sér að fóstureyðing skuli aðeins heimil ef líf móður er í hættu vegna meðgöngu og fæðingar. Og ef að kona hefur orðið þunguð vegna nauðgunar, að því tilskildu að hún hafi kært verknaðinn, sannað sé að nauðgun átti sér stað og sá seki sé fundinn. Með ákvæðum frumvarpsins hverfur Hulda aftur til þess tíma sem var hér fyrir árið 1934 þegar fóstureyðing var lækni leyfileg samkvæmt neyðarrétti ef líf móður var í hættu. Á þessari hugmynd byggðist svo aðalákvæði laga nr. 38/1935. Ákvæðið í frumvarpi Huldu um fóstureyðingu vegna nauðgunar er samhljóma ákvæði Vilmundar um þetta atriði frá árinu 1938. Hins vegar fellir Hulda Jensdóttir algerlega niður ákvæði sem kom inn í íslenska fóstureyðingalöggjöf árið 1938 um að fóstureyðing væri heimil ef læknisfræðilegar vísbendingar bentu til að fóstur væri vanheilt.



Rök Lífsvonar gegn fóstureyðingum eru samhljóða kenningu kirkjunnar um að fóstur sé lifandi og sálu gædd mannvera allt frá þeirri stundu að sæðisfruma og egg sameinist. Andstæðingar fóstureyðinga segja að hlutverk konu sé að gæta þessarar mannveru í móðurkviði og hún hafi engan rétt á að láta eyða því þar eð fóstur í móðurkviði sé sjálfstæð mannvera en ekki hluti af líkama konunnar. Kona eigi að bera ábyrgð á kynlífi sínu og forðast getnað ellegar taka afleiðingum gerða sinna. Það er hennar réttur en hún hefur engan rétt til að fara í fóstureyðingu. Af framangreindum ástæðum gagnrýna andstæðingar fóstureyðinga kröfu kvannahreyfinga um sjálfsákvörðunarrétt kvenna til fóstureyðinga því að sú krafa fæli í sér að konur væru að krefjast löglegs réttar til að sniðganga þá grundvallar skyldu hvorrar konu að ala það líf sem kviknað væri í móðurlífi. Andstæðingar fóstureyðinga hafna alfarið kröfunni um um rétt kvenna yfir líkama sínum, sem kom hvað sterkast fram með nýju kvannahreyfingunni í baráttunni fyrir frjálsum fóstureyðingum.

Aðalástæðan fyrir því að andstæðingum fóstureyðinga inn á Alþingi tókst ekki, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, að fella niður heimild úr lögum um fóstureyðingar af félagslegum ástæðum var eftirfarandi: Meirihluti þingmanna var þeirrar skoðunar að lög nr. 25/1975 hefðu reynst vel og því ástæðulaust og ótímabært að breyta þeim á þrengri veg. Þingmenn töldu að margt í þjóðfélagsgerð nútímans væri með því móti að lög sem bönnuðu fóstureyðingar af félagslegum ástæðum væru skref aftur í tímann og í engu samræmi við veruleika dagsins í dag og þá fyrst og fremst á skjön við veruleika kvenna í dag. Þessari skoðun jókst fylgi á Alþingi með tilkomu þingflokks kvannahreyfingar sem lýsti því yfir að allar tilraunir til að þrengja lög nr. 25/1975 væri atлага að fengnum réttindum kvenna. Lög nr. 25 hefðu verið stórt skref fram á við í réttindabaráttu íslenskra kvenna og þingkonur kvannahreyfingar andmæltu frumvörpum gegn fóstureyðingum af félagslegum ástæðum með þeim rökum sem fram komu með kvannahreyfingunni eftir 1970; Réttur kvenna til fóstureyðinga væri ein megin forsenda lýðræðislegra réttinda kvenna og enginn er nema konan sjálf er fær um að meta félagslegar aðstæður hennar eða tilfinningar til getnaðar.

Sú barátta sem á sér stað í Bandaríkjunum gegn lögum um fóstureyðingar á sér djúpar og flóknar rætur í amerísku þjóðlífi, bæði pólitískt, trúarlega, og þjóðfélagslega séð. Þess vegna er ógerningur að kryfja það nánar hér en hins vegar er ljóst af þróun mála í Bandaríkjunum undanfarið að baráttu kvannahreyfinga fyrir rétti kvenna til fóstureyðinga lýkur ekki við tilkomu laga þar um. Þær kvenréttindakonur sem börðust fyrir lögum sem létu af banni við fóstureyðingum nema af læknisfræðilegum ástæðum hefur varla grunað að baráttunni lyki ekki við setningu slíkra laga heldur markaði einungis nýtt upphaf annarskonar kvannahreyfingar. Ekki baráttu fyrir lögum um fóstureyðingar heldur baráttu við að standa vörð um þau lög og ekki einungis um lögin sjálf heldur um rétt kvenna til að neyta þess réttar til fóstureyðinga sem lögin heimila. Því að eins og staðan er orðin í mörgum ríkjum Bandaríkjanna í daga þá hafa aðgerðir andstæðinga fóstureyðinga orðið til þess að næsta ógerningur er fyrir konur að fá fóstureyðingu þó svo að þær hafi lagalegan rétt til þess.

Bandarískar kvennahreyfingar eru tilbúnar til þess að bregðast við á róttækan hátt ef að andstæðingum fóstureyðinga tekst að fá þær bannaðar með lögum. Kvennahreyfingar eru jafnvel tilbúnar að skipuleggja neðanjarðarstarfsemi til að hjálpa konum til að komast í fóstureyðingu. Jafnvel að læra sjálfar að eyða fósturi eins og bandarískar kvenréttindakonur gerðu þegar fóstureyðingar af öðrum ástæðum en læknisfræðilegum voru enn bannaðar með lögum.

Sagan sýnir að bann við fóstureyðingum kemur aldrei í veg fyrir þær en hefur hins vegar ómældar þjáningar í för með sér fyrir konur.

DO NOT COPY

## VIÐBÆTIR

### *194. grein hegningarlaganna frá árinu 1869*

Samkvæmt hegningarlögunum er fóstureyðing glæpur og refsing undantekningarlaust fangelsisvist. Ákvæði laganna um fóstureyðingar er á þessa leið:

Óléttur kvennmaður, sem af ásettu ráði eyðir burði sínum, eða deyðir hann í móðurkviði, skal sæta hegningarvinnu allt að 8 árum.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem í sama tilgangi brúkar meðöl við móðurina að vilja hennar, og það hefir sömu afleiðingar.

Sé það gjört án vitorðs hennar eða vilja, þá varðar það hegningarvinnu í 4 ár og allt að 16 árum, eða æfilangt, ef mjög miklar sakir eru.<sup>281</sup>

### *Lög nr. 38/1935*

Um fóstureyðingar:

Fóstureyðing er heimil, ef augljóst þykir, að konu er mikil hættu búin ef hún á að ganga svo lengi með, að barn geti fæðst og haldið lífi. Ef kona hefur gengið lengur með en 8 vikur, skal lækur þó ekki eyða fóstri, nema um því meiri hættu sé að ræða. Við mat á því, hvert tjón er búið heilsu þungaðrar konu má meðal annars taka tillit til þess, ef konan hefur þegar alið mörg börn með stuttu millibili, og ef skammt er liðið frá síðasta barnburði, svo og til þess, ef, konan á við að búa mjög bágur heimilisástandur vegna ómeðgar, fátæktar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu. Félagslegar ástæður einar út af fyrir sig heimila aldrei fóstureyðingu samkvæmt þessum lögum. Heilbrigðisástandur verða æfinglega að vera fyrir hendi. En ófullnægjandi heilbrigðisástandur geta orðið fullnægjandi til að heimila aðgerðina að viðbættum félagslegum ástæðum.<sup>282</sup>

### *Lög nr. 16/1938*

Fóstureyðingu skal því aðeins leyfa:

Í fyrsta lagi ef að gild rök liggja fyrir því að burður viðkomanda sé í mikilli hættu af kynfylgjum sem leitt gætu til alvarlegs vanskapnaðar, hættulegs andlegs eða líkamlegs sjúkdóms, fávítaháttar eða glæpahneigðar.

Í öðru lagi skal heimila fóstureyðingu ef „að

<sup>281</sup> Alþingistíðindi 1869 II, 53.

<sup>282</sup> Alþingistíðindi 1974-75 A.2., 882-883. Sjá einnig Alþingistíðindi 1934 A, 119-123.

viðkomandi hafi orðið þunguð við nauðgun, er hún hafi kært fyrir réttvísinni þegar í stað, enda hafi sökunautur verið fundinn sekur um brotið fyrir dómi, og er dómur undirréttar fullnægjandi í því efni."<sup>283</sup>

## **Lög nr. 25/1975**

Um fóstureyðingar:

### **8. gr.**

Fóstureyðing samkvæmt lögum þessum er lækniáðgerð, sem kona gengst undir í því skyni að binda endi á þungun, áður en fóstrið hefur náð lífvænlegum þroska.

### **9. gr.**

Fóstureyðing er heimil:

#### **1. Félagslegar ástæður:**

Þegar ætla má að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu óbærileg vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna. Við slíkar ástæður skal tekið tillit til eftirfarandi:

- a) Hafi konan alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnsburði.
- b) Eigi konan við að búa bágur heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.
- c) Þegar konan getur ekki vegna æsku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt.
- d) Annara ástæðna, séu þær fyllilega sambærilegar við ofangreindar aðstæður.

#### **2. Læknisfræðilegar ástæður:**

- a) Þegar ætla má að, að heilsu konu, líkamlegri eða andlegri, sé hætta búin af áframhaldandi meðgöngu og fæðingu.
- b) Þegar ætla má, að barn, sem kona gengur með, eigi á hættu að fæðast vanskapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi vegna erfða eða sköddunar í fósturlífi.
- c) Þegar sjúkdómur, líkamlegur eða geðrænn, dregur alvarlega úr getu konu eða manns til að annast og ala upp barn.

3. Ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli

---

<sup>283</sup> Alþingistíðindi 1937 A (??), 180-81.

Í 10. og 11. grein laganna segir m.a. að Fóstureyðingu skal framkvæma fyrir 12 viku meðgöngu og aldrei eftir 16 viku nema fyrir hendi séu ótvíræðar lækni­fræðilegar ástæður og lífi og heilsu konu ógnað með lengri meðgöngu og/ eða fæðingu. Einnig ef víst er talið að fóstur sé vanheilt.

Áður en fóstureyðing má fara fram skal liggja fyrir skrifleg greinargerð tveggja lækna eða lækni­ og félagsráðgjafa sé eingöngu um félagslegar ástæður að ræða.<sup>284</sup>

---

<sup>284</sup> Fóstureyðingar 1976-1983, 146-147.

## HEIMILDASKRÁ

*Afturelding*. 4. tlb. 52. árg. (Rvík 1985), 4-6.  
*Alþingistíðindi 1869 II*. Rvík 1869.  
*Alþingistíðindi 1934 A*. Rvík 1935.  
*Alþingistíðindi 1934 B*. Rvík 1935.  
*Alþingistíðindi 1937 A*. Rvík 1938.  
*Alþingistíðindi 1937 B*. Rvík 1938.  
*Alþingistíðindi 1971 A.1*. Rvík 1973.  
*Alþingistíðindi 1971 D*. Rvík 1973.  
*Alþingistíðindi 1973-74 A.1*. Rvík 1980.  
*Alþingistíðindi 1973-74 B.1*. Rvík 1981.  
*Alþingistíðindi 1974-75 A.3*. Rvík 1982.  
*Alþingistíðindi 1974-75 B.2*. Rvík 1982.  
*Alþingistíðindi 1974-75 B.3*. Rvík 1982.  
*Alþingistíðindi 1978-79 A.2*. Rvík 1984.  
*Alþingistíðindi 1978-79 B.3*. Rvík 1984.  
*Alþingistíðindi 1979-80 A.2*. Rvík 1985.  
*Alþingistíðindi 1979-80 B.1*. Rvík 1985.  
*Alþingistíðindi 1980-81 A.2*. Rvík 1986.  
*Alþingistíðindi 1980-81 B.1*. Rvík 1986.  
*Alþingistíðindi 1982-83 A.1*. Rvík 1986.  
*Alþingistíðindi 1982-83 B.1*. Rvík 1986.  
*Alþingistíðindi 1984-85 A.4*. Rvík 1987.  
*Alþingistíðindi 1984-85 B.4*. Rvík 1987.  
*Alþingistíðindi 1985-86 A.2*. Rvík 1987.  
*Alþingistíðindi 1985-86 B.2*. Rvík 1987.  
*Alþingistíðindi 1987-88. Þingskjöl*. 19. hefti. Rvík 1988.  
*Alþingistíðindi 1987-88. Umræður*. 22. hefti. Rvík 1988.  
*Alþingistíðindi 1987-88. Umræður*. 24. hefti. Rvík 1988.  
*Alþingistíðindi 1989-90. Umræður*. 15. hefti. Rvík 1990.  
*Alþingistíðindi 1990. Þingskjöl*. 4. hefti. Rvík 1990.  
*Alþingistíðindi 1990-91. Þingskjöl*. 16. hefti. Rvík 1991.  
*Alþingistíðindi 1990-91. Umræður*. 17. hefti. Rvík 1991.  
*Alþingistíðindi 1990-91. Umræður*. 18. hefti. Rvík 1991.

Banks, Olive: *Faces of feminism. A study of feminism as a social movement*. 2. útg. Oxford 1986.

*Becoming visible. Women in European history*. Ritstj. Renate Britenthal, Claudia Koonz og Susan Stuard. 2. útg. Boston 1987.

de Beauvoir, Simone: *The second sex*. 3. útg. London 1988.

Bonavoglia, Angela: "Abortion and War: Whose choice is it anyway?" *Ms. Magazine*. Vol. 1. no. 5, March/April 1991. 89.

- Congressional Quarterly. Weekly report.* 10 March, 1991, vol. 48, no. 10, 765-775.
- Coole, Diana H.: *Women in political thought. From ancient mysogyni to contemporary feminism.* Hemel Hempstead 1988.
- Davis, Flora: *Moving the mountain. The women's movement in America since 1960.* New York 1991.
- Forvitin rauð.* Útg. Rauðsokkahreyfingin. 3.tlb. jan. (Rvík 1974).
- Forvitin rauð.* Útg. Rauðsokkahreyfingin. 1. mai 1975. (Rvík 1975).
- Fóstureyðingar 1976-83. Helsu breytingar í kjölfar laga nr. 25/1975.* Útg. Landlæknisembættið. (Heilbrigðisskýrslur. Fylgirit 1985 nr. 2). Rvík 1985.
- Fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Nefndarálit, greinargerð og frumvarp til nýrra laga.* Útg. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Rvík 1973.
- French, Marilyn: *The war against women.* London 1992.
- Gerðir kirkjubings 1987.* Rvík 1987.
- Goldman, Emma: *The traffic in women and other essays on feminism.* 2. útg. Novato (California) 1990.
- Katrín Thoroddsen: *Frjálssar ástir. Erindi um takmarkanir barneigna.* Rvík 1931.
- Kristín Ástgeirsdóttir: "Fyrst og fremst einkamál kvenna. Fræðsla um takmarkanir barneigna á Íslandi 1880-1960." *Íslenskar kvennarannsóknir.* Rvík 1985, 50-66.
- Lífjölf.* No. 2, okt. ( Rvík 1986).
- Lífsvon. Fréttabréf Lífsvonar.* 2. tlb. 7. árg. (Rvík 1991).
- Læknablaðið.* 17. árg. 3. tlb. Rvík 1931.
- Læknablaðið.* 18. árg. 8. tlb. Rvík 1932.
- Læknaneminn.* 26. árg. 2. tlb. Rvík 1973.
- Maguire, Daniel C.: "A catholic theologian at an abortion clinic. Weighing reality against doctrine." *Ms. Magazine.* Vol. 13, no. 6, December 1984. 129-132.
- Með hug og orði. Af blöðum Vilmundar Jónssonar landlæknis.* Útg. Þórhallur Vilmundarson. 2. bindi. Reykjavík 1985.
- Morgunblaðið,* 11 mai 1985, 22-23.
- Morgunblaðið,* 3. sept. 1986, 16-17.

*Morgunblaðið*, 22. apríl 1987, 56-57.

*Morgunblaðið*, 14. apríl 1987, 15.

*Ms. Magazine*, vol. 13, no. 9, March 1985, 19.

*Ms. Magazine*, vol. 14, no. 12, Juni 1986, 25.

*New french feminism. An anthology.* Ritstj. Elaine Marks og Isabelle de Courtivron. London 1981.

*Newsweek* July 6 1992, 27.

Schwarzer, Alice: *So fing es an! Die neue Frauenbewegung.* München 1983.

Stopes, Marie: Hjónaástir. (Björg C. Þorláksdóttir íslenskaði og gerði smábreytingar). 2. útg. Rvík 1945.

Tavris, Carol og Wade, Carole: *The longest war. Sex differences in perspective.* 2. útg. London 1984.

*The new Women's movement. Feminism and political power in Europe and the USA.* Ritstj. Drude Dahlerup. 2.útg. London 1988.

Tong, Rosemarie: *Feminist thought. A comprehensive introduction.* London 1989.

*Vera. Blað kvennaframbóðsins í Reykjavík.* 3. des. (Rvík 1982), 2.

*Vera. Tímarit um konur og kvenfrelsi.* 2. tlb. apríl. (Rvík 1991), 23-25.

Wohl, Lís Cronin: "Antiabortion on the rise. How far will it go?" *Ms. Magazine.* Vol. 13, no. 4. October 1984. 135-140.

*Women and the state. The shifting boundaries of public and private.* Ritstj. Anne Showstack Sassoon. 2. útg. London 1989.

*Women. A world report.* London 1985.

*Women in the world. 1975-1985 the women's decade.* Ritstj. Lynne B. Iglitzin og Ruth Ross. 2. útg. Oxford 1986.